

20-21



Vaxandi þungi sagður af hálfu Íslendinga um lagningu sæstrengs

23-27



Ráðstefnan Vöxtur í ferðaþjónustu – er maturinn tilbúinn?

42



Bærinn okkar Stóra-Vatnshorn

# Bændablaðið

6. tölublað 2014 • Fimmtudagur 20. mars • Blað nr. 415 • 20. árg. • Upplag 31.000

## Ísland á Matreiðslumann Norðurlanda 2014

Víktor Örn Andrésson bar sigur úr bítum í Norðurlandakeppni í matreiðslu sem fram fór í Herning í Danmörku síðastliðinn þriðjudag. Hann eldaði forrétt úr þorski og humri. Í aðalrétt var nautahryggur og nautakinn. Í eftirréttinn notaði hann marsipan og lífrænt dökkt súkkulaði. Víktor Örn er yfirmatreiðslumeistari á Lava, Bláa lóninu, og tryggði sér þátttökurétt í Norðurlandakeppninni með sigri í keppni um útnefningu á Matreiðslumanni ársins á Íslandi árið 2013. /smh



## Upprunamerkingar grænmetis í verslunum: Mikill misbrestur í merkingum

„Ég hef ítrekað þrýst á eftirlitsstofnanir að sinna skyldu sinni. Ég hef sent Matvælastofnun og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga afrit af þessum fjórum skýrslum sem ég hef tekið saman frá árinu 2011, þar sem mikill misbrestur í þessum málum hefur komið í ljós að okkar viti,“ segir Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda. Frá árinu 2011 hefur Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda, gert sjálfstæðar úttektir á því hvort matvöruverslanir merki grænmeti í samræmi við reglugerð sem tók gildi

1. september 2009. Þar er kveðið á um að grænmeti og ávextir skuli vera merkt upprunalandi með afgerandi hætti. Úttektir Bjarna komu ekki til af góðu því að eftirlitsaðilinn, heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga, virtist ekki sinna hlutverki sínu að hans mati og misbrestur var á því að verslanir fylgdu reglum. „Ábyrgð smásöluverslunarinnar liggur meðal annars í því að ef um ópakkað grænmeti er að ræða á skuli sjá til þess að upplýsa um uppruna þess og það sé með sýnilegum hætti þar sem varan liggur frammi.“ /smh

– Sjá umfjöllun á bls. 28



Á Möðrudalsöræfum hafa vegagerðarmenn barist vikum saman við að reyna að halda vegum opnum með misjöfnum árangri á meðan snjólétt hefur verið á Suður- og Vesturlandi. Mestu snjóþyngslin hafa verið í uppsveitum og inni á heiðum norðaustanlands og valdið verulegum röskunum á samgöngum og verið mörgum bóndanum til ama. Mynd / Áskell Þórisson

## Mun harðari tollvernd í ESB en á Íslandi

– Langflestar landbúnaðarafurðir sem fluttar eru til Íslands eru án tolla samkvæmt úttekt Inform

Um allan heim tíðkast að ríki verndi og styðji innlenda matvælaframleiðslu, meðal annars með tollvernd. Evrópusambandið (ESB) leggur tolla á nærri tvöfalt fleiri vörutegundir en Ísland. Einnig er það með flókið kerfi innflutningskvóta. Samkvæmt úttekt Alþjóða viðskiptastofnunarinnar (WTO) á fjölda tollalína, sem einstök lönd hafa heimildir til að leggja magnatolla á í innflutningi landbúnaðarvara, þá hefur ESB heimild til að leggja bestukjaratolla á 70% af þeim tollalínum. ESB leggur t.d. hátolla á íslenska skyrið sem þangað er flutt. Á Íslandi nær heimildin einungis til 37,4%. Þetta kemur m.a. fram í úttekt sem ráðgjafar-fyrirtækið Inform ehf. gerði fyrir SAM, Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

**Flestar landbúnaðarvörur fluttar inn án tolla** Í úttekt Inform kemur fram að tollaumhverfið hér á landi sé með svipuðum hætti og tíðkast í löndunum í kringum okkur þar sem innlend framleiðsla er varin af mikilli festu. Ísland sé þó frábrugðið að því leyti að langflestar landbúnaðarafurðir séu fluttar inn til Íslands án tolla. Það á til dæmis við um allt hveiti, kornvörur, pasta, hrísgrjón, sykur, matarolíur, ávexti og grænmeti frá ESB ríkjum. Kjöt og mjólkurvörur eru hins vegar háðar tollvernd í samræmi við reglur milliríkjasamninga um vörflokka sem framleiddir eru í innflutningslandinu. Vekur þetta athygli í ljósi háværrar gagnrýni á liðnum mánuðum við beitingu innflutningstolla

á landbúnaðarvörur. Kallað hefur verið eftir auknu frelsi í þessum efnun og afnámi tolla frá hagsmunaaðilum í verslun og þjónustu sem beita fyrir sig hagsmunabaráttu fyrir neytendur. Einnig hefur stöðugt verið fullyrt að matarkarfan á Íslandi sé dýrari en í öllum löndum sem við miðum okkur við. Tölur Eurostat, hagstofu ESB, sýna hins vegar hið gagnstæða. Meira að segja mjólkinn er töluvert ódýrari hér á landi en bæði í Danmörku og í Bretlandi, eins og framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda hefur sýnt fram á. Á Íslandi byggist fyrirkomulag í viðskiptum með landbúnaðarvörur á samningum WTO, samningum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), yfir 20 fríverslunarsamningum EFTA og samningum við Noreg og Færeyjar.

**ESB beitir líka útflutningsstyrkjum** Fram kemur að ESB greiðir sérstaka styrki til þess að flytja út framleiðsluvörur sem ekki er not fyrir á heimamarkaði, en þeirri aðferð var hætt á Íslandi fyrir meira en tveimur áratugum og útflutningsstyrkir voru felldir niður árið 1992. Slíkar niðurgreiðslur á útflutning hafa mjög verið gagnrýndar víða um heim vegna skaðlegra áhrifa á atvinnu í þeim ríkjum sem vörurnar eru fluttar til, ekki síst í þróunarríkjum. **90% aðeins til heimabruks** Aðeins 10% af landbúnaðarframleiðslu heimsins eru seld á milli ríkja. Hin 90% eru til neyslu og vinnslu á heimamarkaði. Þetta þýðir að aðgengi að landbúnaðarvörum

milli landa er mjög takmarkað, sem skýrir vel mikla og vaxandi áherslu þjóða á fæðuöryggi samfara fjölgun mannkyns. Kínverjar hafa t.d. unnið mjög markvisst í þessum málum með kaupum á landbúnaðarlandi og fyrirtækjum um allan heim til að tryggja sínum íbúum aðgengi að mat. Niðurfelling tolla er yfirleitt samningsatriði í viðskipta-samningum landa á milli. Einhliða niðurfelling Íslands á tollum án þess að nokkuð fengist í staðinn væri því slæmur afleiður að mati skýrsluhöfundar Inform. Eigi að síður eru margir þeirrar skoðunar að tollvernd á landbúnaðarvörum muni minnka á næstu áratugum. Talið er að það muni einkum gerast með mikilli fjölgun tvíhliða samninga sem þjóðríki leggja nú aukna áherslu á, en ekki á vettvangi WTO. /HKr.



## Fréttir

# Málþing um Skaftfelling

Haldið verður málþing um vélbátinn Skaftfelling laugardaginn 29. mars í Leikskálum í Mýrdal kl. 14-17. Um leið verður formlega endurvakið áhugamannafélag um Skaftfelling sem Sigrún Jónsdóttir stofnaði árið 2000. Félagið hafði það markmið að koma Skaftfellingi heim og byggja um hann safn.

Happaskipið Skaftfellingur er verðugt hamingjuskip sem bjargað hefur mörgum mannlífum og verður varðveitt sem minnisvarði um þá merku Skaftfellinga sem stuðluðu að smíði og komu þessa skips hingað til lands árið 1918. Allir íbúar sýsnanna tveggja voru hinir raunverulegu eigendur því að tæpast fannst svo fátækt vinnuhjú að það hefði ekki lagt fram a.m.k. eina krónu í stofnsjóð til smíði skipsins.

Fundarstjóri verður Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Mýrdals-hrepps og stjórnarformaður Kötluaseturs.

## Mýraeldahátíð 2014

Búnaðarfélag Mýramanna mun halda Mýraeldahátíð í Lyngbrekku laugardaginn 5. apríl. Mýraeldahátíð er haldin annað hvert ár til þess að minnast sinubrunans sem geisaði í Hraunhreppi í Mýrasýslu 30. mars–2. apríl 2006.

Hátíðin er nú haldin í fjórða sinn og hefst með opnum hvatafundi í Lyngbrekku fimmtudagskvöldið 3. apríl kl. 20.30 þar sem kynnt verða ýmis sóknarfæri í íslenskum landbúnaði.

Á fundinum munu þau Hlédís Sveinsdóttir, Finnogi Magnússon og Sigurður Friðleifsson flytja erindi, og eru allir velkomnir.

Dagskrá hátíðarinnar hefst svo kl. 13. 00 laugardaginn 5. apríl í Lyngbrekku þar sem ýmis fyrirtæki kynna vörur og þjónustu. Einnig verður ýmiss konar bændasprell þar sem m.a. er tekist á við Mýranautið sjálft. Um kvöldið verður kvöldvaka þar sem fram koma m.a. tónlistarfólk úr héraði, Drengjakór íslenska lýðveldisins, Jóhannes Kristjánsson og fleira skemmtilegt.

Hátíðinni lýkur svo um kvöldið með dansleik þar sem hinn síungi sveiflukóngur Geirmundur Valtýsson mun sjá um fjörið.

## Sólheimar: Ráðstefna um samræktun

Háskóli Íslands efnir til ráðstefnu um samræktun (e. aquaponics) þriðjudaginn 25. mars kl. 8.30-16.30. Ráðstefnan fer fram að Sólheimum og fer fram á ensku.

Samræktun er umhverfisvæn tækni sem sameinar fiskeldi og ræktun plantna í eitt framleiðsluform. Framleiðslan fer þannig fram að næringarríku affallsvatni frá fiskeldinu er veitt í plönturæktunina þar sem plönturnar nýta næringarefni og koldíoxíð til vaxtar. Þær skila síðan vatninu hreinu og súrefnisríku aftur í fiskeldið. Þannig nýtir aquaponics-kerfið öll hráefni á umhverfisvænan og hagkvæman hátt.

Á ráðstefnunni verður fjallað um notkun samræktunar víða um heim en unnið er að þróun aðferðarinnar innan evrópsks samstarfsnets undir Leonardo-endurmenntunaráætlun Evrópusambandsins.

Ráðstefnan er opin öllum, skráning með tölvupósti á [aquaponics@aquaponics.is](mailto:aquaponics@aquaponics.is). Skráningargjald er 5.000 krónur (kaffi og hádegisverður innifalinn).



Bæjarhúsin í Litlu-Ávík standa fyrir ofan Ávík og eru undir vesturhlíðum Reykjanesshyrnu. Til norðvesturs er útsýni beint inn Norðurfjörðinn.

Vetrarrúningur í Litlu-Ávík í Árneshreppi:

# Sigursteinn bóndi klippir enn þó kominn sé vel á áttræðisaldur

**Bændur í Árneshreppi á Ströndum hafa verið við vetrarrúning, eða svonefnda snoðklippingu, nú undanfarið. Sigursteinn Sveinbjörnsson, bóndi í Litlu-Ávík, hefur alltaf getað klippt sitt fé sjálfur. Hann hefur líka klippt talsvert á öðrum bæjum í gegnum tíðina en hætti því fyrir þrem árum. Hann fæddist 28. september 1938 og er því kominn á sjötugasta og sjötta aldersárið.**

Sigursteinn er nú með nær 260 fjár á fóðrum. Fyrri rúningur hjá honum fer fram eins og hjá mörgum öðrum á haustin þegar fé er tekið inn á gjöf en nú var hann að taka vetrarklippinguna og ná af því snoðinu.

„Maður reynir að taka af eins snemma og hægt er á haustin til að ná ullinni fyrsta flokks,“ sagði Sigursteinn þegar Bændablaðið sló á þráðinn til hans síðastliðinn laugardag. Sagði hann að frá honum færi ullin í þvottastöð á Blönduósi og síðan til vinnslu hjá Ístexi í Mosfellsbæ.

Hann segist hafa rúið sitt fé sjálfur alla tíð. Fyrst hafi það nú bara verið gamli góði vasahnífurinn en þá var bara tíðkað að rýja á sumrin. Barkaklippur með bensínmotor hafi svo komið 1966. Þá hafi hann farið að klippa hjá öðrum bændum í Árneshreppi líka og það hafi undið upp á sig. Fljótlega hafi svo komið þægilegri rafmagnsklippur til að rýja féð.

### Ómskoðun og fósturvísitalning

Nokkur ár eru síðan farið var að ómskoða fé í hreppnum, en það verður nú gert í fimmta sinn. Reiknaði Jón með að ómskoðun færi fram nú í seinni hluta mars og verður þá hægt að telja fósturvísu og sjá þá hvað verður einlembt, tvílembt, þrílembt eða hverjar eru hreinlega geldar.

### Tveir hálfbræður hjálpast að við búskapinn

Jón Guðbjörn Guðjónsson, veðurathugunarmaður í Litlu-Ávík



Sigursteinn Sveinbjörnsson kann greinilega tókin við rúninguna og ófár kindur hafa fengið snoðklippingu hjá honum í gegnum tíðina.

Mynd / Jón Guðbjörn Guðjónsson

og hálfbróðir Sigursteins, hafði samband við Bændablaðið í síðustu viku og sagði að þeir byggju nú tveir í Litlu-Ávík hvor í sínu húsinu og hjálpuðust að við búskapinn. Þar sæi hann m.a. um eldamennskuna. Báðir eru fæddir og uppaldir í Litlu-Ávík og sagði Jón að til gamans mætti geta þess að þrjú systkini hans væru fædd í september og hafi því komið því undir um jól eða um fengitímann í fjárhúsunum.

### Halda tryggð við fæðingarstaðinn

Sigursteinn hefur búið alla tíð í Litlu-Ávík, utan þess að hann var tvær vetrarvertíðir í Sandgerði. Jón Guðbjörn flutti hins vegar að heiman en segist þó alltaf hafa verið með annan fótinn í Litlu-Ávík og byggði sér þar hús. Hefur hann m.a. séð um veðurathuganir á svæðinu og flugvöllinn í Gjögri.

### Litill snjór og líklega gott sumar fram undan

Jón segir lítinn snjó vera á láglendi og

snjór hafi ekki verið til mikilla ama í vetur nema helst á vegum. Hann segir að þeir hafi sloppið vel við kal í fyrrasumar og telur að svo verði einnig núna. Sagðist hann gera sér vonir um að sumarið yrði gott, en alltaf mætti búast við leiðinda kulda við Húnaflóann í kringum burðinn í vor eins og venjulega.

Sigursteinn var sama sinnis og sagðist vonast til að sumarið yrði gott þó hann væri svo sem enginn spámaður.

„Það hefur enginn snjór verið hér í vetur svo nokkru nemur, það er helst núna að eitthvað snjóar.“ Sagði hann enginn svell á túnnum og þó að einhver klaki kæmi núna styttest í vorið þannig að ólíklegt væri að slíkt ylli kali.

Spurður um samgöngur sagði hann að alltaf væri haldið opnum vegi á milli flugvallarins í Gjögri og Norðurfjarðar. Annars hefði ófærð ekki verið mikið vandamál í vetur og oftast fært til Hólavíkur þegar á þyrfti að halda.

Sigursteinn sagðist hafa alfarið tekið við búinu af fósturföður sínum

Guðjóni, föður Jóns, árið 1978, en fram að því hafi þeir verið saman með búskapinn. Sagði hann að þótt þeir bræður væru nú bara tveir eftir í Litlu-Ávík leiddist sér ekkert.

### Rekaviðurinn nýttist vel

„Ég hef alltaf nóg að gera og þegar ég er ekki að sinna fénu hef ég verið að vinna rekavið.“ Hann segir að rekaviðurinn hafi verið nýttur í staura auk þess sem hann sagaði mikið í borðvið. Þá væri rekaviðurinn fyrirtaks eldsneyti til að kynda húsin.

Hann sagði mjög misjafn hve mikið kæmi af rekaviði milli ára. Þá væri mjög farið að draga úr rekanum frá því sem áður var og greinilegt að skógarbændur í Síberíu væru farnir að passa betur upp á bolina sem fleytt væri niður árnar. Timbrið sem færi þar í sjóinn ræki upp að Grænlandsströndum, þar sem það festist oft í ísnum og þá mislengi. Viðurinn virtist þó oftast vera að skila sér upp í fjörunar á Ströndum sjö til átta árum eftir að hann færi í hafið.

„Mestur var rekinn 1966. Þá rak óhemjumikið árið eftir ísaveturinn. Síðan hefur ekki verið neinn stórreki. Árið 2000 fór þó mikið af trjábolum í hafið í Síberíu og á árinu 2008 fór að reka talsvert hér upp í fjörunar. Líklega er það sami viðurinn, án þess að maður geti svo sem nokkuð fullyrnt um það.“

### Engin sjálfsbjargarviðleitni til í fólkí lengur

Sigursteinn sagðist þó furða sig á því hve fáir nýttu sér rekaviðinn sem eldsneyti þar sem hann lægi þarna um allar fjöru. Það væri einkennilegt að fólk vildi heldur nota dýrt rafmagn til að kynda húsin. Sjálfur væri hann vissulega með rafmagnstúbu líka en hann kynti þó aðallega með rekaviði.

„Að visu þarf að hafa svolítið fyrir þessu en ég skil þetta samt ekki. Það er greinilega engin sjálfsbjargarviðleitni til í fólkí lengur,“ sagði þessi eldhressi Strandamaður.

/HKr.



# Makita VERKFAERADAGAR

Við bjóðum sérstakt tilboðsverð á völdum Makita vélum meðan birgðir endast í verslunum okkar að Krókhálsi 16 í Reykjavík og Lónsbakka á Akureyri.

## Rafhlöðuborvél - 18V - Kolalaus mótur -

Módel DDF480RM3J  
Gerð lithíumrafhlöðu: 18V / 4,0 Ah  
Hleðslutími: 36 mín.  
Afl: 60 Nm  
Stærð patrónu: 1,5-13 mm  
3 rafhlöður fylgja  
Þyngd: 1,8 kg

3 rafhlöður fylgja



**TILBOÐ**  
kr. 79.900,-

## Bútsög

Módel LS1216FLB  
Stærð mótors: 1650 W  
Ø Stærð sagarblaðs: 305 mm  
Hámarks þykkt í sögun í 90°: 102 mm  
Hámarks þykkt í sögun í 45°: 69 mm  
Snúningur hægri: 60°  
Snúningur vinstri: 52°  
Hallar í 45° Vinstri og hægri  
Laser á sagarblaði - útdraganlegt 38,2 cm  
Þyngd: 26,7 kg



**TILBOÐ**  
kr. 225.000,-



**TILBOÐ:** Standur fyrir bútsög fylgir með í verði ásamt Multisög TM3010CX3J (230V)

## Bútsög

Módel LS1016FLB  
Stærð mótors: 1510 W  
Ø Stærð sagarblaðs: 260 mm  
Hámarks þykkt í sögun í 90°: 94 mm  
Hámarks þykkt í sögun í 45°: 58 mm  
Snúningur hægri: 60°  
Snúningur vinstri: 52°  
Hallar í 45° Vinstri og hægri  
Laser á sagarblaði - útdraganlegt 30 cm  
Þyngd: 24,2 kg



**TILBOÐ**  
kr. 195.000,-



**TILBOÐ:** Standur fyrir bútsög fylgir með í verði ásamt Multisög TM3010CX3J (230V)

## Veltisög

Módel LF1000  
Stærð mótors: 1650 W  
Ø Stærð sagarblaðs: 260 mm  
Hámarks þykkt í sögun í 90°: 72 mm  
Hámarks þykkt í sögun í 45°: 50 mm  
Snúningur vinstri: 45°  
Snúningur hægri: 45°  
Hallar vinstri: 45°  
Ristisög í 90°: 70 mm  
Þyngd: 36 kg



**TILBOÐ**  
kr. 149.000,-



**TILBOÐ:** Multisög TM3010CX3J (230V) fylgir með í verði

## Borðsög

Módel 2704W  
Stærð mótors: 1650 W  
Ø Stærð sagarblaðs: 260 mm  
Góður standur á hjólum fylgir  
Auðvelt að stilla vinnuhæð.  
Þyngd: 34,9 kg



**TILBOÐ**  
kr. 185.000,-



**TILBOÐ:** Multisög TM3010CX3J (230V) fylgir með í verði

## Bor & brotvél SDS-MAX

Módel HR4011C  
Stærð mótors: 1100 W  
Afl (EPTA 05/2009): 6,2 J  
Hámarksstærð bora í stein: 40 mm  
Vibringur (ah): 7,5 m/s<sup>2</sup>  
Þyngd: 6,6 kg



**TILBOÐ**  
kr. 140.000,-



**TILBOÐ:** SDS+ höggborvél HR2470 fylgir með í verði.

## Brotvél SDS-MAX

Módel HR1203C  
Stærð mótors: 1510 W  
Snúningur: 950-1900 /min.  
Afl (EPTA 05/2009): 19,1 J  
Vibringur (ah): 7 m/s<sup>2</sup>  
Þyngd: 9,7 kg



**TILBOÐ**  
kr. 140.000,-



**TILBOÐ:** SDS+ höggborvél HR2470 fylgir með í verði.

## Rafhlöðuvélasett - 6 tæki í einu setti

Gerð lithíum rafhlöðu: 18V / 3,0 Ah  
Hleðslutími á rafhlöðu: 22 mín.  
Borvél: BHP458  
Hjólsög: BSS610  
Höggskrúfvél: BTD146  
Sverðsög: BJR181  
Slípirokkur: BGA452  
Ljós: BML185  
4 rafhlöður fylgja í settinu  
Góð taska fylgir með



**TILBOÐ**  
kr. 198.000,-

4 rafhlöður fylgja

Þessi tilboð gilda aðeins í verslunum okkar að Krókhálsi 16 og Lónsbakka á meðan birgðir endast. Allt verð er tilgreint með virðisaukaskatti 25,5%



## Fréttir

## Styrkir til bænda vegna jarðræktar og hreinsunar affallsskurða

Bændasamtök Íslands auglýsa nú eftir umsækjendum um jarðræktarstyrki vegna framkvæmda á árinu 2014. Opnað verður fyrir rafrænar umsóknir í Bændatorginu 21. mars næstkomandi. Á Bændatorginu geta bændur skráð sig inn á auðkenni sínu og sótt um jarðræktarstyrki með rafrænum hætti eins og fyrri ár. Umsóknarfrestur er til 10. september 2014.

Rafræna umsóknin í Bændatorginu er samtengd við JÖRÐ, skýrsluhaldsforrit í jarðrækt. Upplýsingar um tún (spildur) o.fl. eru sóttar beint í JÖRÐ.IS þegar rafræn umsókn er útfyllt í Bændatorginu. Mikilvægt er því að yfirfara skráningar um spildur í JÖRÐ.IS áður en gengið er frá umsókn um jarðræktarstyrki. Umsóknum er einnig hægt að skila á skrifstofu Bændasamtaka Íslands á sérstökum eyðublöðum sem samtökin láta í té.

### Jarðrækt og hreinsun affallsskurða

Framlög til jarðræktar fara eftir verklagsreglum Bændasamtaka Íslands nr. 708/2013 um framlög til jarðaræktar og hreinsunar affallsskurða sem Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur staðfest.

Verklagsreglurnar fjalla um ráðstöfun fjármagns úr jarðræktarsjóði vegna jarðræktar- og hreinsunar affallsskurða, skv. 5.gr. samnings um verkefni samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998 og framlög til þeirra á árunum 2013 til 2017, dags. 28. september 2012 sbr. grein 6.4 í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, dags. 10. maí 2004, með síðari breytingum, og grein 4.5 í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, dags. 25. janúar 2007, með síðari breytingum.

### Styrkir vegna sáningar háðir lágmarksstærð lands

Framlög eru veitt til sáningar á ræktarlandi þar sem korn-, tún-, græn fóður- og olíujurtarækt er ætluð til fóður- og matvælaframleiðslu, beitar eða iðnaðar. Framlög eru aðeins veitt ef heildarflatarmál ræktunar er a.m.k. 2 ha. og er uppskera kvöð.

Framlag á hvern ha. fyrir hvert bú er kr. 17.000 á ha. frá 1–30 ha. og kr. 12.000 á ha. frá 30–60 ha. Framangreind stærðarmörk eru 2,5 sinnum hærri á svínabúum. Framlög skerðast á hvern ha. hlutfallslega ef

fjármunir hrökkva ekki til. Framlög má veita til upphreinsunar á stórum affallsskurðum sem taka við vatni af stórum landsvæðum. Skilyrði er að skurðirnir séu hreinsaðir bakka á milli og séu minnst 6 metra breiðir að ofan, og heildarlengd sé a.m.k. 100 metrar.

### Skilyrði samkvæmt verklagsreglum

Skilyrði þess að verkefni njóti framlags er að fram hafi farið úttekt sem viðurkenndir úttektaraðilar sjá um. Bændasamtök Íslands hafa sett verklagsreglur nr. 707/2013 um framkvæmd úttekta vegna framlaga til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur staðfest.

Til að standast úttekt vegna jarðræktar þarf að liggja fyrir fullnægjandi túnkort af ræktarlandinu, t.d. úr túnkortagrunni Bændasamtaka Íslands sem eru aðgengileg í JÖRÐ.IS. Vanda skal til verka þegar ræktunarspildur eru hnitaðar inn í viðurkenndum kortagrunni. Þegar ræktað er aðeins í hluta af túni sem hægt er að vísa í á túnkorti og/eða þegar um nýbrotið land er að ræða sem ekki hefur verið mælt á túnkorti, ber umsækjanda að framvísa fullnægjandi túnkorti sem afmarkar ræktunina. Þegar metið er hvort túnkort er fullnægjandi skal byggja það mat á því hvort fagaðili hafi teiknað og mælt viðkomandi ræktun.

Til að standast úttekt vegna hreinsunar affallsskurða þarf að liggja fyrir fullnægjandi kort yfir skurði með tilheyrandi upplýsingum sem sótt er um styrk til að hreinsa. Úttektaraðili sannreynir að öll skilyrði til styrkveitingar eru uppfyllt.

### Umsóknir skráðar í gagnagrunn

Allar umsóknir eru skráðar í þar til gerðan gagnagrunn í Bændatorginu með tengingu við JÖRÐ.IS eins og áður hefur komið fram. Þar eru einnig skráðar allar úttektir og hnitsettar. Skráðar eru upplýsingar um ræktunina svo sem tegundir og yrki, ræktunarár, landnúmer samkvæmt Fasteignaskrá ríkisins þess lands þar sem ræktunin á sér stað og búsnúmer umsækjanda. Úttektum skal að jafnaði vera lokið fyrir 15. nóvember ár hvert og eru styrkir greiddir fyrir árslok.

Í Bændatorginu er hægt að nálgast frekari upplýsingar um verklagsreglur um framlög og úttektir.



Gríðarlegt fannfergi hefur verið við utanverðan Eyjafjörð og þykk svellalög á túnnum inn til landsins, sérstaklega í Hörgárdal þar sem raunin varð sú í fyrravor að umtalsvert kal var í túnnum.

# Líkur á kalskemmdum aukast dag frá degi

„Og það sem verra er þá aukast líkur á kalskemmdum í ár dag frá degi, en svellalög hafa legið á túnnum vel á annan mánuð við utanverðan Eyjafjörð og Öxnadal,“ sagði Trausti Þórisson, bóndi á Hofsá og fráfaramandi formaður Félags eyfiskra kúabænda, á aðalfundi félagsins fyrir skömmu. Hann rifjaði í ávarpi til fundarins upp að undanfarin misseri hefðu náttúruöflin minnt rækilega á sig.

### Þykk svellalög

Gríðarlegt fannfergi hefði verið við utanverðan Eyjafjörð og þykk

svellalög á túnnum inn til landsins, sérstaklega í Hörgárdal þar sem raunin varð sú í fyrravor að umtalsvert kal var í túnnum.

„Margir hafi þurft að kaupa hey, „og má segja að stanslausir heyflutningar hafi verið inn á svæðið langt fram á vor.“

Frá Norður- og Austurlandi bárust 114 umsóknir til Bjargráðasjóðs vegna kals.

„Það segir sig sjálft að eftir fjögur ár með verulegum fjáruhlátum er sjóðurinn illa í stakk búinn að bæta að fullu þau stórtjón sem urðu hér á svæðinu 2013,“ sagði Trausti og bætti við að líkur á kalskemmdum á komandi vori ykjast dag frá degi.

### Stóráfallatrygging?

Trausti kvaðst taka undir orð Sigurgeirs Hreinssonar, framkvæmdastjóra BSE, sem sagði í samtali við Bændablaðið fyrr á þessu ári að leiðinlegt væri að fara á fund stjórnvalda með bedlistaf í hvert sinn sem áföll dyndu yfir. Trausti velti því fyrir sér hvort bændur ættu að fá tryggingafélögin til að bjóða upp á stóráfallatryggingu.

„Ljóst er þó í mínum huga að iðgjöld af slíkum tryggingum verða há og óvíst að tryggingafélögin leggi í að hafa þær í boði, allavega ekki á meðan Bjargráðasjóður er til staðar.“

/MÞÞ

## Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarfélags Eyjafjarðar: Málum ekki skrattann á vegginn

– Svell hafa legið lengi yfir túnnum víða norðanlands

„Eins og gengur er misjafnt hljóð í bændum en þeir eru almennt í góðu jafnvægi og ætla sér ekki að mála skrattann á vegginn,“ segir Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarfélags Eyjafjarðar. Mikill snjór er enn víða á norðanverðu landinu og þá hafa svell legið lengi yfir túnnum hér og hvar í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum. Ómögulegt er þó á þessari stundu að segja fyrir um hverjar afleiðingarnar geti orðið.

### Enginn að væla neitt

Sigurgeir segir að vissulega hafi menn áhyggjur af því að kal geti orðið nokkuð á einstaka svæðum í héraðinu, „en hér er enginn að væla neitt, best að sjá hverju fram vindur og hvernig þetta mun allt koma út þegar vorar,“ segir hann. Til lukku segir hann að svell séu meiri en var í fyrravetur og á þeim göt hér og hvar, þau séu ekki jafn samfelld yfir öllu eins og var.

„Ég held að menn hafi ekki eins miklar áhyggjur af því að afleiðingarnar verði jafn skelfilegar og þær urðu í fyrravor, sem betur fer er ekki útlit fyrir að ástandið verði jafn slæmt og raunin varð þá.“

### Meiri óvissa núna

Í fyrravetur hafi fljótt verið ljóst í hvað stefndi, en óvissan sé meiri



Fé rekið í Fjörður í fyrravor.

núna og því ástæða til að halda í bjartsýni um að ekki fari allt á versta veg. Mestu hættusvæðin segir Sigurgeir vera innst í Hörgár- og Öxnadal og eins megi gera ráð fyrir að eitthvert kal verði í túnnum hér og hvar austur í Þingeyjarsýslu.

Þá nefnir Sigurgeir að gríðarlega mikill snjór sé víðast hvar upp til fjalla, en á móti hafi verið snjólétt niður við sjó og upp undir 100 metra yfir sjávarmál. Hitastig hafi oft verið kringum núllið og snjócoma eða slydda gjarnan upp til fjalla á meðan rigndi eða var úrkomulaust neðar.

### Giskar á að lömb verði væn í haust

Feikimikill snjór er t.d. í Bárðardal, innst í Öxnadal og í Skíðadal en á flatlendi er víða svo til snjólaust. Sigurgeir segist sér til skemmtunar leyfa sér að giska á að lömb muni koma óvenju væn og feit af fjalli á komandi hausti. Svo verði iðulega þegar mikill snjór er til fjalla, hann sé þá að bráðna fram eftir öllu sumri og féð hafi aðgang að nýgræðingi og góðri beit langt fram á sumar.

/MÞÞ



Hægt að fá heila gluggahlíð

### Sánatunna - frábært gufubað

Frumlega hönnuð og hagnýt hágæða Sánatunna er tilvalinn kostur. Í Sánatunni er gott að hvílast, endurnýja orkuna og einbeita sér. Sánaðir hreinsar ekki aðeins líkamann, heldur einnig andann. Farðu reglulega í gufubað og jákvæð áhrif á heilsuna verða augljós.

Tunna er einnig fánleg sem Sveftunna eða heitur viðarpottur. Hentar sérlega vel þar sem ekki er heitt vatn eða rafmagn. Hagstæð verð.

## BLIKKÁS – FUNI

Smíðjuvegi 74 – 200 Kópavogi – Sími 515 8701

Nánari upplýsingar á [www.funi.is](http://www.funi.is)

## Sýningar-Sánatunna á staðnum



Bændablaðið  
Kemur næst út  
**3.  
apríl**

**STEYPUSTYRKJARJÁRN,  
LYKKJUR OG JÄRNAMOTTUR**

**STJÖRNUBLIKK**  
Sölubætur • Flenski • Ljósmyndun

*Sökj og gæð þjónustan*

Smíðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201

**BÁRUJÁRN**  
ALUSINK OG LITAD ALUSINK  
PLÖTUR KLÆÐA 107 CM

**NÝJUNG**  
VATNSRÁS

**VEGGKLÆÐNINGAR  
OG FLASNINGAR**

**STJÖRNUBLIKK**  
Sölubætur • Flenski • Ljósmyndun

*Sökj og gæð þjónustan*

Smíðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

**Eru minningarnar að glatast?**

**Gerðu ráðstafanir áður en þær glatast að eilífu**

**BERGVÍK**

Færum mynd og hljóðefni  
yfir á dvd/stafrænt form

[www.bergvik.is](http://www.bergvik.is)  
Sími: 577-1777  
Nethyl 2D  
bergvik@bergvik.is

**Thermia / Danfoss varmadælur - Gæði og þjónusta**

Thermia eru mest seldu jarðvarmadælnar á Íslandi, yfir 30 ára reynsla!

**SWEP** varmaskiptar í öllum stærðum á frábæru verði. Hægt að fá þá með eða án einangrunar.

**Grundfos UPS** hringrásadælur 25/60 og 32/80 á lager.

Hitatúpur með hringrásadælu, veðurstýringu og penslukeri. Sjálfvirk loft og lágspennuvörn tryggir endingu. 3 ára ábyrgð

- Hafðu samband og við reiknum út fyrir þig mögulegan orkusparnað þér að kostnaðarlausu.
- Höldum kynningar fyrir sveitafélög, sumarbústaðarfélag og aðra sem þess óska.

**VERKLAGNIR.IS**  
Sími: 517 0270  
Sérfræðingar í varmadælum!

VARMADÆLUR - VARMASKIPTAR - KÆLIKERFI - HITATÚPUR - HITAKÚTAR - INNHRINGIBÚNAÐUR - HITASTJÓRNBÚNAÐUR - HRINGRÁSADÆLUR - JARÐVEGSLAGNIR - TÖLVUKÆLAR

**SWEP** **DAIKIN** **GRUNDFOS** Smíðjuvegur 70 - 200 Kópavogur [www.verklagnir.is](http://www.verklagnir.is) - [info@verklagnir.is](mailto:info@verklagnir.is)

\* Samkvæmt prófunum á vegum Sænsku Orkustofnunarinnar

**Nova X-Dry**  
-rakadrægt og sótthreinsandi

**Einstakt undirburðarefni fyrir stíur og bása**

- Þurrkar
- Eyðir lykt
- Sótthreinsar
- Minnkar hættu á sýkingu
- Dregur úr vaxtarskilyrðum flugna og annarra skordýra

**NOVADAN**  
Innovators in Cleaning

**Nova X-Dry**  
Hygiene powder  
Hygiene control  
High quality

15 kg

**Nova X-Dry getur innbyrt allt að tvöfalda þyngd sína af raka**

**kemi**

Kemi • Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík • [www.kemi.is](http://www.kemi.is) • Sími: 415 4000  
Opíð: Mánudag - fimmtudags: Frá kl. 8.00 - 17.30. Föstudaga: Frá kl. 8.00 - 17.00



# Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.200 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.600. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300– Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279  
Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) [hk@bondi.is](mailto:hk@bondi.is) – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason [tjorvi@bondi.is](mailto:tjorvi@bondi.is)  
Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir [mth@bondi.is](mailto:mth@bondi.is) – Freyr Rögnvaldsson [fr@bondi.is](mailto:fr@bondi.is) – Sigurður M. Harðarson [smh@bondi.is](mailto:smh@bondi.is)  
Auglýsingastjóri: Erla H. Gunnarsdóttir [ehg@bondi.is](mailto:ehg@bondi.is) – Sími: 563 0303 – Myndvinnsla og frágangur: Prentsníð.  
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er [bbl@bondi.is](mailto:bbl@bondi.is) Netfang auglýsinga er [augl@bondi.is](mailto:augl@bondi.is) Vefsíða blaðsins er [www.bbl.is](http://www.bbl.is)  
Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Landsprent og Íslandsþóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

## LEIÐARINN

# Vísindin efla alla dáð

Umræða um landbúnaðarmál getur tekið á sig ýmsar birtingarmyndir. Margir sjá ástæðu til þess að víðra sjónarmið sín um málefni er tengjast bændum, afurðum þeirra, framleiðsluháttum, starfsumhverfi og hagsmunasamtökum bænda. Hverjum og einum er að sjálfsögðu frjálst að hafa sínar skoðanir á landbúnaðarmálum en eðlilegt er að gera þá kröfu að menn gæti sanngirni í málflutningi og meðhöndlun gagna.

Því miður virðast sumir kjósa að fjalla um mál með því að ákveða fyrst hver niðurstaðan á að verða og leita síðan að rökum fyrir henni. Oftast er einskis svifist við þá leit; ef rökin finnast ekki eru þau bún til. Allt er túlkað eftir fyrir fram gefnum niðurstöðum og aldrei litið nema á eina hlið mála. Það má segja að þeir sem þetta stunda séu fastir í hlekjum hugarfarsins, því þeir hlusta aldrei á röksemdir annarra og endurtaka sífellt það sama, líklega í því augnamiði að dropinn holi steininn.

Þórólfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands, hefur farið mikinn í greinaskrifum í Fréttablaðinu og Vísbendingu að undanfögnu. Þó svo að röksemdafærsla hans byggist yfirleitt á opinberum gögnum er meðhöndlun og framsetning oft á tíðum gagnrýnisverð. Í grein sem birtist nýverið í 8. tbl. Vísbendingar meðhöndlar prófessorinn gögn Hagstofunnar með afar frjálsglegum hætti. Þar velur hann að birta afkomutölur landbúnaðarins með því að draga framleiðslustyrki frá tekjum til að sýna fram á neikvæða afkomu. Prófessorinn kallar þessa framsetningu sína „smá

útsjónarsemi“ en Hagstofan birtir hins vegar afkomu í landbúnaði án þess að draga hluta tekna frá og fær eðlilega allt aðra niðurstöðu. Hvorki Þórólfur né þeir fjölmiðlar sem hafa tekið þennan málflutning gagnrýnislaust upp hirða um að greina frá hinu augljósa. Ef ekki væru niðurgreiðslur á búvörum yrði afurðaverð einfaldlega að vera hærra, sem þýðir hærra smásöluverð til neytenda.

Svo má velta fyrir sér. Ef afkoma landbúnaðarins væri jákvæð, þ.e. hagnaður fyrir framleiðslustyrki. Hvað myndu skattgreiðendur þá segja? Væri þá verið að greiða bændum styrki sem hvergi sæi stað í verðlagningunni og bændur hefðu enga þörf fyrir í ljósi þess að afgangur væri áður en niðurgreiðslurnar kæmu til?

Það er óumdeilt að við núverandi aðstæður er afkoman neikvæð án styrkja. En það segir okkur líka að styrkjunum er skilað aftur til almennings í formi lægra matvælaverðs. Það má því með góðum vilja segja að kerfið sé að virka! Það heldur verðinu í skefjum. Ýmislegt annað í málflutningi Þórólfs Matthíassonar er kunnuglegt og hefur margoft verið svarað án sýnilegs árangurs. Þrátt fyrir að stuðningur við landbúnað sé föst upphæð árlega sem ræðst ekki af framleiðslumagni er því enn haldið fram að útflutningur landbúnaðarvara sé niðurgreiddur og ekki tekið tillit til þess gjaldeyris eða þeirra starfa sem skapast. Einnig er kunnuglegur málflutningur þess efnis að ekki sé færð til gjalda úthagabeit húsdýra. Þar virðast ekki alveg hafa skilað

sér þau skilaboð að bændur leggja mikla áherslu á sjálfbæra landnotkun og að þeir hafi alla tíð verið megin-drifkraftur í landgræðslu á Íslandi. Sumir spyrja sig hvort þess sé að vænta að háskólaprófessorinn muni í sínum kúnstugu útreikningum leggja til að færa til gjalda afnotagjöld af sólinni. Eða hvort hann leggi til að allir notendur náttúrunnar á Íslandi eigi að greiða fyrir afnotin – og þá væntanlega fá greitt fyrir það sem þeir leggja til á móti.

Þórólfur Matthíasson fékk árið 2012, í krafti upplýsingalaga, ársreikninga Bændasamtakanna afhenta frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Nýverið létu Bændasamtökin Háskóla Íslands í té ársreikninga samtakanna fyrir árin 2011–2013. Það vekur að sjálfsögðu upp ýmsar spurningar. Óskar Háskóli Íslands reglulega eftir ársreikningum félagasamtaka í landinu? Er einhver fræðilegur tilgangur þar að baki? Ef svo er; í hvers konar vísindastarf eru slíkar upplýsingar helst notaðar við Háskólann? Hver greiðir fyrir slíkar rannsóknir?

Þeir sem starfa í landbúnaði sýna vísindarannsóknunum við Háskóla Íslands mikinn skilning og átta sig á mikilvægi þeirra. Séu fjárreiður Bændasamtakanna sannanlega andlag vísindarannsókna á vegum starfsmanna Háskóla Íslands eru samtökin að sjálfsögðu reiðubúin að liðka fyrir um slíkt rannsóknastarf.

### Af forystusætum og valdastólum

Ár hvert fá Bændasamtökin fjölmargar óskir um stuðning af einhverju tagi og því hafa samtökin

stutt við margvísleg verkefni. Má þar nefna Nýsköpunarkeppni grunnskólanna, Mæðrastyrksnefnd, nemendafélag Landbúnaðarháskólans og fleira. Þá var m.a. stutt við gerð sjónvarpsþáttanna „Stóra þjóðin“ og „Hið blómlega bú“ sem hvorir tveggja voru sýndir á Stöð 2.

Sérkennilegt upphlaup varð í vikunni út af gömlum húsgögnum sem Bændasamtökin lánuðu Heimssýn, baráttusamtökum gegn aðild að ESB. Samtök bænda og Heimssýn hafa unnið saman að baráttu gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu og auk hinna margfrægu húsgagna hafa Bændasamtökin stutt við starf Heimssýnar með fjárframlögum undanfarin ár. Á nýliðnu búnaðarþingi tók fjárhagsnefnd þó ákvörðun um að veita Heimssýn ekki fjárhagslegan stuðning vegna ársins 2014.

Umræða um þessi húsgögn hefur kallað fram umræðu um fjármögnun samtaka bænda víða í samfélaginu. Það er því mikilvægt að minna á að Bændasamtökin eru félagasamtök og í bókhaldi þeirra er skilið á milli þeirra fjármuna sem koma frá ríkinu til verkefna samkvæmt búnaðarlagasamningi og fjármuna sem fara í að reka hagsmunabaráttu bænda. Um rekstrarstyrki er ekki að ræða.

Verkefni búnaðarlagasamnings eru lögbundin, en kjarni þeirra er ráðgjafarþjónusta í landbúnaði. Auk slíkra verkefna annast Bændasamtökin ýmis verkefni fyrir ríkisvaldið, svo sem greiðslumiðlun vegna búvörusamninga og fleira sem sérstakir samningar gilda um. Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með framkvæmdinni. /SSS

## LOKAORÐIN

# Trú og tölfræði

Það hefur verið einkennilegt að fylgjast með umræðum í fjölmiðlum og í netheimum að undanfögnu um mál sem virðast vera orðin að kennisettingum nýrrar trúarhreyfingar sem hefur gert fyrirbærið ESB að leiðtoga lífs síns. Ekki er annað að sjá en hluti af trúarjátningunni felist í því að hallmæla íslenskum bændum og tala niður íslenskan landbúnað hvenær sem tækifæri gefst.

Samhangandi endalaus trúboðshjali hafa verið afar neikvæð skrif hagfræðiprófessors um íslenskan landbúnað. Ekki er annað að sjá en að hann, líkt og trússystkini hans, sé í sérstakri herför gegn einni grein atvinnulífsins sem hefur það helst til saka unnið að framleiða mat fyrir íslensku þjóðina og ferðamenn.

Þó að tölfræði ætti að vera hagfræðiprófessor heilagri en flest annað hefur margoft verið sýnt fram á rangfærslur hans í talnameðferð og stundum hreinar ágískanir, væntanlega til að þóknast málstaðnum.

Maður skyldi ætla að prófessor sem starfar við æðstu menntastofnun Íslands hefði það að markmiði að leiðbeina fólki til að gera hlutina betur í ljósi vitneskju sinnar. Því bæri mjög að fagna skrifum slíks manns sem innleggi í uppbyggilega umræðu um úrbætur í landbúnaðarmálum. Eftir því hafa forsvarsmenn bænda einmitt kallað og núverandi formaður Bændasamtaka Íslands hefur margtrefkað að hann sé tilbúinn til viðræðna um endurskoðun landbúnaðarkerfisins.

Því miður hafa skrifin hins vegar einkenst af undarlegri heift út í íslenskan landbúnað í heild sinni. Ábendingar um úrbætur eru þar vandfundnar þó að ekki fari hjá því að í öllum þessum skrifum finnst stundum gagnrýniskorn sem eigi fullkomlega rétt á sér.

Prófessorinn gagnrýnir harðlega landbúnaðarkerfi sem stutt sé af beingreiðslum og tollvernd. Hann telur miklu hagkvæmara að flytja inn allar landbúnaðarvörur. Þær á þó ekki að flytja inn frá vandfundnu ríki sem ekki hefur slíkt stuðningskerfi, heldur frá ríkisstyrktum landbúnaði Evrópusambandsins. Nýju trúarbrögðin byggja svo á því að Íslendingar kaupi sér aðild að ESB og borgi í ljósi efnahags þjóðarinnar miklu meira í styrkjakerfi þess en þeir gera í dag.

Gagnrýni er nauðsynleg í nútímaþjóðfélagi en lágmarkskrafa er að hún sé þá byggð á þekkingu en ekki sleggjudómum um það sem verið er að gagnrýna. Sér í lagi ef gagnrýnandinn er hámenntaður í hagfræði. /HKR.

## Hólar í Öxnadal friðlýstir að hluta

Umhverfisstofnun, Hörgársveit og landeigendur jarðarinnar Hóla hafa undanfarið unnið að undirbúningi að friðlýsingu hluta jarðarinnar Hóla í Öxnadal sem friðlands og hefur tillaga að friðlýsingsarskilmálum verið auglýst til kynningar.

Í tillögunni kemur fram að lagt er til að friðlýsingin nái til Hólahóla og Hóladals. Hólahólar

eru hluti mikils berghlaups fyrir miðjum Öxnadal sem er bæði glæsilegt og tilkomumikið. Hóladalur er langur og grösugur dalur sem gengur suður til móts við Skjöldal í Eyjafirði. Í dalnum eru nokkur berghlaup og votlendi er allnokkurt. Í utanverðum Hóladal er miðja fornrar megineldstöðvar frá tertíer með öskju.

## Reynt að tryggja verslunarrekstur á Kópaskeri: Norðurþing leggur fram hlutafé

Bæjarráð Norðurþings hefur samþykkt beiðni um að leggja fram 800 þúsund krónur í hlutafé vegna fasteignar undir verslun á Kópaskeri.

Framfarafélag Öxarfjarðar óskaði eftir því að sveitarfélagið legði fram hlutafé vegna kaupa og reksturs fasteignar sem hýst hefur verslunina á Kópaskeri.



Markmið félagsins er að tryggja áframhaldandi rekstur dagvöruverslunar á staðnum.

Norðlenska matborðið ehf.:

# Skilaði tæplega 140 milljóna króna hagnaði

Rekstur Norðlenska matborðsins ehf. gekk ágætlega síðastliðið ár og var ársvelta félagsins tæpir 5,2 milljarðar króna. Það er veltuaukning um rúm 9,8% á milli ára. Hagnaður ársins var 138,4 milljónir króna og er eigið fé Norðlenska nú 631,9 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið 19,2%. Aðalfundur félagsins var haldinn nýlega og var á honum samþykkt að greiða eigandanum, Búsæld ehf., félagi 525 bænda, arð að upphæð 15 milljónum króna.

Hagnaður ársins er m.a. til kominn vegna sterkrar stöðu Norðlenska á innanlandsmarkaði, en vörur og vörumerki Norðlenska njóta mikilla vinsælda hjá neytendum, auk þess var reksturinn í góðu jafnvægi „og er ljóst að eigendur og starfsfólk geta verið stolt af góðu og öfluglu fyrirtæki,“ segir í frétt um aðalfundinn.

Að sögn Sigmundar Ófeigssonar, framkvæmdastjóra Norðlenska, var reksturinn í góðu jafnvægi og



sala gekk vel á vörum Norðlenska innanlands sem utan. Þegar leið á árið dró heldur úr eftirspurn, sérstaklega á lambakjöti og grísakjöti. Útflutt magn var mjög sambærilegt við síðastliðin ár en afkoman þó heldur lakari vegna styrkingar íslensku krónunnar. Verð fyrir hinar ýmsu aukaafurðir var hins vegar mjög gott á árinu. Norðlenska hefur lagt aukna áherslu á að fullnýta sláturgripi, aukaafurðir eru allar fluttar út og skiluðu þau viðskipti viðunandi hagnaði.

Hjá Norðlenska, sem er með starfsstöðvar á Akureyri, Húsavík,

Höfn og í Reykjavík, starfa rúmlega 180 starfsmenn en í sauðfjárslátturtíð fjölga þeim um 140 og er þá heildarstarfsmannafjöldi rúmlega 320.

Stjórn Norðlenska er óbreytt að loknum aðalfundi, í stjórn eiga sæti; Heiðrún Jónsdóttir, Garðabæ, stjórnarformaður, Ingvi Stefánsson, Teigi, varaformaður, Geir Árdal, Dæli, ritari, Aðalsteinn Jónsson, Klausturseli, meðstjórnandi, og Sigríður Elín Sigfúsdóttir, Reykjavík, meðstjórnandi. Varamenn eru Óskar Gunnarsson, Dæli Skiðadal, Gróa Jóhannsdóttir, Hlíðarenda, og Jón Benediktsson, Auðnum. /MÞÞ



Líf og starf



Nýju fjárhúsin í Árholti.

Glæsileg fjárhús vígð í Árholti á Tjörnesi

Það var mikið um dýrðir í Árholti á Tjörnesi laugardaginn 8. mars þegar Jón Gunnarsson bóndi bauð fólki að skoða glæsileg ný fjárhús sem hafa verið í byggingu síðan í haust og eru nú tilbúin til notkunar. Um er að ræða allt að 400 kinda hús með gjafagrindum og var ekki annað að sjá en að ærnar kynnu mjög vel við sig á nýja staðnum.

Jón bóndi hefur staðið í framkvæmdunum, en með hjálp vina og vandamanna hefur gengið mjög vel undanfarið að ganga frá húsinu að innan. Hann er að vonum mjög ánægður með þessa byggingu, sem gjörbreytir allri vinnuáðstöðu í Árholti og veitir honum möguleika á því að fjölga fénu. Mun hann þó áfram nýta eldri fjárhúsin og því er plássið orðið mikið sem hann hefur fyrir bústofninn.

Mjög margt fólk kom í Árholt í tilefni dagsins og voru systur Jóns með veitingar þ.e. heita súpu með ýmsu góðgæti og konfekt sem fólk kunni vel að meta.

/MBÞ



Systkinin í Árholti, þau Guðrún Gunnarsdóttir (Gurra) og Jón Gunnarsson. Með þeim á myndinni eru Jóhanna Heiður Kristjánsdóttir og Sævar Örn Guðmundsson. Myndir / Atli Vigfússon.



Nágrannar komu til þess að samgleðjast Jóni og hans fólki. F.v. Halldór Sigurðsson og Mary Anna Guðmundsdóttir á Syðri-Sandhólum ásamt Margréti Bjartmarsdóttur á Sandhólum.



Ærnar kunna greinilega vel við sig í nýjum og björtum húsakynnum.



Margrét Bjartmarsdóttir kom með tertu í tilefni dagsins. Gurra hitaði kaffi og er kampakát með tertuna á þessum hátíðisdegi í Árholti.

MÆLT AF MUNNI FRAM

Nú ber svo við að þátturinn er fullkomlega frír við meiðingar og mannorðstjón. Var enda mál að linnu. Þættinum hefur borist bréf frá Ólafi B. Ólafssyni. Ólafur Beinteinn er mikill og hæfileikaríkur harmonikkuleikari og hefur því oftlega verið áfúsugestur þeirra Magnúsar Halldórssonar á Hvolsvelli og Jóns Hermannssonar og Helgu Teitsdóttur á Högnastöðum. Ólafur vill með eftirfarandi vísu koma að sérstöku þakklæti fyrir frábærar stundir á Högnastöðum með þeim félögum, þar sem graðgaðar voru „hrossabjúgur“ bornar fram af Helgu húsfreyju. Ólafur er og sérlega jákvæður í allri umfjöllun um kveðskap Magnúsar:

Um sjafnaryndisunaðinn ætti að ríkja friður.  
Vísur þínar Magnús minn má ei fella niður.

Af því hlytist talsvert tjón tel ég rétt og sannast.  
Af kveðskap þínum, ég og Jón jafnan höfum mannast.

Tæpast veit hvor ykkar er Íslands- betri sonur.  
Kæru vinir augljóst er; þið eigið sóma konur.

Á Högnastöðum höfum við höldar kátir setið.  
Kveðið hátt að heiðnum sið og hrossabjúgur étið.

Læt ég verða lokaorð og lýk svo þessum málum:  
Tjöldum vinir bragaborð, brosum, syngjum, skálum.

Fágætt tilskrif barst mér nýverið frá Elísabetu Á. Árnadóttur búsettri á Blönduósi. Elísabet, sem er áttæð orðin, handskrifar mér skemmtilega stílað bréf með kveðskap sínum frá þeirri tíð er hún var nokkur ár „vor-strákur“ hjá bændum í Skarðaborg í Reykjaværvi. Mestanpart sinnu hún þar næturvöktum á sauðburði. Fjármargt var, og er enn í Skarðaborg. Dundaði Elísabet sér við að semja ærþulur með nöfnum ána, sem þá voru rúmlega 500 talsins. Með fylgir hér örlítið sýnishorn þessara ærnafnavísna, ortar vorið 1996:

Skúta, Pera, Varta, Vök,  
Vera, Þyrla, Slæða.  
Þynnka, Hengja, Sandra, Sök,  
Sveðja, Vagga, Læða.

Elva, Dúkka, Bylgja, Björt,  
Bringa, Stilla, Ponta.  
Blaðka, Frekja, Fála, Svört,  
Féskúfa og Lonta.

Kringla, Leðja, Gæfa, Gleið,  
Gibba, Hljá, Lubba.  
Heimta, Snudda, Bústin, Breið,  
Bára, Linda, Krubba.

Ærnafnaþula Elísabetar telur þannig um 550 ærnöfn, og því auðsætt að einungis birtist brot þessara haglega framsettu ærbókar frá Skarðaborg.

Umsjón:  
Árni Geirhjörtur Jónsson  
kotabyggd1@gmail.com



## Fréttir



Búðarhálssstöð kostaði íslenska ríkið um 30 milljarða króna. Þegar mest var unnu um 300 manns við byggingu virkjunarinnar en í sumar munu vinna þar um 50 manns við ýmsan frágang.

Myndir / MHH

## Búðarhálssstöð gangsett: Uppsett afl 95 megavött

Búðarhálssstöð í Skeiða og Gnúpverjahreppi er nýjasta raforkuver Íslendinga. Það kom í hlut þeirra Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og Ragnheiðar Elínar Árnadóttur iðnaðarráðherra að gangsetja stöðina föstudaginn 7. mars. Stöðin er sjöunda stærsta aflstöð Landsvirkjunar en öflug engu að síður og kostar um 30 milljarða króna.

Uppsett afl hennar er 95 MW og hún framleiðir um 585 GWst af rafmagni á ári inn á orkukerfi landsmanna. Með Búðarhálssstöð er virkjað áður ónýtt 40 metra fall vatns frá Hrauneyjafossi að Sultartangalóni. Með henni er nánast allt fall vatnsins sem rennur úr Hofsjökli og Vatnajökli um Þjórsá, Tungnaá og Köldukvísl virkjað frá Þórisvatni niður fyrir Búrfell. Fallið er 450 metrar.

Lón Búðarhálssstöðvar heitir Sporðöldulón og er myndað með tveimur stíflum. Önnur þverar farveg Köldukvíslar og hin frávatn Hrauneyjafossstöðvar. Frá Sporðöldulóni liggja 4 kílómetra löng jarðgöng sem leiða vatnið undir Búðarhál að inntaki stöðvarinnar. Í Búðarhálssstöð eru notaðir tveir Kaplan-hverflar, sem henta vel þegar framleiða á rafmagn við fremur litla fallhæð en mikið vatnsstreymi.

### Virkjun í sátt

Landsvirkjun hefur mikilvægu hlutverki að gegna í íslensku samfélagi.

„Markmið okkar er að vera leiðandi í sjálfbærri nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Samfélagsleg ábyrgð Landsvirkjunar er að skapa arð, fara vel með auðlindir og umhverfi og stuðla að því að þekking og jákvæð áhrif af starfsemi fyrirtækisins skili sér til samfélagsins. Hlutverk fyrirtækisins er að hámarka afkastur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu



Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, ýtir á takkann. Ráðherrarnir fengu talstöð og höfðu samband við Landsnet í Reykjavík og óskuðu þar eftir því að Búðarhálssstöð yrði formlega gangsett.



Ráðherrarnir Ragnheiður Elín Árnadóttir og Bjarni Benediktsson með Drífu Hjartardóttur, sveitarstjóra Rangárbíngs eystra.



Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.

er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Búðarhálsvirkjun ber þessu mikilvæga hlutverki fyrirtækisins gott vitni“, sagði Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.

/MHH



Úr íslenskum kúm fæst hágæða mjólk til framleiðslu á mjög fjölbreyttum mjólkurafurðum. Þúsundir Íslendinga hafa atvinnu af kúabúskap ásamt kjöt- og mjólkurvöruframleiðslu sem honum tengist.

Framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda:

## Hrekur útreikninga prófessors á „ofurtolluðum“ mjólkurvörum

Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, bendir á meinlegar villur í útreikningum Þórólfs Matthíassonar, prófessors við hagfræðideild Háskóla Íslands, í Fréttablaðinu á undanföllum vikum. Telur Baldur grein prófessorsins undir fyrirsögninni; „Ofurtollaðar mjólkurvörur á ofurverðum“, engan veginn sæmandi. Nefnir Baldur dæmi varðandi útreikninga sem séu fjarri öllum veruleika. Þá sleppi prófessorinn því sem honum þyki ekki henta sínum málflutningi.

„Það er athyglisvert að Þórólfur skuli sleppa því að bera saman verð á drykkjarmjólk hér og annars staðar. Verð á nýmjólk á Íslandi er ca. 125 kr. lítrinn í smásölu, í vefverslun SuperBest í Danmörku kostar 1 lítri af Arla nýmjólk 8,95 DKK, eða 187 kr. lítrinn. Í vefverslun Tesco í Bretlandi kostar 1 lítri af nýmjólk 158 kr (samkvæmt gengi 17.mars).“

### „Undanrennuduft með ofurtollum“

Þórólfur nefnir verðlagningu undanrennudufts m.a. í grein sinni í Fréttablaðinu 19. febrúar og segir:

„Undanrennuduft er mikilvægt hráefni í matvæla- og sælgætisiðnaði. Þann 18. september 2013 ákvað verðlagsnefnd búvara verð á undanrennudufti. Litlir aðilar á mjólkurmarkaði, sem framleiða vörur sem eru í samkeppni við risana, þurfa að borga 758 krónur á kílóíð. Sælgætisframleiðendur og aðrir matvælaframleiðendur sem ekki eru í beinni samkeppni við risana á markaðnum borga aðeins 645 krónur á kílóíð.

Undanrennuduft flutt frá Evrópu til Íslands myndi kosta um 520 krónur á kílóíð á hafnarbakkannum áður en það yrði tollað. Með ofurtollum kostar kílóíð af undanrennuduftinu 754 krónur, eða nákvæmlega nógu mikið til að það borgi sig ekki fyrir aðila í samkeppni við mjólkurrisana að flytja það inn!

Tilviljun? Varla!“, segir Þórólfur.

### Jaðrar við ósvífi

Baldur segir þessa útreikninga fjarri lagi. Lægsta heimsmarkaðsverð á undanrennudufti sé um þessar mundir 4.780 Bandaríkjadalir (USD) á tonnið, skv. niðurstöðu Global Dairy Trade 18. febrúar 2014. Samkvæmt núverandi gengi er það 542 kr./kg, þá er eftir farmtrygging, flutningskostnaður og uppskipun, kostnaður við birgðahald, rýrnun o.s.frv.

„Samkvæmt athugun Þórólfs sjálfs er verð á undanrennudufti a.m.k. 1.000 evrum pr. tonn herra í Evrópu, þaðan sem líklegast er að það myndi koma ef til innflutnings



Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda.



Þórólfur Matthíasson prófessor.

kæmi. Engu að síður gefur hann sér að verð á hafnarbakkannum hér myndi verða 520 kr/kg. Svona reiknikúnstir jaðra við ósvífi.“

### „100% hækkun osta í tolli?“

Þórólfur heldur áfram í grein sinni og tekur fyrir verðlagningu osta og segir m.a.:

„Gildandi heildsöluverð verðlagsnefndarinnar á 45% osti er 1.146 krónur á kílóíð. Innfluttur Cheddar frá Evrópu myndi kosta 622 krónur kílóíð á hafnarbakkannum í Reykjavík. Eftir tollafgreiðslu væri kílóverðið hins vegar orðið 100% herra, eða um 1.238 krónur, eða akkúrat nógu hátt til að það borgi sig alls ekki fyrir innflutningsaðila að fara í samkeppni við mjólkurrisana.

Tilviljun? Varla!“, segir Þórólfur.

Baldur segir þetta heldur ekki standast.

„Samkvæmt vefsíðunni DairyCo er heimsmarkaðsverð á „mild cheddar“ 3.450 £ pr. tonn, eða 650 kr/kg, þá á eftir að greiða kostnað við farmtryggingu, flutning og uppskipun. Ekki er heldur tekið

tillit til væntanlegs kostnaðar innflutningsaðila við birgðahald og rýrnun. Þórólfur miðar bara við 622 kr/kg hingað komið,“ segir Baldur.

### Ber saman smjör og jurtaolíuviðbit

Þórólfur tekur líka fyrir verðlagningu á smjöri. Baldur segir þær útlistanir jafnvel enn verri þar sem ekki séverið að bera saman sams konar vörur.

„Þar sem smjörverð er lægra hér á landi en erlendis, ber Þórólfur saman verð á smjöri og sojaolíu (ÞM: Verð á smjöri er 10-25% herra en verð á viðbiti úr jurtaolíum). Þetta dæmir sig nú bara sjálf.“

### Vanþekking prófessors á mjólkurframleiðslu

Baldur tekur dæmi um fleiri greinar Þórólfs Matthíassonar sem hann hrekur lið fyrir lið. Þannig markist grein Þórólfs undir fyrirsögninni „Er mjólkurverð til bænda 20% of hátt?“ af augljóstri vanþekkingu á mjólkurframleiðslu. Hann gefi sér t.d. að öll mjólk sem úr kúnum komi skili sér í sölu. Þórólfur taki þar ekkert tillit til affalla, hluti mjólkurinnar fer í kálfa, hella þurfi mjólkur niður ef kýr fái jurgubólgu og annarra ójákvæmilegra affalla.

Baldur bendir á að verðlagsnefnd gangi út frá að árskýr gefi 4.700 lítra mjólkur; 40 kýr gefi af sér 188.000 lítra til sölu. Þórólfur taki hinsvegar niðurstöður skýrsluhalds nautgriparæktarinnar, um 5.600 lítra á ári, sem hann segir að sé 20% meira en verðlagsnefnd geri ráð fyrir. Þannig gefi hann sér að kúabændur séu að fá 20% of mikið fyrir mjólkina. Þetta telur Baldur alranga nálgun; að teknu tilliti til þeirra affalla sem að framan greinir er munurinn 5-6% en ekki 20%.

Þá ber Þórólfur saman hagkvæmni mjólkurframleiðslu í nágrannalöndunum og hefðbundinn íslenskan kúabúskap. Niðurstaða hans er að íslenskir bændur stíji uppi með dýrt, úrelt og óhagkvæmt vinnslukerfi og í krafti ofurtolla sé verið að velta kostnaði yfir á neytendur.

„Það er í raun fráleitt að prófessor í hagfræði beri saman verðlag á kjarnaframleiðslu hér landi og verði á „dump“ markaði á jaðarframleiðslu þeirra landa sem búa við bestu aðstæður á jarðríki til mjólkurframleiðslu. Slíkur samanburður er ósanngjarn og fráleitur. Það hlýtur að þurfa að gera meiri kröfur til prófessora við æðstu og virtustu menntastofnun landsins en að þeir beri á borð útreikninga af þessu tagi“ segir Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda. að lokum.

/HKr.



# HAUGSUGUR



PÓR HF | Krókhálsi 16 | Sími: 568-1500 | Lónsbakka | Sími 568-1555 | www.thor.is





Vredestein - Drättarvéla- og aftanivagnadekk.

# Heildarlausn!

Hjá BJB færðu réttu dekkinn fyrir öll tækin:

Sérstök fólkspíla, pallbíla- og jeppadekk, sérstök kerrudekk og einstök fjórhjóladekk. **Allt á einum stað.** Vertu í hópi þeirra öruggu á gæðadekkjum frá BJB.



Vredestein - Fólks- og sendibíladekk.



Bighorn, Wanda og Trailfinder - Fjórhjóladekk.



Federal - Kerrudekk (burðardekk).

Federal - Jeppa- og pallbíladekk.

Federal - Fólksbíladekk.

Fáðu upplýsingar um stærðir og verðtilboð. Hafðu samband við Piero Segatta, sérfræðing á sviði hjólbarða, sendu póst: [piero@bjb.is](mailto:piero@bjb.is)



Dekk



Púst



Smurning



Bremsur



Fjóðrun



Rafgeymar



Önnur þjónusta



Aukin þjónusta

BJB | Flatahrauni 7 | 220 Hafnarfirði | Sími 565 1090 | [www.bjb.is](http://www.bjb.is) | Opið: mán. til fim. kl. 8 - 18, fös. kl. 8 - 16:30

Skoðaðu verð hjólbarða og þjónustu | [www.bjb.is](http://www.bjb.is) | Veldu gæðaðþjónustu BJB.

## SAMLOKUEININGAR!

Í öllum stærðum og gerðum

Mjög gott verð

Hringdu og fáðu verðtilboð



480-5600

*Bændablaðið*

**Kemur næst út 3. apríl**

Smáauglýsingar 56-30-300

# FULLVELDI ÞJÓÐA OG EVRÓPUSAMRUNINN

**Alþjóðleg ráðstefna Nei við ESB og Nei til EU**

Laugardaginn 22. mars á Hótel Sögu, 2. hæð – í Kötlu  
Ráðstefnan hefst kl. 9:30 og er öllum opin meðan húsrúm leyfir

### ÁVÖRP OG FYRIRLESTRAR:

- Vigdís Hauksdóttir alþingismaður og formaður Heimssýnar
- Helle Hagenau sviðstjóri alþjóðasviðs hjá Nei til EU
- Josef Motzfeldt fyrrverandi ráðherra og forseti grænlenka þingsins
- Odd Haldgeir Larsen varaformaður Fagforbundet og stjórnarmaður í Nei til EU
- Halldóra Hjaltadóttir formaður Ísafoldar
- Haraldur Benediktsson alþingismaður og fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands
- Ragnar Arnalds fyrrverandi fjármálaráðherra
- Brynja Björg Halldórsdóttir lögfræðingur
- Halldór Ármannsson formaður Landssambands smábátaeigenda
- Per Olaf Lundteigen þingmaður Miðflokksins á norska stórþinginu
- Ásgeir Geirsson formaður Herjans
- Erna Bjarnadóttir hagfræðingur og aðstoðarframkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands
- Sigríður Á. Andersen héraðsdómslögmaður og varaþingmaður
- Olav Gjedrem formaður Nei til EU í Rogalandfylki

Samantekt og umræður í lok ráðstefnu

Ráðstefnustjórar: Jón Bjarnason fyrrverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og varaformaður Heimssýnar og Helle Hagenau sviðstjóri alþjóðasviðs hjá Nei til EU í Noregi.





## Fréttir

## Leyndardómar Suðurlands

Fram undan er umfangsmikið kynningarátak á Suðurlandi þar sem ferðaþjónustufyrirtækjum, matvælaframleiðendum, félögum, fyrirtækjum, stofnunum, einstaklingum og öllum öðrum áhugasömum er boðið að taka þátt. Átakið kallast „Leyndardómar Suðurlands“ og mun standa yfir frá föstudeginum 28. mars til sunnudagsins 6. apríl.

Það eru Samtök sunnleuskra sveitarfélaga (SASS) og Markaðsstofa Suðurlands sem standa fyrir verkefninu. Markmiðið er að kynna sem mest af Suðurlandi og fá sem flesta gesti til að heimsækja Suðurland. Megininntakið í áttinu er Matur – Saga – Menning. Hér er því að sögn forsvarsmanna verkefnisins kærkomið tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið og koma öllum leyndardómum Suðurlands á framfæri.

Munu ráðherrar Suðurkjördæmis, þau Ragnheiður Elín Árnadóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson, opna leyndardómanna formlega föstudaginn 28. mars kl. 14.00 við Litlu kaffistofuna. Frá þeim tíma verður öllum landsmönnum og erlendum ferðamönnum, sem staddir eru á landinu boðið að koma á Suðurland og taka þátt í fjölbreyttum viðburðum þessa 10 daga sem átakið stendur yfir.

## Frítt í Strætó

Rúsínan í pylsuendanum á Leyndardómum Suðurlands er frítt í Strætó frá Reykjavík á Suðurland og á öllum leiðum inna svæðisins. Strætó er með mjög öflugt leiðakerfi á Suðurlandi þar sem hægt er að komast til allra átta án þess að borga krónu á meðan leyndardómarnir standa yfir.



## Mývatn Open 2014:

## Góð þátttaka í frábæru veðri

**Hið árlega hestamót Mývatn Open – Hestar á ís var haldið síðustu helgi. Mótið hófst á föstudag með hópreiðtúr þar sem ríðið var út á frosið Mývatn að Hrótey. Þar bauð Sel Hótel Mývatn knöpum upp á samlokur og heitt kakó. Veðrið lék við gesti og góð mæting var í hópreiðina en það voru um 50 manns sem tóku þátt.**

Mótið sjálft var haldið á laugardag. Keppt var í A og B tölti og síðan var endað á að keppa í góðhestakeppni.

Um kvöldið var blásið til hestamannahófs með matarveislu að hætti kokksins og síðar um kvöldið hélt Kiddi Halldórs uppi skemmtilegri kráarstemmningu. Þjálfari og Sel Hótel Mývatn þakka keppendum, áhorfendum og gestum fyrir komuna og minna á að næsta Mývatn Open verður haldið 14. mars 2015.

## Úrslitin voru eftirfarandi:

## Tölt B

- Guðmundur Karl Tryggvason, Galdur frá Akureyri 6,37
- Kristján Sigtryggsson, Óríon frá Hellulandi 5,96



Magnús Hlynur Hreiðarsson, kynningarstjóri Leyndardóma Suðurlands (mhh@sudurland.is)

## Sudurland.is

Áður en Leyndardómar Suðurlands skella á verður búið að opna nýja og glæsilega heimasíðu, www.sudurland.is þar sem allir viðburðir leyndardómanna verða kynntir. Þá verður gefið út sérstakt viðburðardagatal sem verður sent inn á öll heimili á Suðurlandi með upplýsingum um helstu viðburð.

## Fjölbreyttir atburðir

Dæmi um atburði þessa daga gætu verið tilboð á veitingastöðum, tveir fyrir einn í gistingu, ókeypis í sund, listsýningar, tónleikar, skemmtanir, tilboð á sunnleuskum vörum, lengdur opnunartími verslana, tilboð í affreygingu, opin hús víða í fjórðungunum og fleira og fleira. Verkefnið er með sérstaka fésbókarsíðu, „Leyndardómar Suðurlands“.

Líf og dauði skógarplantna:

## Því hraustari sem plöntur eru, því minni afföll

Brynjar Skúlason, skógræðingur hjá Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá, talaði um líf og dauða skógarplantna á fjórða fræðslufundi vetrarins í Gömlu gróðrarstöðinni á Akureyri þar sem Akureyrarskrifstofa Skógræktar ríkisins og Norðurlandsskógar eru til húsa.

Í erindi sínu tíundaði Brynjar afföll skógarplantna í mismunandi landshlutum og mismunandi jarðvegsgerð. Hjá Norðurlandsskógum er lifun í nýskógrækt að jafnaði rétt um eða yfir 70% eftir 5 ár hjá furu, birki og larki en talsvert lægri hjá greni. Alyktaði Brynjar sem svo að greni væri ekki heppileg tegund í nýskógrækt á opnum svæðum, a.m.k. ekki norðanlands, enda eðli tegundarinnar miklu fremur að vaxa upp í skjóli eldri trjáa. Sagt er frá erindi Brynjars á vefsíðu Skógræktar ríkisins, skogur.is.

## Margar ástæður fyrir afföllum

Fram kemur að ástæður affalla eru margar og afföllin verða á öllum stigum, allt frá sáningu og þar til plöntur eru orðnar stálpaðar í skóginum. Gæði plantnanna skipta miklu máli, hvernig þær eru fluttar að ræktunarstað og geymdar þar til að gróðursetningu kemur, hvernig vinnubrögð eru viðhöfð við gróðursetningu, hversu vönduð skógræktaráætlunin er, hvort vikið er frá settri áætlun og svo að sjálfsögðu tilfallandi náttúrlegar aðstæður, svo sem þurrkar, frost, sjúkdómar, skordýr, frostlyftingavetur og barrsviðnun.

Brynjar fór yfir þessi atriði í fyrirlestrinum og greindi frá tilraunum sem gerðar hafa verið. Fram kom að frekari tilrauna væri þörf til að skilja betur ástæður affalla og til hvaða ráða mætti grípa til að minnka þau. Hins vegar hefðu talsverðar rannsóknir farið fram en sú þekking sem þar hefði verið aflað væri í mörgum tilfellum ekki nægilega vel nýtt.

## Ranabjöllulirfan er skæð

Afföll af völdum ranabjöllulirfa eru ein stærsta ástæðan fyrir afföllum ungra skógarplantna. Lirfur bjöllunnar naga rætur og vísaði Brynjar m.a. í athuganir Ásu Aradóttur og Guðríðar Gyðu Eyjólfsdóttur frá 1994 sem sýndu að trjáplöntur hefðu mun meiri mótstöðu við ranabjöllunni ef þær hefðu heilbrigða svepprót með sér. Næringarástand plantnanna skiptir



Í erindi sínu fór Brynjar yfir ýmsar aðgerðir sem ráðast mætti í til að auka lifun skógarplantna.



Brynjar Skúlason, skógræðingur hjá Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá, talaði um líf og dauða skógarplantna á fjórða fræðslufundi vetrarins í Gömlu gróðrarstöðinni á Akureyri.



Vel nærðar plöntur þola betur ágang ranabjölllu.

líka miklu máli en athyglisvert er í niðurstöðum Ásu og Gyðu að af skógarplöntum sem rannsakaðar voru á 6 svæðum á Héraði og 6 svæðum á Suðurlandi báru allt að 90% merki um nag ranabjöllulirfa. Hann vitnaði einnig til rannsókna Eddu Sigurdísar Oddsdóttur og Guðmundar Halldórssonar frá 2005 þar sem í ljós kom að afföll plantna sem voru ræktaðar í mold úr gömlum lerkiskógi voru minni en afföll þeirra sem voru ræktaðar í venjulegri ræktunarmold. Sömu leiðis vitnaði Brynjar til meistara-verkefnis Rakelar Jónsdóttur frá 2011 þar sem þótti greinilegt að plöntur sem borið hefði verið á yrðu síður fyrir árásum ranabjölllu.

## Gott að nestu plöntur með áburði og svepparót

Í erindi sínu fór Brynjar yfir

ýmsar aðgerðir sem ráðast mætti í til að auka lifun skógarplantna. Í plöntuuppeldi þyrfti að nýta plöntugerðir markvissar eftir gróðursetningarstað, skoða betur skyggingu og aukalýsingu í samspiili við sáningartíma og áburðargjöf, forðast efnivið sem er sérlega viðkvæmur fyrir haustfrostrum, þróa áfram aðferðir og aðstöðu til vetrargeymslu utan dýra og skoða leiðir til að tryggja svepprót á skógarplöntum án þess að það skaði framleiðsluáðferðir.

Í gróðursetningarferlinu mælir Brynjar með að plöntur séu nestaðar með áburði og svepprót, ekki síst til að minnka afföll vegna ranabjölllu. Þarna sé seinleystur lífrænn áburður líklega vænlegur kostur og m.a. megí nota amínósýruna argínín til að örva niturupptöku. Sömu leiðis þurfi að huga vel að tegundavali, plöntugerð og -stærð eftir aðstæðum, beita jarðvinnslu þar sem samkeppni er mikil við annan gróður, skoða gróðursetningartímann og fleira.

## Dregið verði úr notkun grenis í nýskógrækt

Brynjar mælir með því að verulega verði dregið úr notkun grenis í nýskógrækt. Þá sé einnig vert að skoða niturbindandi tegundir til að auðga jarðveg, til dæmis að prófa að sá hvítmára eða öðrum tegundum um leið og skógarplantan er sett niður. Athuga verði líka vel hvaða sértækar aðgerðir gegn ranabjölllu eru raunhæfar, hvort sem það eru lífrænar aðferðir eða eiturefni. Innleiða þurfi staðlaða affallaúttekt á öllu landinu þar sem orsök plöntudauða er greind eins og hægt er, hvort sem það er ranabjalla, frostlyfting, köfnun, horfin planta eða annað. /MÞÞ



# Lambamerki

Plastiðjan Bjarg – løjulundur, starfsþjálfunar- og endurhæfingavinnustaður, er eina fyrirtækið sem framleiðir merki fyrir búfénað á Íslandi. Veljum íslenskt – það er allra hagur!

MICRO merki.

Þjóðum hin frábæru Micro lambamerki á mjög góðu verði. Lágmarkspöntun er 10 stk.

Veittur er 10% afsláttur ef merki eru pöntuð fyrir **15. mars**.

Hægt er að fá merkin í stökum númerum þ.e. þau þurfa ekki að vera í númeraröð. Pöntunina skal þá senda í excel-skjali, númer skráð í einn dálk.



Combi Nano lambamerki og örmerki.

Combi Nano merkin eru minni útgáfa Combi Mini merkja (ásetningsmerkja).

Mjög auðvelt er að lesa af merkjunum.

Annars vegar er hægt að fá þau sem venjuleg lambamerki þ.e. með blöðku beggja vegna. Hins vegar er blaðka þar sem bæjarnúmer og einstaklingsnúmer er áprentað og henni fylgir hringur sem er **endurnýtanlegur**. Í hringnum er rafrænn teljari sem er örmerki. Notuð er Combi Junior EID töng til ísetningar.

Hægt er að fá merkin í stökum númerum þ.e. þau þurfa ekki að vera í númeraröð. Pöntunina skal þá senda í excelskjali, númer skráð í einn dálk.

**ATH! Pantanir á Combi Nano merkjum verða að berast fyrir 20. mars til að tryggja að þau verði komin fyrir sauðburð.**



Verð á Nano örmerkjum er kr. 297,- m/vsk og 10% afslætti. Fullt verð á þeim er kr. 330,- m/vsk

Vinsamlega takið fram um hvers konar merki er að ræða þegar pantað er.



**PLASTIÐJAN BJARG**  
IÐJULUNDUR

Starfsþjálfunar- og endurhæfingavinnustaður

Furuvöllum 1, 600 Akureyri.

Sími 461-4606, Fax 461 2995 - Netfang pbi@akureyri.is

Opnunartími: Mánudaga – föstudaga, kl. 08.00-16.00

**Minnum á að  
hægt er að panta  
öll lambamerki og  
ásetningsmerki  
á bufe.is**

REYKJAVÍK S: 414-0000 / AKUREYRI S: 464-8600 / [www.VBL.is](http://www.VBL.is)

## Rúlluplast og net á LÁGMARKSVERÐI ef pantað er fyrir **11. apríl**



**Framúrskarandi 5 LAGA**  
rúlluplast sem reynst hefur  
frábærlega á Íslandi!

Verð á rúlluplasti og neti lækkar frá fyrra ári almennt vegna betra gengis íslensku krónunnar en úrvinnslusugjald til ríkisins hækkar og því skilar lækkinin sér ekki nema að hluta til bænda

**VB Landbúnaður býður takmarkað magn á lágmarksverði**

**Verðlisti í forsölu til 11. apríl**

|                          |                        |
|--------------------------|------------------------|
| Supergrass - Hvítt 75 cm | Verð kr. 11.600 +vsk.* |
| Supergrass - Grænt 75 cm | Verð kr. 11.800 +vsk.* |
| Silgrass - Svart 75 cm   | Verð kr. 11.300 +vsk.* |
| Silgrass - Hvítt 50 cm   | Verð kr. 9.600 +vsk.*  |
| 3000 m bindinet          | Verð kr. 21.500 +vsk.* |

\* á meðan birgðir endast.

**Svona gengur þetta fyrir sig:**

1. Þú pantar fyrir 11. apríl
2. Við sendum reikning
3. Greiðsla þarf að berast okkur fyrir 25. apríl 2014
4. Við afhendum rúlluplastið í lok maí frá Reykjavík. Við keyrum plastið og netið heim á bæ með þjónustubílunum okkar þar sem það er mögulegt

**Síminn hjá okkur er 414-0000 og 464-8600**



**VB**  
LANDBÚNAÐUR ehf.  
VB Agriculture Ltd.

[www.VBL.is](http://www.VBL.is)

REYKJAVÍK  
Krókháls 5F  
110 Reykjavík  
Sími: 414-0000

AKUREYRI  
Baldursnes 2  
603 Akureyri  
Sími: 464-8600



**Útvegum varahluti í allar tegundir dráttarvéla, vinnuvéla og atvinnubíla**



**KRAFTVÉLAR**

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500  
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526  
[www.kraftvelar.is](http://www.kraftvelar.is) • [kraftvelar@kraftvelar.is](mailto:kraftvelar@kraftvelar.is)

**Bændablaðið**

Næsta blað kemur út **3. apríl**

**ChitoClear®**



NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS 2012



## SÁRASPREY FYRIR ÖLL DÝR

- Einstaklega græðandi
- Hægir á blæðingu
- Dregur úr sársauka og kláða
- Myndar filmu og hlífir sári
- Vinnur gegn bakteríu- og sveppamyndun
- Íslensk framleiðsla

Fæst hjá  
dýralæknum,  
hesta- og búvöru-  
verslunum  
um land allt

**primex**

Síglufjörður • Sími 460 6900 • [info@primex.is](mailto:info@primex.is) • [www.primex.is](http://www.primex.is)

**K 2.21**  
110 bör max  
360 ltr/klst



**KÄRCHER®**

## Háprýstidælur

Pegar gerðar eru hámarkskröfur



**K 4.200**

130 bör max  
450 ltr/klst

**K 5.700**

140 bör max  
460 ltr/klst

**T 400**

Snúningsdiskur  
Fyrir pallinn,  
stéttina o.fl.

**K 7.700/K 7.710**

160 bör max  
600 ltr/klst



**RAFVER**

KÄRCHER SÖLUMENN

Skeifan 3E-F • Sími 581-2333 • [rafver@rafver.is](mailto:rafver@rafver.is) • [www.rafver.is](http://www.rafver.is)

VERTU Á ÖRUGGUM STAÐ







# Betri melting með Bio-Kult hylkjunum

**ICECARE KYNNIR** Bio-Kult Candéa gegn sveppasýkingu, Bio-Kult Pro-Cyan gegn þvagfærasýkingu og Bio-Kult Orginal gegn meltingarvandamálum



Bio-Kult Pro-Cyan er góð vörn gegn þvagfærasýkingum. Streita, sjúkdómar og lyfjanotkun geta haft áhrif á bakteríuflóru í þörmum og við þær aðstæður verður auðveldara fyrir E. Coli bakteríuna að grassera og aðgangur hennar að þvagrásinni verður greiðari. Með breyttum lífsstíl, aukinni streitu í daglegu lífi, ýmsum sjúkdómum og aukinni lyfjanotkun er oft gengið á bakteríuflórana í þörmum. Við þær aðstæður verður auðveldara fyrir E. coli bakt-  
eríuna að grassera og hún fær greiðari aðgang að þvagrásinni sem getur valdið sýkingum. Slíkar sýkingar geta skaðað slímhimnu þvagrásarinnar.

Að sögn Birnu Gísladóttur, markaðsfulltrúa IceCare, eru helstu einkenni þvagfærasýkingar tíð þvaglát, aukin þörf fyrir þvaglát um nætur og aukin þörf fyrir þvaglát án þess að kasta af sér þvagi. „Þvagfærasýkingu geta einnig fylgt verkir og brunatilfinning við þvaglát, óeðlileg lykt og litur af þvaginu og gróftur í þvagi,“ segir hún.


Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur vísindalega þróaða þrívirka formúlu, trönuberjabykkni, tvo sérstaklega valda gerlastrengi og A vítamín. „Hlutverk gerlanna og A-vítamínsins í vörunni er að hjálpa líkamanum að viðhalda eðlilegu bakteríumagni í þörmum og að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu,“ segir Birna. Mælt er með því að taka inn 1 til 2 hylki einu sinni til tvisvar sinnum á dag með mat. Bio-Kult Pro-Cyan hefur verið sérstaklega hannað til að henta barnshafandi konum en samt sem áður er alltaf mælt með því að ráðfæra sig við fagfólk áður en notkun hefst. Fyrir börn 12 ára og yngri er mælt með hálfum skammti af ráðlagðri skammtastærð fyrir fullorðna. Bio-Kult Pro-Cyan fæst í apótekum og heilsubúðum.



#### Samanburður á Bio Kult hylkjunum:

- Bio Kult Original 14 gerlastrengir og 2 milljarðar í hverju hylki.
- Bio Kult Candéa 7 gerlastrengir og 1 milljarður í hverju hylki, hvítlaukur og grape seed extract.
- Bio Kult Pro-Cyan 2 gerlastrengir og 1 milljarður í hverju hylki, trönuber og A-vítamín.

Birna Gísladóttir, markaðsfulltrúi hjá IceCare, segir gerla, trönuber og A-vítamín í Bio-Kult Pro-Cyan hjálpa líkamanum að viðhalda eðlilegu bakteríumagni í þörmum og eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu.



Heiðrún Guðmundsdóttir með dóttur sína.

**M**ig langar að deila með ykkur hve vel Bio Kult Candéa hefur reynst dóttur minni. Hún er aðeins 8 ára og var ávallt að kvarta um magaverk og höfuðverk síðastliðinn vetur, bæði heima við, sem og í skólanum. Hún hefur haft mikla sykurþörf og reyndi hún oft að fá sér einhver sætindi. Það fór að bera á því einstaka sinnum að hún fengi ristilkrampa sem gengu mjög nærri henni. Það ágerðist með vorinu og fyrripart sumars án undantekninga, var hún farin að fá ristilkrampa um hverja helgi og kvaldist hún mikið í hvert skipti.

Þar sem ég sjálf átti við þennan hvímléiða kvilla að stríða þegar ég var barn vissi ég hvernig henni leið og um hvað málið snérist. Þegar ég leitaði eftir upplýsingum á netinu, rakst ég á upplýsingar um Bio-Kult Candéa gegn sveppasýkingu sem væri einnig hjálplegt við ristilvandamáli.

Þegar ég skoðaði hinsvegar þessar upplýsingar nánar, sá ég að hún hafði flest þau einkenni sem sveppasýking í meltingarvegi hefur.

Síðasta sumar, lét ég hana byrja að taka Bio-Kult Candéa, tvö hylki á dag. Mjög fljótt urðum við varar við breytingu, hún hætti að kvarta undan magaverkjunum, regla komst á meltinguna og ristilkramparnir hættu.

Í dag tekur hún samviskusamlega eitt hylki eftir kvöldmat og nú 7 mánuðum síðar hefur ristilkrampinn ekki látið á sér kræla. Sykurþörfin er mun minni og höfuðverkurinn heyrir nánast sögunni til og þar með erum við ávallt að slá tvær flugur í einu höggi. Svo má nú ekki gleyma því að mamman tekur líka Bio Kult hylkin inn. Hinsvegar vil ég þó fyrst og fremst nota tækifærið og þakka fyrir þessa dásæmdar vöru sem hefur gjörbreytt lífi ungrar stúlku.

Með kveðju  
Heiðrún Guðmundsdóttir

**Bio-Kult Candéa hefur hjálpað mörgum sem hafa átt við meltingarvandamál að stríða eða barist við candida-sveppasýkingar í meltingarvegi.**

**É**g er með mjólkuróþol og var mjög oft með magaverki,“ segir Andrea Óskarsdóttir. „Ég var slæm í maganum með uppþembu og einnig fékk ég oft ristilkrampa. Mér finnst Bio-Kult Candéa hafa hjálpað mér töluvert, mér líður betur í maganum, ég er minna uppþemd og hef ekki fengið ristilkrampa frá því að ég byrjaði að nota Bio-Kult Candéa. Mér líður almennt betur, meltingin er komin í jafnvægi og er ánægð með hvernig mér líður núna í maganum,“ segir Andrea.

**G**uðrún Guðlaugsdóttir hefur notað Bio Kult Candéa hylkin í nokkra mánuði og finnur mikinn mun á sér. „Það má helst nefna að heilsan er öll mun betri og ég er ekki eins flensusækin. En það besta við Bio Kult Candéa, finnst mér að nú er sykurlöngunin horfin, ég sem hef alltaf verið svo mikill sætindagrís. Frábær hylki, sem ég tek daglega“ segir Guðrún.

**B**io-Kult Original er einstök og öflug blanda af 14 mismunandi vinveittum gerlum. Bio-Kult inniheldur mjög hátt hlutfall af vinveittum gerlum sem geta komið sér fyrir í þörmum meltingavegs.

- Öflug blanda af 14 mismunandi gerlastofnum (vinveittum gerlum).
- Styrkur í hverju hylki 2 milljarðar - Tvöföld virkni - samsvarandi að í hverju grammu eru 10 milljarðar af vinveittum gerlum.
- Frostþurrkað – þarf ekki að geyma í kæli – geymist á þurrum svölum stað.
- Fólk með mjólkur og soya óþol, má nota vöruna.

Mælt með vörunni í bókinni Meltingavegurinn og geðheilsa. Höfundur Dr. Natasha Campbell-McBride MD.

Bio-Kult hylkin eru forðahylki sem leysast upp í neðri hluta meltingavegs. Sérstök meðhöndlun hylkjanna í framleiðslu leyfa geymslu í stofuhita, óþarfi er að geyma hylkin í kæli. Bio-Kult hylkin er óhætt að nota að staðaldri. Þegar verið er að taka sýklalyf má taka tvöfaldan skammt.





...frá heilbrigði til hollustu



## Ólöglegar geldingar leikmanna

Ný lög um velferð dýra taka af öll tvímæli um það að dýralæknum einum er heimilt að gelda dýr, gildir einu um hvaða dýrategund er að ræða. Nýju lögin taka einnig af öll tvímæli um að við sársaukafullar aðgerðir skuli ávallt deyfa eða svæfa dýr, aðeins er gefin ein undantekning frá þeirri reglu en það er að eyrnamarka má lömb og kiðlinga innan við viku gamla án deyfingar. Ekki svo að skilja að lömb og kiðlingar finni minna til heldur er þessi undanþága sett af praktískum ástæðum.

Þrátt fyrir að gömlu lögin segðu að aðeins dýralæknar mættu gelda viðgekkst það að bændur geltu sjálfir svín, kálfa og lömb og það án deyfingar. Gömlu lögin voru ekki eins afdráttarlaus varðandi aðgerðir og þau nýju. Aldrei var látið á það reyna fyrir dómstólum að stoppa geldingar leikmanna, dýralæknar bentu þó ítrekað á að þetta væri alls ólíðandi gagnvart dýrunum og töldu geldingar leikmanna án deyfingar brot á lögunum. Það bætir ekki líðan dýra sem eru á lífi í dag að ræða um það sem var, við skulum frekar horfa fram á veginn.

### Þörf fyrir geldingar

Nú er það mat hvers og eins dýraeiganda hvort hann telji nauðsynlegt fyrir sinn búskap að gelda karldýr, á þetta aðallega við um grísi, kálfa og lömb. Þörf fyrir að gelda karldýr er mismikil, einna síst er þörfin við eldi nautgripa en þó eru nautkálfar geltir sums staðar til að forðast slagsmál í hópnum. Grísir og lömb eru hins vegar yfirleitt geld til að forðast tiltekna lykt og bragð af kjöti kynþroska karldýra. Hrutslömbum er yfirleitt slátrað fyrir kynþroskaaldur og því er geldinga ekki þörf á haustin. Sauðfjárbændur þurfa hins vegar að fækka hrútum eftir fengitíð auk þess sem einhver hrutslömb eru sett á að hausti vegna smæðar og því nauðsynlegt að gelda einhverja gripi ætli bændur að slátra þeim t.d. snemma að vori. Nautgripa- og sauðfjárbændur þurfa því að gera sér grein fyrir að þeim er óheimilt að gelda kálfa og hrúta sína, á það einnig við geldingar með Burdizzo-geldingatöngum sem því miður hafa verið seldar í stórum stíl til bænda undanfarin ár.

Geldingar grísa eru á sama skapi ólöglegar nema dýralæknir framkvæmi verkið undir deyfingu eða svæfingu. Svínabændur þurfa því að gera upp við sig hvort þeir sleppi geldingum og slátri grísunum fyrir

kynþroskaaldur, fái dýralækna til að gelda eða bólusetji gegn myndun lyktarinnar. Bólusetning er vænlegasti kosturinn fyrir grísina. Bólusetningar hafa verið stundaðar í áratugi í Ástralíu og Nýja-Sjálandi en Evrópulönd eru tregari að hefja bólusetningar. Það helsta sem mælir gegn bólusetningum er kostnaður, sem þó ætti ekki að vera meiri en sem nemur kostnaði við geldingu dýralækna með deyfingu og verkjastillingu, en allt telur auðvitað. Sýnt hefur þó verið fram á að bólusetningin auki fóðurnýtingu grísanna og vegur það upp á móti kostnaði. Neytendur verða þó að gera sér grein fyrir að allur kostnaður sem til fellur við eldið kemur fram í verði kjötsins, það er tvískinnungur að vilja betri meðferð dýra en vera svo ekki reiðubúin að borga fyrir velferð þeirra þegar varan er keypt út í búð.

### Viðbrögð við ólöglegum geldingum

Nýju lögin eru skýrari en eldri lög og á það ekki síst við um ákvæði sem fjalla um viðbrögð við brotum á lögunum og reglugerðum settum með stoð í þeim. Matvælastofnun eru færð ýmis úrræði til að krefja dýraeigendur um úrbætur til að stuðla að góðri meðferð á dýrum. Matvælastofnun vinnur nú að átaki eftirlits í sláturhúsum þannig að karldýr verða sérstaklega skoðuð m.t.t. til geldinga. Sé karldýr gelt mun stofnunin kalla eftir staðfestingu hjá eiganda um að dýrið hafi verið gelt af dýralækni. Ef eiganda tekst ekki að færa sönnur á að dýralæknir hafi gelt dýrið mun stofnunin beita þeim úrræðum sem hún hefur lögum samkvæmt, s.s. gera kröfur um úrbætur og auka eftirlit á viðkomandi búi.

Stofnuninni eru einnig færð tæki til að refsa fyrir að brjóta lögin, þ.e. stofnunin getur lagt stjórnvaldssektir á dýraeigendur. Sektor geta numið frá kr. 10.000 upp í kr. 1.000.000. Slíkt vald er vandmeðfarið og mun stofnunin gæta hófs í anda meðalhöfsreglu stjórnsýslulaga og beita vægari úrræðum fyrst um sinn meðan bændur eru upplýstir um breytt verklag. Ekki verður þó við það unað lengi að dýr séu gelt af leikmönnum án deyfingar, refsingum mun um síðir verða beitt.

**Sigurborg Daðadóttir,**  
yfir dýralækni



„Í þessu felst áskorun til okkar að bregðast við,“ sagði Trausti við eyfirska kúabændur. „Eða ætlum við að eftirláta kollegum okkar í nágrannalöndum að sinna markaðnum?“

Trausti Þórisson, fráfari formaður Félags eyfirska kúabænda:

## Liður í aukinni framleiðslu er að endurnýja erfðaefni

„Einn liður í að auka framleiðsluna er að hefja beinan innflutning á djúpfrystu sæði frá Noregi til að endurnýja erfðaefni í holdanautastofninum og er áhættumats að vænta, bæði frá MAST og Veterinærinstituttet í Noregi, nú í mars,“ sagði Trausti Þórisson, fráfari formaður Félags eyfirska kúabænda, þegar hann gerði skort á nautakjöti á innanlandsmarkaði að umtalsefni í ræðu sinni á aðalfundi félagsins nýverið.

Trausti sagði sárlega vanta nautakjöt á markað hér innanlands og kæmi þar tvennt til, mikið fall í förgun kúa seinni hluta liðins árs sem aftur má rekja til skorts á mjólk og hins vegar hafi ásetningur nautkálfa minnkað á milli árána 2012 og 2013, þó aðeins hafi hann þokast upp á við síðustu mánuði.

### Innflutningur mun aukast

Nefndi Trausti að gefin hafi verið út reglugerð í október á liðnu ári um úthlutun á opnum tollkvótum sem gilda til loka mars. Á liðnu ári voru flutt inn 265 tonn af hreinu nautakjöti, þar af voru 100 tonn af hakkefni. Þetta er að sögn Trausta um 70 tonna aukning frá fyrra ári og allt bendir til að innflutningur muni aukast til muna á þessu ári, framleiðslan þyrfti að aukast um 10% til að uppfylla þarfir innanlandsmarkaðar. Dýrari



Trausti Þórisson, bóndi á Hofsa og fráfari formaður Félags eyfirska kúabænda.

vöðvar, t.d. lundir, muni eðlilega verða fluttir inn í töluverðu mæli, ella þyrfti innlend framleiðsla að fjórfaldast.

### Áskorun fyrir okkur að bregðast við

„Í þessu felst áskorun til okkar að bregðast við,“ sagði Trausti

við eyfirska kúabændur. „Eða ætlum við að eftirláta kollegum okkar í nágrannalöndum að sinna markaðnum?“ Í framhaldi af þessu nefndi hann að einn liður í að auka framleiðslu væri að hefja beinan innflutning á djúpfrystu sæði frá Noregi til að endurnýja erfðaefni í holdanautastofninum. Áhættumats væri að vænta nú í þessum mánuði. Yrði það viðunandi og ráðherra heimilaði innflutning mætti gera ráð fyrir að bændum myndu standa holdanautasæði til boða strax í sumar eða um leið og lögum um innflutning dýra hefur verið breytt. „Ef ekki þá er málið dautt,“ sagði Trausti.

Læra af þeim sem standa sig best Annar kostur væri að líta til þeirra sem best standa sig í framleiðslu nautakjöts og læra af þeim. „Ég hef fullan skilning á að tíðarfar og uppskerubrestur á stóran þátt í því hvernig komið er en við hreinlega verðum að reyna að gera betur,“ sagði hann. Bændur þyrftu að temja sér kjarnfóðurgjöf í uppvexti kálfa, en bæði sparaðist við það gröffóður og gripurinn borgaði sig til baka og meira til. Trausti sagði bændur ekki geta vinst hækkunar á skilaverði ef mið væri tekið af ástandi og umræðu í þjóðfélaginu undanfarir. Viðbrögð neytenda við nýlegum hækkunum sláturleyfishafa voru hörð, svo ekki sé meira sagt. „Okkar eina svar við því er að gera betur,“ sagði Trausti.

/MÞÞ



Nýja minkahúsið í Holti hefur fengið nafið Minkholt.

Ljósmynd / Ólafur Árni Músson Stálsmiðju Suðurlands

## Þrjú þúsund fermetra minkahús rís í Holti í Árborg

– Alls fara 38 tonn af stáli í húsið, sem verður fyrir 1.200 læður

„Það gengur mjög vel, hér er fullt af smiðum og iðnaðarmönnum að vinna við að koma húsinu upp enda ætlum við að taka það í notkun um mánaðamótin júní/júlí í sumar,“ segir Björn Harðarson, bóndi í Holti í Stokkseyrarhreppi hinum forna. Hann er að byggja þrjú þúsund fermetra minkahús á

jörðinni með tengdasyninum, Ólafi Má Ólafssyni.

„Það verður pláss fyrir 1.200 læður í húsinu, auk hvolpa og högna, ásamt aðstöðu til að pelsa og þess háttar,“ segir Björn enn fremur. Húsið mun kosta um 140 milljónir króna. Yfirmsiður er Stefán Helgason frá Vorsabæ, en hann er með fyrirtækið

Kríutanga. Vélsmiðja Suðurlands á Selfossi er með allt stálvirki hússins, en í það fara um þrjátíu og átta tonn af stáli.

Í dag eru 300 læður í fjárhúsunum í Holti en þær verða allar fluttar í nýja húsið. Á bænum er einnig öflugt kúabú með um 70 kúm.

/MHH



Norðurþing:

# Mismikill orkukostnaður

Stefanía Gísladóttir sendi bæjarráði Norðurþings fyrirspurn vegna orkukostnaðar í sveitarfélaginu og fól ráðið bæjarstjóra í framhaldinu að taka saman greinargerð um málið og senda félaginu.

Fram kemur í erindi hennar að

stjórn Framfarafélags Öxarfjarðar hafi falið henni að senda fyrirspurn til bæjarstjórnar um hvort vilji væri til þess að jafna orkukostnað íbúa í sveitarfélaginu.

Vísað er til upplýsinga frá Byggðastofnun, en þar kemur fram að orkukostnaður húsnæðis á

Húsavík sé ríflega 75 þúsund krónur á ári fyrir rúmlega 117 fm húsnæði, en tæplega 202 þúsund krónur á Kópaskeri.

Framfarafélagið óskar eftir því að bæjarstjórn Norðurþings skoði gögn Byggðastofnunar út frá jafnræði íbúa sveitarfélagsins.

## ÚTUNGUNARVÉLAR 7-48 eggja

**Verðdæmi**

| Stærð    | Verðdæmi | m/vsk |
|----------|----------|-------|
| 7 eggja  | 19.900,- | m/vsk |
| 24 eggja | 59.900,- | m/vsk |
| 48 eggja | 79.900,- | m/vsk |

**JÖTUNN** Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | [www.jotunn.is](http://www.jotunn.is)

VELAR · VERSLUN · VARAHLUTIR | Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610 | Sími 480 0400 | [jotunn@jotunn.is](mailto:jotunn@jotunn.is)

Sauðfjárslátrun verður miðvikudaginn 2. apríl.  
Pantanir hjá Gísla í síma 455-2200.

**SAH Afurðir Blönduósi**

Tilboð á grillkjöti fyrir sumarið.  
Hálfur eða heill lambaskrokkur í grillsneiðar.  
Sjá upplýsingar á heimasíðu okkar [sahun.is](http://sahun.is)

## Dekkjainnflutningur

15% afsláttur af öllum dekkjum til 30. mars 2014

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.



**Jason ehf.**  
Hafnarstræti 88  
Akureyri

Vinsamlegast hafið samband við  
Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail [jasondekk@simnet.is](mailto:jasondekk@simnet.is)  
Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124

## Varahlutir

sem standast þínar kröfur

Við bjóðum upp á varahluti í flestar dísel- og bensínvélar frá viðurkenndum framleiðendum.



### Stimplar

Varahlutaverslunin Kistufell hefur sérhæft sig í sölu vélavarahluta í 60 ár.

- Fólksbílur
- Vörubílar
- Vinnuvélar
- Jeppar
- Traktorar
- Bátar



**KISTUFELL** - gæðin skipta máli  
Brautarholti 16 Sími: 562 2104 [www.kistufell.is](http://www.kistufell.is)

**KÄRCHER®**

## Ryksuger

Fyrir heimilið og vinnustaðinn

**CV 38/2**  
Ryksuga með bursta  
1150 wött  
5,5 ltr. tankur

**T 7/1**  
1200 wött  
7 ltr. tankur  
Gólfhaus

**T 12/1**  
1300 wött  
12 ltr. tankur  
Sérlega hljóðlát  
Margir fylgihlutir  
Gólfhaus

**T 10/1**  
1250 wött  
10 ltr. tankur  
Margir fylgihlutir  
Gólfhaus

**CV 48/2**  
Ryksuga með bursta  
1200 wött  
5,5 ltr. tankur

Margir aukahlutir fáanlegir

**RAFVER** KÄRCHER SÖLUMENN  
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · [rafver@rafver.is](mailto:rafver@rafver.is) · [www.rafver.is](http://www.rafver.is)

VERTU Á ÖRUGGUM STAÐ

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// [www.VBL.is](http://www.VBL.is)




### BREVIGLIERI - Jarðtætarar

| Gerð  | Stærð  | Útbúnaður      | Þyngd   |
|-------|--------|----------------|---------|
| B123v | 230 cm | Sléttunarhlari | 800 kg  |
| B123v | 250cm  | Sléttunarhlari | 850 kg  |
| B123v | 280cm  | Jöfnunarvals   | 1200 kg |
| B123v | 300cm  | Sléttunarhlari | 950 kg  |



### BREVIGLIERI - Pinnatætarar

| Gerð    | Stærð | Útbúnaður                     | Þyngd   |
|---------|-------|-------------------------------|---------|
| Mek 170 | 350   | Jöfnunarvals (50 cm), 2 hraða | 1650 kg |



[www.VBL.is](http://www.VBL.is)  
**VB LANDBÚNAÐUR** ehf.  
VB Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK  
Krókháls 5F  
110 Reykjavík  
Sími: 414-0000

AKUREYRI  
Baldursnes 2  
603 Akureyri  
Sími: 464-8600



# STEKKUR

## Íslendingar virða ekkert

Síðasta þriðjudagskvöld hlýddi fullur salur fólks í Eldborg í Hörpu á tónlistarflutning nokkurra af helstu listamönnum þjóðarinnar, meðal annars Bjarkar og Of Monsters and Men, auk Patti Smith og hinnar sænsku Lykke Li.

Tónleikarnir voru haldnir undir yfirskriftinni Stopp – Gætum garðsins sem er samstarfsverkefni Bjarkar, Darrens Aronofsky kvikmyndaleikstjóra, Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands. Fyrr um daginn hafði stórmyndina Noah sem Aronofsky leikstýrði verið frumsýnd sem hluti af viðburðinum. Allir listamennirnir sem fram komu gáfu vinnu sína og ágóðinn rann til Landverndar og Náttúruverndarsamtakanna.

Krafa aðstandenda Stopp – Gætum garðsins er sú að frumvarp um afturköllun nýrra náttúruverndarlaga verði dregið til baka og nýju lögin taki gildi 1. apríl næstkomandi eins og gert var ráð fyrir. Hálendi Íslands, stærsta víðerni í Evrópu þar sem ósnortin og lítt snortin náttúra fá enn notið sín, er ekki bara athvarf og fjársjóður okkar sem erfðum og munu erfa þetta land heldur heimsins alls. Hvergi annars staðar er að finna Mývatn, Þjórsárver, Sprengisand, Skaftafell og Langasjó.

Ég gæti skrifað langan pistil um þetta málefni. En vegna þess að það hefur verið gert áður og betur en ég mun nokkurn tíma geta gert ætla ég að leyfa mér að vitna í skrif annarra. Á gamlársdag 1970 birtist í Morgunblaðinu grein eftir Halldór Laxness sem hann nefndi Hernaðurinn gegn landinu. Flest sem þar kom fram á enn fullt erindi við okkur og því birti ég hér vel valin brot úr greininni.

### Hernaðurinn gegn landinu

Hér á andinn óðul sín öll sem verða á jörðu fundin.

Af öfugmælanáttúru sem íslendingum er lagin kappkosta sumir okkar nú að boða þá kenningu innan lands og utan, einkum og sérilagi þó í ferðaauglýsingum og öðrum fróðleik handa útlandingum, að Ísland sé svo landa að þar gefi á að líta óspila náttúru. Margur reynir að svæfa minnimáttarkend með skrumi og má vera að okkur sé nokkur vorkunn í þessum pósti. Hið sanna í málinu vita þó allir sem vita vilja, að Ísland er eina landið í Evrópu sem er gerspilt af mannavöldum. Því hefur verið spilt á umliðnum þúsund árum samtímis því að Evrópa hefur verið ræktuð upp. Nokkur svæði í miðjarðarhafslöndum Evrópu, einkum Grikkland, komaþ því næst að þola samanburð við Ísland að því er snertir spillingu lands af mannavöldum.

[...]

Því hefur verið haldið fram að þó íslendingar séu fullir af varahjónustu við rómantískan skáldskap eigi þeir bágð með að sýna í verki það sem þeir eru með á vörunum. Meðan þeir eru að fara með kvæði Jónasar og Steingríms um krystalstærar ár eru þeir kanski að keppast við að fylla þessar ár af sorpi. Þeir sem vaða mest uppi á opinberum vettvángi tala oft einsog þeim væri óljóst hvað fólki er heilagt. Þessvegna sagði þýski prófessorinn sem ferðaðist hér um árið: Die Isländer respektieren nichts. /fr

## Aðlögun að lífrænt vottuðu kjúklinga- og svínaeldi:

# Huga þarf einnig að möguleikum viðurkenningar á forsendum dýravelferðar

— að mati ráðunautar Bændasamtaka Íslands í lífrænni ræktun

Í síðasta Bændablaði var þeirri spurningu varpað fram, hvers vegna ekki væri lífrænt vottað kjúklingaeldi á Íslandi. Rætt var við dr. Ólaf R. Dýrmundsson, ráðunaut Bændasamtaka Ísland í lífrænni ræktun, um málið og kom fram í máli hans að margt væri óljóst um forsendur og skilyrði slíks eldis hér á landi. Til dæmis hafi það ekki legið fyrir hvaða skilyrði um aðbúnað og húsakost Vottunarstofan Tún gerði og ekki lægi ljóst fyrir hvort innleiða þyrfti nýjan kjúklingastofn til slíks eldis. Ólafur segir að hann hafi orðið var við nokkurn áhuga á slíku eldi en flestum þykir það of stórt skref í fyrsta áfanga. Hann telur að íhuga þurfi líka möguleikann á einhvers konar millistigi, þar sem ekki yrði um formlega lífræna vottun að ræða, heldur yrði viðurkenningin á forsendum dýravelferðar.

„Ég hef kannað stöðuna á lífrænt vottuðum búum í nágrannalöndum okkar, sérstaklega í Danmörk og Svíþjóð. Í Danmörku eru nokkur slík bú og er dálítill sala þaðan hingað til lands eins og komið hefur fram. Danir nota kjúklingastofninn JA 757 frá Hubbard fyrirtækinu og njóta ungarnir útivistar frá þriggja til fjögurra vikna aldri — allt til slátrunar. Svipað er í Svíþjóð, en þar eftirspurn miklu meiri en framboð enda aðeins eitt vottað kjúklingabú, Bosarp (www.bosarpkyckling.se). Notaður er sami stofn og í hefðbundnu eldi en fóðrun mun vera með öðrum hætti og eldistíminn lengri. Útivist nær allt æviskeiðið og þannig yrði það líka hér á landi. Vottunarstofan Tún er með nánari útfærslu á reglunum í vinnslu,“ segir Ólafur.

### Skýr stefnumörkun frá Búnaðarþingi 2014

Að sögn Ólafs gaf Búnaðarþing 2014 mjög skýra og stefnumarkandi línu um að efla beri framleiðslu á lífrænum landbúnaðarvörum og nýta þau tækifæri sem eru til staðar í framleiðslu og sölu á lífrænum landbúnaðarvörum. „Bændasamtök Íslands (BÍ) munu eflaust reyna að framfylgja þessu eftir fremsta mengi. Þannig eru bændur í öllum búgreinum hvattir til að meta og nýta þau tækifæri sem gefast til að auka framleiðsluna. Formaður stjórnar BÍ hefur m.a. lagt áherslu á þennan vaxtarbrodd í viðtölum í fjölmiðlum, þar með framleiðslu íslensks kjúklingakjöts með lífræna vottun — í stað þess að flytja það



Í undirbúningi er vistvænt kjúklingaeldi á Gunnarshólma í Kópavogi, þar sem rýmra verður á fuglunum en í þéttbæru eldi.

Mynd / smh



„Hamingjusvín“ á lífrænt vottuðu búi á Sjálandi með sérstaka viðurkenningu frá Dýraverndarsambandi Danmerkur. Í bakgrunni sér í vistarverur svínanna; færanleg tjöld.

Mynd / Dyrevennen / DB

## Félag kjúklingabænda: Ekki orðið vart við áhuga á slíku eldi

Ingimundur Bergmann, formaður Félags kjúklingabænda, segist ekki hafa orðið var við áhuga hjá sínum félagsmönnum á því að hefja lífrænt vottað kjúklingaeldi.

„Ég ákvað nú samt að kynna mér málið, því það virðist vera sá misskilningur í gangi að það sé frekar einfalt mál að fara úr hefðbundnu kjúklingaeldi yfir í lífrænt vottað. Slík umskipti myndu kalla á ný eða breytt hús og að fuglinn gæti farið út — en það er bannað í okkar eldi. Þá þyrftu að vera gluggar á húsunum til að hleypa birtu inn, en líka einhvers konar gluggatjöld til að draga fyrir á sumrin svo þeir geti sofð — svo ég nefni einhver dæmi. Þannig að það er eitt og annað sem myndi gera kjúklingabændum erfitt fyrir ef þeir hefðu hug á því að skipta að einhverju leyti yfir í lífrænt vottað eldi.

Hins vegar hef ég mikinn áhuga á öðru, sem Svíar til dæmis hafa kallað „hamingjukjúklinga“ eða eitthvað í þá veru. Þá er um að ræða venjulega kjúklinga sem aldir eru upp í miklu rýmra húsnæði en gert er í hefðbundnu



Ingimundur Bergmann

eldi. Þá leið er tiltölulega auðvelt að fara, en myndi um leið þýða að varan yrði mun dýrari. Mér sýnist það vera raunhæfari leið til að byrja með.

Mér finnst umræðan um þessi mál vera af hinu góða og þarft að varpa ljósi á sem flesta fleti hennar. Það er líka bara gott mál ef það verður raunhæft að stunda lífrænt vottað kjúklingaeldi hér á landi og örugglega einhverjir kjúklingabændur til í að gera það ef það verður hægt með arðbærum hætti.“

„Á árunum 2007-2012 var ég formaður Dýraverndarsambands Íslands (DÍS) og þrjú af þeim árum var ég í forsæti Dýravelferðarsambands Norðurlanda. Á þeim árum var verið að kynna áform Dýraverndarsambands Danmerkur (Dyrenes Beskyttelse) um að veita tilteknum búum viðurkenningu eða vottun vegna fyrirmyndar meðferðar á búfé, hvort sem þau væru með lífræna viðurkenningu eða ekki. Okkur fulltrúunum, sem sátu Norðurlandafundinn í Kaupmannahöfn sumarið 2011, var boðið að skoða eitt þessara búa, svínabú á sunnanverðu Sjálandi þar sem mjög áhugavert tilraunaverkefni var í gangi. Nú eru þessi viðurkenndu dýravelferðarbú orðin 11 að tölu í ýmsum búgreinum, afurðimar eru upprunamerktar og neytendahópurinn fer stækkandi.“

### Viðurkenning á forsendum dýravelferðar

„Því má hugleiða hvort bú, líkt og væntanlegt kjúklingabú á Gunnarshólma, gæti fengið viðurkenningu á grundvelli velferðar fuglanna sem reikna má með að

þess má geta að fyrirhugað er námskeið þann 15. apríl næstkomandi um fyrstu skrefin í aðlögun að lífrænum búskap og er námskeiðið auglýst hér í Bændablaðinu. Þar verður meðal annars vikið að reglum um lífrænt kjúklingaeldi. /smh



REYKJAVÍK S: 414-0000 / AKUREYRI S: 464-8600 / [www.VBL.is](http://www.VBL.is)**NÝR John Deere 6115 M – 115 hestöfl**

Ný model af John Deere dráttarvél með ýmsum nýjungum

- Vélin er með nýjustu gerð að John Deere H340 ámoksturstækjum með dempara
- Dekk 540/65R38 og 480/65R24
- 4 gíra vökvavendigirar og 6 gíra girkassi með vökvavendigir
- Loftkæling í húsi og afturrúðupurrka
- Mjög vandað ökumannssæti
- Fjadrandi farþegasæti með öryggisbeltum
- Tvöföld ökuljós og 10 vinnuljós
- Lyftukrókur, vökvaútskjótanlegur
- Stór eldneitsgeymir og öflugur alternator
- Útsláttarrofi á rafmagni
- Blokkarhitari
- Öflug glussadæla
- 3 þór vökvaúrtök og viðbragðsvökvaúrtak

**Verð frá kr. 11.500.000 + vsk.**

Verð miðast við gengi GBP 189

**JOHN DEERE****NB****LANDBÚNAÐUR** ehf.[www.VBL.is](http://www.VBL.is)

NB Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK  
Krókháls 5F  
110 Reykjavík  
Sími: 414-0000AKUREYRI  
Baldursnes 2  
603 Akureyri  
Sími: 464-8600**Námskeið:****Aðlögun að lífrænum búskap – fyrstu skrefin**

Námskeið verður haldið á vegum Lífrænu akademíunnar í Reykjavík, þriðjudaginn 15. apríl 2014, um lífræna aðlögun, framleiðslureglur, leiðbeiningar, eftirlit og vottun, aðlögunarstuðning, vinnslu og markaðssetningu lífrænna afurða. Kjörrið tækifæri fyrir bændur og aðra sem hyggjast hefja lífræna ræktun og afla sér þekkingar.

Skráning: [ord@bondi.is](mailto:ord@bondi.is) og [tun@tun.is](mailto:tun@tun.is) eða í síma 563 0300 og 511 1330.

Þátttökugjald: Kr. 15.000.

Lífræna akademían er samstarfsvettvangur fag- og hagsmunaaðila á sviði lífrænnar framleiðslu Bændasamtök Íslands – Vottunarstofan Tún – VOR, Félag framleiðenda í lífrænum búskap

**Auglýst eftir umsækjendum um jarðræktarstyrki**

Bændasamtök Íslands auglýsa eftir umsækjendum um jarðræktarstyrki vegna framkvæmda á árinu 2014. Opnað verður fyrir rafrænar umsóknir í Bændatorginu 26. mars nk. Á Bændatorginu geta bændur sótt um jarðræktarstyrki ræfrænt. Umsóknarfrestur er 10. september 2014. Skriflegum umsóknum er einnig hægt að skila á skrifstofu Bændasamtaka Íslands.

Framlög til jarðræktar fara eftir verklagsreglum 708/2013um framlög til jarðaræktar og hreinsunar affallsskurða staðfestum af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og fjalla um ráðstöfun fjármagns úr jarðræktarsjóði, skv. 5.gr. samnings um verkefni samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998 og framlög til þeirra á árunum 2013 til 2017, dags. 28. september 2012 sbr. grein 6.4 í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, dags. 10. maí 2004, með síðari breytingum, og grein 4.5 í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, dags. 25. janúar 2007, með síðari breytingum. Skilyrði þess að verkefni njóti framlags er að fram hafi farið úttekt sem viðurkenndir úttektaraðilar sjá um sbr. verklagsreglur 707/2013 um framkvæmd úttekta. Úttektum skal að jafnaði vera lokið fyrir 15. nóvember ár hvert og eru styrkir greiddir fyrir árslok. Í Bændatorginu verður hægt að nálgast frekari upplýsingar um verklagsreglur um framlög og úttektir.



Bændasamtök Íslands  
Bændahöllinni við Hagatorg  
107 Reykjavík

CE - VOTTUÐ FRAMLEIÐSLA

**HLJÓÐ-VARNARGLER**

Er hávaðinn að trufla?

Hafið samband við sölumenn okkar ÍSPAN, SMÍÐJUVEGUR 7, S. 54-54-300 [Ispan.is](http://Ispan.is)

Opið alla virka daga 08:00-17:00  
Sendum um allt land

**Ispan**  
GLER OG SPEGLAR

Smíðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - Sími: 54 54 300 [www.istan.is](http://www.istan.is) - [istan@istan.is](mailto:istan@istan.is)

**praxis**  
... þegar þú vilt þægindi

**Fatnaður og skór til vinnu og frístunda**

Vatteraðir jakkar fyrir dömu og herra í 5 litum  
Verð 14.900

25240  
Litir: Svartur/hvítur  
Str. 36-42  
Verð 9.900,-



Teg. 25180  
Litir: Svart/Hvitt  
Str. 36-46  
Verð 10.500,-



Teg. 25090  
Litir: Svart/Hvitt/Blátt  
Str. 36-42  
Verð 14.900,-

Teg. 25130  
Litir: Svartur/hvítur  
Str. 36-42  
Verð 10.500,-

**Praxis.is**  
Pantið vörulista

Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878  
Opið mánud. - föstud. 11:00-17:00, lokað laugardaga.

**Árshátíð sauðfjárbænda 2014**

Árshátíð Landssamtaka sauðfjárbænda verður haldin föstudaginn 4. apríl næstkomandi í Súlnasal Hótel Sögu. Hátíðin hefst með fordrykk kl. 19, en borðhald kl. 20.

Veislustjóri er Sólmundur Hólm. Söngbræður skemmta og hljómsveitin Dans á rósum leikur fyrir dansi.

**Matseðill:** Bleikja með tilbrigði, agúrkuböggull, eggjakrem, piparrótarsnjór, norræn vinaigrette og stökkt rúgbrauð.

Hryggjarvöðvi af íslensku fjallalambi, árstiðarinnar besta rötargrænmeti, Hasselback kartöflur og blóðbergsgljái

Súkkulaði og kókosmousse á stökkum botni, passionkrem og ekta vanillús

Miðaverð er kr. 6.500

Tekið er við miðapöntunum á skiptiborði Bændasamtakanna í síma 5630300. Hægt er að panta borð fyrir hópa (að lágmarki 8 manns).

Þegar er uppbókað á Hótel Sögu þann 4. apríl og þeir sem ekki hafa tryggt sér gistingu þar verða því að leita annara leiða. Af gefnu tilefni er tekið fram að pöntun á gistingu felur ekki í sér pöntun á miða og öfugt.

**Árshátíðarnefnd LS þakkar eftirtöldum fyrirtækjum stuðninginn við hátíðina**

Búaðföng  
Ferðapjónusta bænda  
Fjallalamb  
Fóðurblandan  
H. Hauksson  
Íslandsbanki  
Ístex  
Jötunn vélar  
Kaupfélag Borgfirðinga  
Kaupfélag Skagfirðinga  
Kraftvélar  
Landstólpi

Lífland  
Límtré-Virnet  
Norðlenska  
Pakkhúsið Hellu  
SAH afurðir  
Skeljungur  
Sláturfélag Suðurlands  
Sláturfélag Vopnfirðinga  
Sláturhús KVH  
VB landbúnaður  
Vélfang  
VÍS  
Þór



Fjölbrautaskóla Suðurlands færðar góðar gjafir:

# Stóreflir framhaldsdeild í vélvirkjun

– Nemendur spreyta sig við smíði á vindrafstöð úr úrgangsefnum og gera skýrslu um virkjun á litlum læk

Framhaldsdeild í vélvirkjun við Fjölbrautaskóla Suðurlands hefur verið styrkt mjög að undanfögnu með góðum gjöfum til skólans. Er vélvirkjakennslan við skólann því orðin mun tæknivæðara en áður, sem opnar gríðarlega möguleika fyrir nemendur í framtíðinni. Nám í deildinni er mjög hagkvæmt og þar læra nemendur m.a. málsmuðu, efnisfræði, vélfræði, rennismiði, blikksmiði og fleira sem kemur að beinum notum við margvísleg störf.


*Tölvustýrður rennibekkur, fleiri gjafir og aðstoð*

Meðal gjafa ert lítill CNC rennibekkur sem gefinn var skólanum nú á dögunum. Það var hann Kristján B. Ómarsson uppfinningar í Fjölbendi sem gaf bekkinn. Fyrir þá sem ekki vita þá er stendur CNC fyrir tölvustýrðar iðnvélar. Rennibekkurinn vinnur sjálfvirk eftir fyrir fram gerðu NC-forriti sem nemendur forrita. Skólinn keypti og tók í notkun hermir sem sýnir raunverulega hvernig CNC rennibekkur, fræsari, skurðarvél vinna, en með því geta nemendur prufukeyrt forritin áður en þau eru sett í vélnar.

Þá má nefna Solidworks 3 víddarteikniforritið, sem þorvaldur Guðmundsson kennir á. Skólinn fékk forritið til prufu frá ProNor ehf. Forritið hefur fært teiknikennsluna upp á talsvert hærra plan. Sem dæmi má nefna að í Solid Works er mjög auðvelt er að styrkleika prófa allt frá tannstönglu upp í stóra burðarbita í stálgrindarhúsum og þaðan af stærri hluti.

Borgþór Helgason, rekstrar-iðnfræðingur og kennari í málmiðgreinum, segir að þeir sjái síðan fyrir sér þrívíddarprentara í hyllingum, en talað er um að slíkir prentarar ásamt þrívíddarteikniforritum séu hluti af þriðju iðnbýltingunni.

Skólanum hafa einnig borist fleiri gjafir sem nýtast framhaldsdeildinni



Nemendur við orkuverkefni sín í vélvirkjun, vindmyllu og rauðan vatnshrút, talið frá vinstri: Brynjar Gísli Stefánsson, Bjarki Eiddsson, Bjartmann Styrmir Einarsson, Steinar Már Steinarsson, Elvar Már Ölversson og Magnús Már Magnússon. Á myndina vantar Eyjólf Böðvar Benediktsson, Jón Gunnar Thorsteinsson, Magnús Inga Gunnarsson, Magnús Val Sveinsson, Pál Orra Þrastarson og Stefán Hansen Daðason. Mynd / BH



Borgþór Helgason

í vélvirkjun. Þar má nefna fullkomið loftstýri-tilraunaborð frá FESTO, sem gefið var af Rafiðnaðarsambandi Suðurlands. Með FESTO MecLab búnaðinum búa nemendur til stýringar í Fluid Sim hermi sem keyrir síðan

tilraunastöðvar. Hægt er að setja inn bilanir inn í stöðvarnar sem nemendur glíma við. Einnig læra þeir að forrita iðntölvu sem leysir fyrir fram ákveðin verkefni.

Þá afhenti Iðan fræðslusetur skólanum sex kassa af vökvabúnaði, dælum, vökvamóturum og lokum, en þessi gjöf nýtist vel í Vökvatækni. Eins gáfu Netpartar skólanum tvær vélar sem nýtast vel í aflvélavirkjun. Marel hefur stutt dyggilega við skólann með efnisgjöfum sem nýtist fyrir Tig-suðu og rennismiði, þar sem Ingvar Grétar Ingvarsson og Sigurður Grímsson kenna, og svo mætti lengi telja.

*Sjálfbærni er í hávegum höfð – vindmyllu- og vatnshrútasmiði úr endurnýtanlegum hlutum*

Nemendur í vélvirkjun hafa gert margvíslegar tilraunir og m.a. smíðað vindmyllu, í samstarfi við

rafvirkjadeildina þar sem Grímur Lúðvíksson og Þór Stefánsson kenna, til raforkuframleiðslu úr ýmsum hlutum sem hætt var að nota. Uppistaðan í myllunni er gömul fjós vífta, aflagðar vegstikur, vatnsdæla úr Nissan, rafal úr Subaru og varadekk af Bronco svo fátt eitt sé nefnt. Smíðin er langt komin og lofuðu prófanir góðu.

Við vatnshrútinu notuðust menn við bremsukút af gamalli Bens vörubifreið og aflagða rörabúta úr gömlu fjárhúsi. En fyrir þá sem ekki vita þá er vatnshrútur sjálfvirk vatnsdæla sem getur dælt vatni án rafmagns. Við prófanir náðu nemendur að dæla vatni upp á þak skólans. Stórir vatnshrútar geta dælt allt í tuga metra hæð þannig að möguleikarnir eru miklir fyrir fólk sem vill leysa vatnsvandamál við sumarhús eða útihús. Sjá nánar á youtube.com, skrifið ram pump í leitardálkinn.

*Virkjanaverkefni*

Mjög áhugavert virkjanaverkefni er lagt fyrir nemendurnar, þeir velja sér lækjarsprænu og skila skýrslu um hana og mögulega virkjunarmöguleika. Í náminu er farið yfir túrbínugerðir, lón, lög og reglugerðir og allt það sem kemur því við að búa til smávirkskjun. Farið er yfir hvernig hægt er að mæla rennslishraða í ám, en við þá mælingu má meðal annars notast við þurrkað hrossatað og appelsínu. Fyrir áhugasama er hægt að nálgast kennslufnið Litlar vatnsaflsvirkjanir á vef Orkustofnunar [www.os.is](http://www.os.is)

*Starfsvettvangur vélvirkja*

Starfsvettvangur vélvirkja er gríðarlega fjölbreyttur og skemmtilegur meðal starfa sem vélvirkjar fást við er smíði og uppsetning á stálgrindarhúsum, nýsmíði á vélbúnaði, röralagnir, blikksmiði, rennismiði, suðuvinnu, teiknivinnu og svo mætti lengi telja.

*Góður grunnur*

Segist Borgþór treysta sér hiklaust til að mæla með námi við skólann fyrir þá grunnskólanemendur sem hafi t.d. þegar ákveðið að gerast tækni- og eða verkfræðingar. Þá sé góður undirbúningur að fara í vélvirkjun í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Hægt er að útskrifast af vélvirkjabraut með viðbótarnámi til stúdents. Nemendur taka síðan sveinspróf úr öllu námsefninu eftir að hafa unnið við greinina í ákveðinn tíma. Grunnurinn sem nemandinn fær í skólanum er því góður að sögn Borgþórs.

Hann segir þær gjafir sem skólinn hefur fengið vera ómetanlegar. Bendir hann einnig á að ef fleiri fyrirtæki eða einstaklingar vilji láta gott af sér leiða til eflingar í vélvirkjanáminu megi hafa samband við Borgþór í síma 697-3217.

# Vatn og orka – Dagur vatnsins 2014

Á laugardaginn næstkomandi, 22. mars, verður haldinn hátíðlegur alþjóðlegur dagur vatnsins, en haldið er upp á hann á hverju ári um heim allan í þeim tilgangi að vekja athygli á mikilvægi vatnsauðlindarinnar og sjálfbærri nýtingu hennar. Í ár er þema dagsins „vatn og orka“, með áherslu á mikilvægi vatns við flutning og framleiðslu á orku á sjálfbæran hátt. Af þessu tilefni er gagnlegt fyrir okkur Íslendinga að horfa yfir sviðið og meta hvar við stöndum í þessum málum, sérstaklega í ljósi þess að undanfarin ár hefur talsvert borið á gagnrýni á nýtingu orkuauðlinda hérlandis. Öll málefnaleg gagnrýni á auðvitað rétt á sér og getur veitt hollt aðhald. En hvar stöndum við Íslendingar í þessu sambengi?

Þegar staðreyndirnar eru skoðaðar kemur fljótt og skýrt í ljós að þegar kemur að framleiðslu og flutningi orku á sjálfbæran hátt erum við á margan hátt í algerum sérflokk. Má þar t.d. skoða hitaveiturnar okkar. Á árinu 2012 var hlutfallsleg skipting húshitunar á Íslandi þannig að rúm 89% nýttar orku var í formi jarðhita og 10% með rafmagni, þ.e. yfir 99% af orku nýttar til húshitunar á Íslandi var í formi endurnýjanlegrar orku. Árið 1970 var þetta sama hlutfall um 53% með olíu, 5% með rafmagni og 42% með jarðhita. Meðal jákvæðra afleiðinga þessarar þróunar eru gríðarlegur gjaldeyrisparnaður fyrir



Sigurjón Norberg Kjærsted

þjóðina, lægri kostnaður heimila vegna húshitunar og mun minni losun á gróðurhúsalofttegundum.

Það sem hefur verið umdeildara en nýting jarðvarmaorku til húshitunar er virkjun hennar og vatnsafls til rafmagnsframleiðslu. Þrátt fyrir að kannanir sýni að mikill meirihluti landsmanna sé fylgjandi nýtingu bæði vatnsaflsins og jarðvarmans, þá hefur gagnrýni á nýtingu þeirra á tíðum verið áberandi, sérlega í fjölmiðlum. Þess vegna er svo áhugavert að skoða hvernig haldið er upp á dag vatnsins á alþjóðavettvangi. Á þessu ári sameinast alþjóðlegar stofnanir, stjórnvöld, fyrirtæki og umhverfisverndarsamtök víða um heim í þeirri viðleitni að vekja athygli á og styðja við flutning og



framleiðslu á orku með vatni, á sjálfbæran hátt. Sem er nákvæmlega það sem við gerum hér á landi og þar sem við stöndum svo framarlega. Staðreyndirnar tala sýnu máli:

- Við nánast alla rafmagnsframleiðslu hér á landi er notast við endurnýjanlegar orkuauðlindir. Hlutfall endurnýjanlegrar orku af heildarframleiðslu rafmagns, sem Evrópuþjóðir berjast við að ná upp í 20%, er nánast 100% hjá okkur.
- Yfir 85% frumorkunotkunar á Íslandi er endurnýjanleg orka – og þá er tekið tillit til allrar orkunotkunar í hvaða formi sem er. Þessi tala mun svo með tímanum breytast til batnaðar,

með aukinni notkun raforku í samgöngum.

- Íslensk orkufyrirtæki eru í fremstu röð í heiminum þegar kemur að sjálfbærri nýtingu vatnsaflsins. Má þar nefna sem dæmi nýlega úttekt á rekstri Blöndustöðvar Landsvirkjunar, sem unnin var af erlendum sérfræðingum samkvæmt alþjóðlegum matslykli um sjálfbærni vatnsaflsvirkjana. Þar kom í ljós að m.t.t. sjálfbærar nýtingar er Blönduvirkjun framúrskarandi – í raun með einn hæsta árangur í slíkri úttekt sem um getur.
- Þegar kemur að því að nýta jarðvarmaorku á sjálfbæran hátt standa fáir – ef nokkrir – okkur framar. Við erum t.d.

frumkvöðlar þegar kemur að líkanagerð, niðurdælingu og heildstæðri nálgun að sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar. Einnig er vert að minnast á innlend rannsóknarverkefni sem eru einstök í heiminum, eins og t.d. SulFix verkefni Orkuveitu Reykjavíkur, Landsvirkjunar og HS Orku þar sem unnið er að því farga brennisteinsvetni frá Hellisheiðarvirkjun með hagkvæmum, árangursríkum og umhverfisvænum hætti.

Í kynningu á degi vatnsins 2014 á heimasíðu UN Water, sem er stofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna sem sér um öll ferskvatnstengd verkefni þar, eru sýndar þrjár myndir og er ein af þeim frá Íslandi, af Nesjavallavirkjun. Vætanlega hafa sérfræðingarnir að baki kynningu UN Water ekki hugsað sig tvisvar um að setja mynd af íslenski jarðvarmavirkjun þar. Þegar kemur að því sem dagur vatnsins í ár snýst um þá erum við Íslendingar í fremstu röð. Það sem meira er, það að við séum til fyrirmyndar í þessum efnum er viðurkennt og óumdeilt á alþjóðavettvangi.

Verum stolt af því sem við gerum vel, verum stolt af vatninu og okkar framúrskarandi veitum og virkjunum.

*Sigurjón Norberg Kjærsted, framkvæmdastjóri veitusviðs Samorku – Samtaka orku- og veitufyrirtækja*



## Hveragerðisbær: Skoðanakönnun um sameiningu

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar hefur samþykkt að samhlíða sveitarstjórnarkosningunum 31. maí í vor verði farið í ráðgefandi skoðanakönnun meðal íbúa um vilja þeirra til sameiningar.

Spurt verður hvort viðkomandi vilji sameinast öðru/öðrum sveitarfélögum og ef svo er verði gefnir 3-4 valkostir um sameiningarmöguleikana. Bæjarstjórn næsta kjörtímabils mun síðan vinna í samræmi við niðurstöður skoðanakönnunarinnar.

„Það er alveg ljóst að ákvörðun um undirbúning mögulegra sameininga er eðlilegast að íbúar taki og byggji ákvörðun sína á því hvort að þeir telji betra að Hveragerði sé sjálfstætt sveitarfélag eða hluti af öðru stærra“, segir Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri. /MH

Hótel Dyrhólaey 24. og 25. mars 2014

Aðalfundur

Ferðapjónustu bænda hf. 24. mars kl. 10-12  
Félags ferðapjónustubænda 25. mars kl. 9-12

Þann 24. mars kl 13.00 mun Ragnheiður Elín Árnadóttir atvinnu- og nýsköpunarráðherra opna endurhannaða vefsíðu [www.farmholidays.is](http://www.farmholidays.is) á Hótel Dyrhólaey.

Sama dag kl. 14.30 verður Örn Árnason með hugvekju um ólíka menningarheima og kl. 16 verður haldið í vettvangsferð. Kvöldverður og kvöldskemmtun. Sólmundur Hólm mun sjá um veislustjórn og Granít um tónlistina.

ferðapjónusta bænda  
BÆNDAFERÐIR

félag ferðapjónustubænda



...stígðu næsta skref í stígvélum frá Bekina

## RÚNINGSVÖRUR Í ÚRVALI

### Úrval af klippum frá Lister og Liscop

- ▶ Hnífar og kambar í miklu úrvali
- ▶ Varahluta- og viðgerðapjónusta
- ▶ Brýnsla á hnífum og kömbum



Verð kr  
**2.990 – 269.000,-**  
m/vsk

### Rúningsmökkasíur



Verð kr  
**11.900,-**  
m/vsk

### Rúningsrókur

Opnar og lokaðar



Verð kr  
**47.000,-**  
m/vsk

**Landsins mesta úrval af sauðfjár-,  
hrossa- og kúaklippum og fylgihlutum.**

**Eigum einnig til fyrir rúninginn:  
Kamba, hnífa, klippuolíur,  
brýnslupappír, lím, o.m.fl.**



Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | [www.jotunn.is](http://www.jotunn.is)  
Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610 | Sími 480 0400 | [jotunn@jotunn.is](mailto:jotunn@jotunn.is)

## Kæliklefar

Einfaldir í uppsetningu

Kæli- eða frystiklefar

Allar stærðir í boði

Úrval kælikerfa

Úrval hillukerfa

Marstilboð frá

**669.000**

með kerfi

m.vsk.

# íshúsið

Allt í kælikerfið á einum stað

S:566 6000 | [ishusid@ishusid.is](mailto:ishusid@ishusid.is) | Smíðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

[www.buvis.is](http://www.buvis.is)

Verið velkomin á vefsíðu okkar

TRAUST OG GÆÐI  
VELDU BÆÐI

## ÁVINNSLUHERFI



- 4, 6 og 8 metra
- Hægt að snúa vinnslumottu við til að auka eða minnka ávinnslugetu.
- Verð 4m kr. 196.000,- án vsk.
- Verð 6m kr. 315.000,- án vsk.

## JARÐVINNSLUHERFI MEÐ JÖFNUNARVALSI



- Vinnslubreidd 3 metrar
- 4 mm diskur
- Þvermál diska 54 cm
- Verð kr. 1.290.000,- án vsk.

**Búvís**  
Akureyri

Búvís ehf. | Akureyri | Sími 465 1332 [www.buvis.is](http://www.buvis.is)

**Bændablaðið**  
Næsta blað kemur út 3. apríl

A new generation of heat pumps  
DESIGNED FOR EARTH

Fáðu gott tilboð!

**NIBE**

Ný kynslóð af varmadælum  
NIBE ágrerð 2014 sparar meira

NIBE™ F1245 Jarðvarmadæla  
[www.friorka.is](http://www.friorka.is)

Hér er á ferðinni ein besta varmadæla sem komið hefur. Þessi verðlaunaða varmadæla hitar, ofnakerfi, gólfhita, neysluvatn o.fl.

Allt að 70°C framrásarhiti og þú getur valið neysluvatnshitastig. NIBE F1245 getur notað, jörð, sjó, stöðuvatn og allt að 30°C heita uppsprettu til orkuöflunar.

NIBE F1245 SCOP 5.15

Allur búnaður innandyrna. Einstaklega hljóðlát, aðeins 21-28db.

Nýtt



NIBE er stærsti framleiðandi á varmadælum í Evrópu með um helming markaðshlutdeild. Yfir helmingur allra húsa í Svíþjóð er t.d. með búnað frá NIBE og um 80% Svía hita hús sín með varmadælu.

S: 571 4774

**F Friorka** [friorka@friorka.is](mailto:friorka@friorka.is)



## Orkumál - fréttaskýring

Bretar virðast telja að Ice-link verkefnið renni ljúflega í gegnum Alþingi:

# Vaxandi þungi sagður vera af hálfu Íslendinga um lagningu sæstrengs

– Lítið heyrir þó um ákvarðanir og spurningum er ósvarað hér á landi um hvort sæstrengslögn yrði til góðs eða illis fyrir þjóðfélagið í heild

Hörður Kristjánsson  
hk@bondi.is



Sífelld meiri þungi er í umræðu um svokallað IceLink-verkefni um sæstreng til Evrópu þó að vitað sé að slíkt muni leiða til verulegrar hækkunar á raforkuverði á Íslandi. Strengurinn, sem yrði lengsti jafnstraums(DC)-sæstrengur í heimi, um 1.000-1.200 kílómetrar, myndi liggja á allt að 1.000 metra dýpi. Er rætt um að orkan frá honum eigi að duga tveim milljónum heimila í Bretlandi, að því er fram kemur á vefsíðu Atlantic Supergrid Corporation. Mjög litlar fregnir berast þó frá Alþingi Íslendinga um að einhverjar ákvörðunar sé að vænta í málinu. Fram að þessu hefur það verið knúið áfram af Landsvirkjun án mikilla afskipta frá fulltrúum eigenda. Breyting virðist þó vera þar að eiga sér stað með aukinni þátttöku iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Breskir fjölmiðlar hafa að undanförunu gripið sæstrengshugmynd Landsvirkjunar á lofti í afar einsleitri umfjöllun. Sama má reyndar segja varðandi umfjöllun flestra íslenskra fjölmiðla. Bæði Economist og Financial Times telja þetta athyglisverðan möguleika sem geti bæði Íslandi auknar útflutningstekjur og um leið veitt strengur Bretum aðgang að orku sem væri mun tryggari en óviss orka frá breskum vindorkuverum. Lítið er þó minnst á að einhverjar neikvæðar hliðar kunni að vera á málinu. Minnir þetta óneitanlega á fagurgala fjármálamanna fyrir hrun sem blessaður var nær gagnrýnislaus í flestum fjölmiðlum í bak og fyrir. Samt er hér verið að ræða um verkefni sem í heild gæti hæglega kostað yfir þúsund milljarða króna.

Þetta snýst líka um að sú orka sem flutt yrði úr landi mun ekki nýtast við atvinnuuppbyggingu á Íslandi. Þar er því verið að tala um hreinan hræfnisútflutning og útflutning á atvinnutækifærum.

Atvinnuveganefnd Alþingis fékk til umsagnar skýrslu ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu sem lögð var fram af iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Niðurstaða úr þeirri umfjöllun sem nefndin afgreiddi þann 30. janúar sl. er í raun harla veigalítil. Þar segir í niðurlagi:

„Nefndin áréttar að hún leggst hvorki gegn né mælir með því að lagður verði sæstrengur til Evrópu. Nefndin leggur hins vegar til að ráðherra vinni áfram að málinu enda eru, eins og áður er lýst, margir óvissuþættir sem þarf að huga að.“

Áður hafði fjárhags- og viðskiptanefnd sent frá sér svipaða niðurstöðu í desember. Sama niðurstaða kom frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Björt Ólafsdóttir, Guðmundur Steingrímsson, Brynhildur Pétursdóttir, Óttarr Proppé, Páll Valur Björnsson og Róbert Marshall lögðu síðan fram tillögu til þingsályktunar um að hrinda án tafar í framkvæmd tillögum ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu. Þar er gert ráð fyrir að iðnaðar- og viðskiptaráðherra skili Alþingi skýrslu um málið fyrir 1. maí 2014.



Hugmynd sem varpað hefur verið fram um legu sæstrengstengingar við Ísland.



Suðausturströndin og Austfirðir eru taldir líklegustu landtökustaðir sæstrengs í ljósi tengingar við meginorkukerfi landsins.



Michael Fallon og Ragnheiður Elín Árnadóttir.

## Ráðherrar Íslands og Bretlands ræða málin

Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu óskaði atvinnuveganefnd Alþingis eftir því að ráðuneytið tæki við forræði málsins af Landsvirkjun. Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fundaði síðan á mánudag í síðustu viku (10. mars) um málið í London með Michael Fallon, orkumálaráðherra Bretlands. Á fundinum var farið yfir stöðuna varðandi möguleika og frekari könnun á slíku verkefni og m.a. greint frá nýlegu áliti atvinnuveganefndar Alþingis, þar sem lagt er til að nánari upplýsinga verði aflað um tiltekin atriði og að frekari skoðun á málinu verði á forræði stjórnvalda. Aðstoðarmaður ráðherra segir að Alþingi sé ekki að fara að samþykkja neitt um sæstrengsmálið, þó að annað megi skilja af umræðunni í Bretlandi.

## Þrýstingur frá Reykjavík

Í breska blaðinu The Sunday Times var um miðjan febrúar fullyrt að þrýstingur væri frá Reykjavík um að koma þessu fjögurra milljarða

punda verkefni áfram. Þar er bent á undirritun minnisblaðs fulltrúa stjórnvalda í báðum löndum um málið frá 2012 (e. memorandum of understanding). Einnig er sagt að íslenska þingið muni gefa grænt ljós á verkefnið á næstu vikum.

Fullýrt er einnig að raforkan frá Íslandi yrði ódýrari kostur en orka frá breskum kjarnorkuverum. Blaðið The Economist fjallar einnig um málið og í grein sem birt var 20. janúar 2014 segir eins og í The Sunday Times að verð strengsins sé áætlað fjórir milljarðar punda. Það er miklu hærri upphæð en kynnt hefur verið hér á landi.

Á vefsíðu Iceland Geothermal var greint frá því hinn 9. febrúar síðastliðið að meðansjavarstrengur frá Íslandi til Evrópu gæti útvegað um 4.000 gígavattstundir (GWh) af raforku í kringum 2020. Er þar vísað til skýrslu Landsvirkjunar frá því í júní 2013. Allt sé þetta þó háð því hvort vilji sé fyrir orkusölumálinu á Íslandi.

## Gæti þýtt betri orkunýtingu að mati Landsvirkjunar

Hörður Arnarson sagði á fundi hjá Bloomberg í London fyrir skömmu, þar sem forseti Ísland var einnig mættur, að hægt væri að tvöfalda raforkuframleiðsluna á Íslandi með vatnsafls- og jarðhitavirkjunum. Hann sagði að sala til orkufreks iðnaðar á Íslandi myndi halda áfram samfara sölu til annarra notenda. Þetta gæti vel farið saman við sölu á raforku um sæstreng til Bretlands. Með sölu um streng væri líka hægt að nýta vatnsaflsvirkjanir betur en nú er



Hafðýpið og þrýstingur á leiðinni frá Íslandi til Bretlands verður eitt af áhyggjuefnum hönnuða væntanlegs sæstrengs.

mögulegt. Þar væru að jafnaði flest ár um 10% orkunnar fljótandi án þess að hægt væri að nýta hana. Þetta þýddi að sala um sæstreng gæti bæði komið Íslendingum og Bretum til góða.

Hörður nefndi einnig í sinni ræðu að þetta væri ekki bara spurning um viðskiptahliðina, heldur yrðu ríkisstjórnir beggja landanna að styðja málið svo það gæti orðið að veruleika. Verkefni sem þetta ylli líka að sjálfsögðu margvíslegum áhyggjum í báðum löndunum. Á Íslandi snerist málið meðal annars um hvort tilkoma sæstrengs muni hækka orkuverð á Íslandi.

„Það er mjög líklegt, þó það muni ekki verða eins mikið og fólk hefur áhyggjur af,“ sagði Hörður og nefndi einnig áhyggjur af umhverfisáhrifum. Sagðist hann vonast til að þetta yrði rætt ítarlega á komandi mánuðum á Íslandi, bæði meðal stjórnmalamanna og annarra hagsmunaaðila.

## Ekki verði farið í verkefni nema yfirgnæfandi stuðningur sé við það

Þá sagði Hörður mikilvægt að hafa það í huga að á þessari stundu væri Landsvirkjun ekki að leggja til að fara ætti í framkvæmdina. Safna þyrfti frekari upplýsingum en ekki væri heldur ráðlegt að fara út í frekari grunnrannsóknir, nema menn hefðu trú á verkefninu. Þá sagði hann að lykilsurningin núna snerist um áhættuna af slíkri framkvæmd.

„Það er enginn efi í mínum huga að sumir áhættuþættir í þessu verkefni eru of stórir fyrir íslenska þjóð. Þess vegna verðum við að hafa möguleika á að fá alþjóðlega fjárfesta að málinu og að fá aðstoð frá breskum stjórnvöldum.“

Hörður sagði að án 80-90% stuðnings við þetta verkefni af hálfu pólitíkusa og almennings væri ekki raunhæft að fara út í það.

Stinga þessi orð Harðar óneitanlega í stúf við þann mikla hraða sem virðist vera á málinu.

## Frá sjónarhóli Landsvirkjunar er málið vissulega spennandi

Ef sæstrengur verður að fullu kostaður af erlendum fjárfestum, má leiða líkur að því að dæmið geti litið mjög vel út fyrir Landsvirkjun ef eingöngu er horft út frá þröngum hagsmuni

þess fyrirtækis. Í það minnsta má vera ljóst að það muni strax skila auknu tekjustreymi í kassann vegna verðhækkana innanlands. Óvissan er hins vegar um það hvort orkuverðið sem fengist fyrir raforkusölu til útlanda geti staðið undir virkjunum línulögnum, fjármagns- og öðrum kostnaði sem til fellur á viðunandi afskriftartíma, auk þess að borga strenginn.

Aðrir áhættuþættir eru einnig verulegir. Til dæmis verður að taka með í reikninginn kostnað vegna líklegar búseturöskunar og annarra ruðningsáhrifa verkefnisins. Einnig að meta áhrif framkvæmda á íslenska hagkerfið í heild, að gefnu tilefni.

## Undirbúningur á fullu í Bretlandi

Hvað sem öllu líður er sæstrengsmálið á töluverðum skriði eins og nýlegar fregnir af fjárfestum í Bretlandi benda til. Paul Johnson, þróunarstjóri National Grid í Bretlandi, sagði meira að segja í samtali við Stöð 2 í desember að sæstrengur milli Íslands og Bretlands gæti verið tilbúinn innan sjö ára. Þrátt fyrir þetta hefur engin ákvörðun verið tekin um þetta rammþólitíska mál á Alþingi og ekkert handbært liggur heldur fyrir um mögulegt orkuverð.

## Búið að finna fjárfesta með „djúpa vasa“

Þrátt fyrir varnagla sem slegnir hafa verið um að ekki verði farið af stað fyrr en öruggur stuðningur sé við málið hér heima, þá er vinna þó greinilega á fullu við að skoða fjármögnunarleiðir í Bretlandi. Þar er fjárfestirinn Edmund Truell hjá Disruptive Capital Finance LLP í fararbroddi. Hefur hann að eigin sögn dregið að borðinu fjárfesta „með djúpa vasa“. Mun þar meðal annars vera um erlenda lífeyrissjóði að ræða. Varla væru menn að fara í slíkan leiðangur nema að hafa einhverjar hugmyndir um pólitíska afgreiðslu þess hér á landi.

Íslensk orkufyrirtæki virðast einnig vera farin að taka því sem gefnum hlut að sæstrengsverkefnið verði að veruleika. Nýjasta dæmið um það kemur frá Vestfjörðum, þar sem verið er að skoða notkun varmadæla til að mæta auknum raforkukostnaði á köldum svæðum.



**Er umframorka eitthvað til að veðja á?**

Fullyrðingum um hagkvæmni sæstrengslagningar fyrir þjóðarbúið er haldið á lofti. Það vekur óneitanlega athygli að mitt í yfirlýsingum um ótryggt afhendingaröryggi snýst málatilbúnaður LV um að selja „umframafli“ í raforkukerfinu til útlanda. Skýrsla sem gerð var fyrir LV gekk líka út á þetta. Greinilega er þó ekki vera á vísan að róa með það umframafli ef marka má rök fyrir takmörkunum á orkusölu að undanfögnu. Þar hefur þurft að draga úr orkusölu til stórnotenda vegna lágrar vatnsstöðu í söfnunarlónum í vetur. Talað er um framleiðslusamdrátt álvera upp á milljarða króna vegna þessa. Áætlaður umframkostnaður vegna þess fyrir Orkubú Vestfjarða í mars og apríl er til dæmis áætlaður 215 milljónir króna. Þá gaf Landsvirkjun út tilkynningu á fimmtudag í síðustu viku þar sem hamrað er á alvarleika málsins. Þar segir m.a.:

„Hörfur í vatnsbúskap Landsvirkjunar hafa farið versnandi síðustu vikur vegna sögulega lítills innrennslis í Þórisvatn og Blöndulón og óvenjulega óhagstæðs tíðarfars að undanfögnu með ríkjandi norðaustanáttum, kulda á hálendinu og lítilli úrkomu á lykilsvæðum. Vatnsárið í fyrra var næstversta vatnsár í sögu Landsvirkjunar vegna úrkomuleysis og kulda á hálendinu síðasta vor og sumar og ekki náðist að fylla öll lón haustið 2013. Yfirstandandi vatnsár stefnir mögulega í að vera jafn slæmt.“

Ekki bendir þetta beinlínis til að veðjandi sé vel yfir þúsund milljörðum króna í heildina í áhættufjárfestingu sem fullyrt hefur verið að grundyvallist á að koma umframorku í verð. Bendir ástandið til að vert sé að hlusta aðeins á aðvörunarþjöllurnar sem þarna klingja.

Þá er ógetið um orkutap sem verður óhjákvæmilega í sæstrengjum vegna viðnáms. Það eykst eftir því sem vegalengdin er meiri þó það sé vissulega minna í jafnstraumskapli (HVDC) eins og þarna er rædd um en riðstraumskapli (HVAC). Orkutapið getur samt orðið um 3–5% á kapli til Bretlands, samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Desertec.

**Kostnaðartölur strengs rokka frá 290 til 748 milljörðum**

Kostnaðartölur um sæstreng eru mjög á reiki. Þó að vitnað sé hér og þar í virt erlend fyrirtæki og íslenskar úttektir rokkar kostnaðurinn samt frá 290 til 650 milljörðum króna.

Á vefsíðu Askja Energy, sem skráð er með heimilisfang í Reykjavík, segir að líklegt sé að strengurinn kosti 1,56–1,68 milljarða punda og er þar vísað til skýrslu frá 2010. Það



Sæstreng komið fyrir um borð í lagningsskipi.

samsvarar tæplega 292 milljörðum króna miðað við gengi punds í síðustu viku. Í breskum fjölmiðlum er hins vegar talað um 748 milljarða króna! Þarna munar verulegum upphæðum á lægstu og hæstu tölum svo ekki sé meira sagt.

Þessi upphæð samsvarar stofn-kostnaði nokkurra Kárahnjúka-virkjana, eða eins og 25 Búðarháls-virkjana. Þá á eftir að reikna allan virkjunarkostnað og línulagnir á Íslandi, svo að heildarkostnaðurinn gæti hæglega farið að slaga í þúsund milljarða eða meira. Minna má á að þegar sæstrengsmöguleikinn var víðraður fyrir mörgum árum var rætt um kostnað upp á 1.200 milljarða. Verð á háspennntum sæstrengjum hefur þó lækkað verulega síðan.

**Upplýsingar skortir**

Reyndar hefur komið fram, þó að lítið hafi verið úr því gert, að sæstrengur til útlanda þurfi orku sem sé langt umfram umframorku í kerfinu. Einnig hefur komið fram að sæstrengur muni því kalla á álíka raforkuframleiðslu og Fljótsdalsvirkjun (Kárahnjúka-virkjun) getur skilað á fullum afköstum.

Komið hefur fram í umræðunni að nauðsynlegt verði að byggja allt að fimm virkjanir til að fæða strenginn. Samt fer lítið fyrir umræðu um að umtalsverður kostnaður við virkjanir og línulagnir á Íslandi vegna slíks strengs muni verða á ábyrgð Íslendinga.

Á undanförunum mánuðum hafa þó á móti verið settar fram fullyrðingar um að hluta af orkuöfluninni megi ná á ódýrari hátt, m.a. með stækkun núverandi virkjana. Engar óyggjandi kostnaðartölur hafa þó verið lagðar fram um það opinberlega.

**Rafmagn frá Evrópu?**

Þá hefur því líka verið haldið fram, sem rökum fyrir sæstrengslagningu, að á erfiðum tímum megi alltaf kaupa rafmagn til baka til að hjálpa upp á

þegar illa árar í orkuframleiðslu á Íslandi. Bent er á Norðmenn í þessu sambandi án þess að nefna að þeir eru með hringtengingu m.a. við kjarnorkuver í Svíþjóð. Þá dregur það úr líkum á að slíkt verði í boði að ESB hefur boðað að draga eigi úr raforkuframleiðslu með kolum, olíu og gasi þrátt fyrir erfiða stöðu í orkumálum álfunnar.

Erfitt er að sjá að Evrópa verði aflögufær með rafmagn í komandi framtíð. Þá mættu menn líka hafa í huga það ógnvekjandi kverkatak sem Rússar hafa á evrópskum orkumarkaði með gríðarlegri sölu á gasi sem orðið er nær ómissandi. Talið er að notkun á jarðgasi uppfylli um 24% af orkuþörf Evrópu. Ef Rússum dytti í hug að minnka gasflæðið yrðu orkumál Evrópu í miklu uppnámi.

**Alvöru mat á ruðningsáhrifum vantar**

Sæstrengur mun ef af verður hafa gríðarleg áhrif á afkomu heimila á Íslandi, sérstaklega á köldum svæðum. Ekki er samt ljóst hver kostnaður fyrirtækja og einstaklinga á Íslandi yrði vegna herra raforkuverðs. Undir þeim hatti er t.d. öll íslenska ylræktin með tilheyrandi byggðaaáhrifum og líka fiskvinnslufyrirtæki og nýlegar rafkyntar loðnubræðslur.

Hlutlaust mat á þjóðhagslegum ávinningi eða tapi vegna sæstrengslagningar hefur heldur ekki verið gert. Þó að gerð hafi verið falleg skýrsla um þau mál að beiðni LV er erfitt að halda því fram að tónninn í henni hafi beinlínis verið hlutlaus. Óvissan í málinu er því augljóslega mjög mikil og full þörf á að Alþingi láti skoða þetta niður í kjólinn. Þar má ekkert vera undanskilið.

**Möguleikar á notkun varmadæla skoðaðir víða um land**

Fréttamiðillinn BB á Ísafirði fjallaði um málið á dögunum og greinir frá viðbrögðum Orkubús Vestfjarða, sem tekur nú þátt í samnorrænu

verkefni um varmadælur. Forstjóri Landsvirkjunar hefur einmitt bent á að hægt sé að hluta að koma til móts við aukinn raforkukostnað vegna orkusölu um sæstreng, með uppsetningu á varmadælum á köldum svæðum landsins sem ekki búi við jarðhita.

Sölvi Sólbergsson, framkvæmdastjóri orkusviðs Orkubús Vestfjarða, segir í samtali við BB að verði sæstrengur lagður sé viðbúið að verð hækki og Landsvirkjun hafi áhyggjur af svæðum þar sem hús eru kynt með raforku.

Hann segir jafnframt að einungis átta prósent þjóðarinnar kyndi með raforku og að hækkunum sem verða á kyndikostnaði vegna útflutnings á orku, verði „auðvelt að mæta“.

Greinilegt er þó að Sölvi er ekki sérlega bjartsýnn á að varmadælu-verkefnið skili miklu til að mæta þessum kostnaðarauka vegna hækunar raforkuverðs. Sölvi segir ljóst að ef athuganir leiði ljós að hagkvæminn sé ekki næg í Eyjum sé hæpið að rekstur þeirra gangi upp á Vestfjörðum þar sem sjór er kaldari.

**Varmadælur eru þegar notaðar víða um land**

Varmadælur eru samt vel þekkt fyrirbæri og m.a. notaðar í sveitum víða um land og þykja góðar til síns brúks. Þær varmadælur sem mest eru notaðar virka í raun eins og öfugir ísskápar og vinna hita ýmist úr andrúmsloftinu utanhúss eða úr jarðvegi neðan við mögulega frostdýpt. Þar sem raforkukostnaður til kyndingar húsa er hæstur á landinu er talið að varmadælur geti borgað sig þótt dýrar séu. Þar ráða aðstæður á hverjum stað þó skiljanlega miklu um árangurinn.

Ef raforkuverð hækkar verulega, eins og ætla má að verði af lagningu sæstrengs, verða varmadælur um leið vænlegri kostur. Það þýðir þó ekki að kyndingarkostnaðurinn lækki frá því sem nú er með eða án varmadæla, heldur gætu þær dregið eitthvað úr kostnaðaraukanum sem íbúar á viðkomandi stöðum verða fyrir.

**Rekstrarkostnaður heimila mun aukast**

Verði af lagningu sæstrengs ber gögnum saman um að það muni

hækka rekstrarreikning fjölskyldna í landinu hvað sem líður köldu þjóðhagslegu hagkvæmnismati. Það var m.a. reynsla Norðmanna. Þetta getur því hæglega snúist um það hvort forsendur byggðar á ákveðnum svæðum bresti algjörlega við lagningu sæstrengs eða ekki. Brestur í byggðinni hefði án efa víðtæk áhrif, m.a. á ferðaþjónustuna, sem yrði þá líka að taka með í reikninginn.

Einnig má segja að hækkan raforkukostnaðar til almennings á þjóðhagslegum forsendum, umfram eðlilegan stofn- og rekstrarkostnað virkjana í eigu almennings, sé um leið aukin skattheimta.

**Styrkir til íbúa dreifbýlis vegna orkuverðs hafa og verða alltaf umdeildir**

Rætt er um að mæta auknu misvægi í rekstri heimila með styrkjum og að það sé jafnvel lítið mál. Sagan sýnir þó að styrkir til að mæta óeðlilegum kostnaðarauka á landsbyggðinni yrðu örugglega alltaf umdeildir af þeim sem eru landfræðilega betur settir. Nægir þar að benda á erfiðleika íbúa kaldra svæða áratugum saman við að ná eyrum stjórnvalda. Slíkir styrkir yrðu því ekki auðsóttir. Skiptir þá engu þótt þær styrkveitingar yrðu eyrnamerkta af hugsanlegum hagnaði LV af raforkusölu til útlanda.

Ljóst er að ákvörðun um sæstreng verður ekki tekin nema á rammpólitískum forsendum og þar verður að krefja stjórnámamenn um að segja fólki „allan“ sannleikann. Spurningin snýst m.a. um hvernig við viljum byggja Ísland í framtíðinni og hvort sæstrengslögn yrði til góðs eða illis fyrir þjóðfélagið í heild. Einnig hvort búsetuskilyrði versni verulega á hluta landsins eða ekki og hvernig eigi þá að mæta því.

Lagning sæstrengs er vissulega áhugaverður möguleiki sem vert er að skoða. Þar þarf þó að íhuga vel hvert einasta skref. Þá er þetta trúlega ein stærsta pólitíska og viðskiptalega ákvörðun sem Íslendingar standa frammi fyrir um þessar mundir. Því hlýtur það að teljast afar einkennilegt að í breskum fjölmiðlum sé litið svo á að það sé nánast formsatriði að Alþingi samþykki framkvæmdina á næstunni.

# SAMLOKUEININGAR FYRIR ÞAK OG VEGGI



- Áfellur og skráfur
- Betra verð en þú heldur.....
- Nánar á [www.hysi.is](http://www.hysi.is)



Hýsi - Merkúr hf. / Völuteigi 7 / 270 Mosfellsbær / Sími 534 6050 / [hysi@hysi.is](mailto:hysi@hysi.is) / [www.hysi.is](http://www.hysi.is)

## BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

### Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



**Þær eru léttar og auðveldar í notkun.**

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

**Vagnar & þjónusta ehf**

Tunguháls 10, 110 Reykjavík  
Sími: 567-3440, [www.vagnar.is](http://www.vagnar.is)



## Orkumál

Deilan um Krímskaga:

## Ótti í Evrópu við gasskort

Notkun á jarðgasi uppfyllir um 24% af orkuþörf Evrópu samkvæmt orðum Professor David Arrowsmith hjá Queen Mary's School of Mathematical Sciences. Verulegur hluti gasorkunnar kemur um gaslagnir frá Rússlandi.

Vegna óstöðugs ástands í Úkraínu hafa vísindamenn verið að skoða orkunotkun innan Evrópusambandsins. Þar hafa menn komist því að lönd í austurluta ESB eru minna háð jarðgasi en þróaðri lönd vestar í Evrópu. Bretland er t.d. sagt mun háðara því orkulega að ekki fari allt í bál og brand á Krímskaga en Úkraína sjálf og Hvíta-Rússland. Hins vegar vonast menn til að Bretar geti sloppið fyrir horn vegna þeirrar deilu, en allt öðru máli gegni ef eitthvað slettist upp á vinskáp Breta við Norðmenn.

## Raforka í Bandaríkjunum: Kol, gas, olía og kjarnorka 87%

Bandaríki Norður-Ameríku (BNA) nota gríðarlega orku í margvíslegu formi. Á vefupplýsingavef U.S. Energy Information Administration er m.a. að finna tölur fyrir orkunotkun í Bandaríkjunum á árinu 2012. Þar kemur fram að stærsta hlutfall raforkuframleiðslunnar þar á bæ er framleitt með jarðefnaeldsneyti.

Á árinu 2012 voru um 37% af raforku Bandaríkjanna, eða um 4 billjónir (BNA trilljónir) kílóvattstunda, framleidd með kolum. Þá voru um 30% af raforkunni framleidd með brennslu á gasi en innan við 1% raforkunnar var framleitt með olíu.

Kjarnorka kemur næst á eftir jarðgasinu í mikilvægi við raforkuframleiðslu Bandaríkjanna. Á árinu 2012 voru um 19% raforkunnar í landinu framleidd með kjarnorku.

## Endurnýjanlegir orkugjafar gefa nærri 13% raforkunnar

Endurnýjanlegir orkugjafar eru ekki ýkja fyrirferðarmiklir í raforkuframleiðslunni í landinu, þó ætla mætti annað þegar horft er á gríðarleg orkumannvirki eins og Hoover-stífluna. Þannig voru aðeins 7% raforkunnar framleidd með vatnsorku.

Vindorka er virkjuð í auknum mæli í landinu og hefur farið ört vaxandi frá 1970. Á árinu 2012 voru um 3% raforkunnar í landinu framleidd með vindmyllum.

Þriðji svokallaði endurnýjanlegi orkugjafinn er jarðhitaorka. Í jarðhitavirkjunum er framleitt innan við 1% raforkunnar í landinu.

Brennsla á olíu úr endurnýjanlegum lífmassa og brennsla á hreinum lífmassa í orkuverum hefur farið vaxandi í Bandaríkjunum á liðnum árum. Eigi að síður er aðeins um 1% raforkunnar framleitt úr lífmassa eða bíomassa. Þetta er um leið mjög umdeilt þar sem kornakrar hafa verið teknir undir ræktun á olíuríkum jurtum til eldsneytisframleiðslu.

Sólarorka hefur líka verið mjög í tisku og gríðarlegum fjármunum hefur verið varið í þróun nýtingar á þeirri orkulind. Eigi að síður var minna en 1% raforkunnar í Bandaríkjunum árið 2012 framleitt með sólarorku.

Vilji virðist vera á Alþingi fyrir því að liðka fyrir lagningu jarðstrengja í stað loftlína á Íslandi:

## Ekki verði eingöngu horft á ódýrustu valkostina í raflínulögnum

– Iðnaðar- og viðskiptaráðherra telur þetta vera stórmál varðandi styrkingu raforkukerfisins á næstu árum

Skýrsla nefndar iðnaðar- og viðskiptaráðherra um mótun stefnu um lagningu raflína í jörð var tekin til umfjöllunar á Alþingi í janúar. Beðið er eftir umsögnum um málið til að hægt sé taka það upp til frekari umfjöllunar. Ljóst er að mikill áhugi er á því hérlandis að orkufyrirtækin og Landsnet leggi aukna áherslu á að skipta út loftlínunum þar sem því verði við komið og þess í stað verði lagðir jarðstrengir. Ýmsar hindranir eru þó í veginum sem lúta þó fyrst og fremsta að pólitískri stefnumótun í málinu.

## Jarðstrengir til umræðu á Alþingi



Þorsteinn Sæmundsson

Talsvert hefur verið fjallað um þessi mál á síðum Bændablaðsins síðustu misserin og þar hefur meðal annars komið fram að Frakkar telja lagningu á allt að 400 kílóvolta rafstrengjum ekki dýrari en lagningu loftlína með sömu flutningsgetu. Þá er tekið tillit til kostnaðar við viðhald beggja lausna og ákveðin afskriftartíma. Varðandi öflugri flutningslínur er þó enn talið talsvert hagkvæmara að horfa til loftlína. Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, gerði umfjöllun blaðsins að umtalsefni í umræðum um skýrsluna á Alþingi og sagði síðan:

„Hér á landi háttar þannig til að ríkið leggur hærri innflutningsgjöld á jarðstrengi en loftlínur og það hlýtur að vera okkur nokkurt umhugsunarefni því að mér sýnist einboðið að við eigum að leggja meiri áherslu á að leggja jarðstrengi. Það gæti farið saman við lagningu hálendisvega, t.d. yfir Sprengisand. Þá mundum við losna við þá sjónmengun sem er af loftlínunum. Mér sýnist því einboðið að við athugum það og finnst full ástæða til fyrir hv. atvinnuveganefnd að kalla aftur til fundar fulltrúa Landsnets og fara yfir þær upplýsingar sem hér hafa komið fram, því að ég held að



Lagning jarðstrengja fer vaxandi í Frakklandi.

okkur sé sæmra að reyna að draga úr sjónmengun af raforkulínunum.“

## Jarðstrengir hafa sannað gildi sitt

Lagning jarðstrengja á snjóflóða-svæðum og þar sem veðurfarskilyrði eru mjög erfið hafa þegar sannað gildi sitt hér á landi með minnkun á rafmagnsleysi.

Eigi að síður hefur verið talsverð tregða í kerfinu og enn er loftlínunum og jarðstrengjum mismunað í tollakerfinu jarðstrengjum í óhag.

Haraldur Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands, tók undir orð Þorsteins og fagnaði framkominni skýrslu á Alþingi og jafnframt orðum iðnaðaráðherra um að fleyta málinu áfram í þinginu. Sagði Haraldur þó að það hefði komið sér á óvart við lestur nefndarálits að ekki væri óskaplega langt á milli þeirra sem töluðu fyrir meiri en minni lagningu jarðstrengja og hinna sem vildu velja ódýrustu leiðirnar og þar af leiðandi kannski oftast loftlínur.

## Ekki bara svart og hvít

Í samtali við Bændablaðið sagði Haraldur eiginlega vera kominn á þá skoðun að besta leiðin í þessum málum væri oft að fara bil beggja.



Haraldur Benediktsson

„Ég er mikill jarðstrengjamaður og hef viljað fá sem flestar línur niður í jörðina. Nú er ég búinn að lesa þessa skýrslu og hlusta á rök gesta sem kallaðir hafa verið til. Þó að í haust hafi ég haft þá skoðun að það ætti að sjálfsgöðu að setja sem flesta strengi í jörðu, þá get ég ekki sagt að ég sé eins harður á þeirri skoðun núna. Það er greinilega ekkert svart og hvítt í þessu og það geta meðal annars líka verið feiknamikil umhverfisáhrif af lagningu jarðstrengja. Þar skiptir máli við hvernig aðstæður er verið að leggja línur, jarðvegsgerð og annað. Í hrauni eru menn t.d. komnir með verulega sýnilega röskun. Þá eru í sverustu strengjunum vandamál er varða kælingu þeirra.

Ég hef því velt fyrir mér hvort ekki sé rétt að breyta lögum um Landsnet og taka þar út ákvæði um að ávallt skuli velja hagkvæmstu leiðina og heimila að þar sé meira horft til þess að ná sáttum um lagningu strengja, m.a. hvað varðar sjónmengun og fleira. Þannig að Landsnet geti lagt til að lagðir séu jarðstrengir jafnvel þó þeir séu dýrari. Þá verði mönnum jafnframt gert auðveldara að velja jarðstrengi með breytingum á tollum,“ segir Haraldur.

## Þetta er stórmál

Ragnheiður E. Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, tók undir þessi sjónarmið í umræðunum á þinginu og sagði að þetta væri stórmál.

„Ég tel að það sé mikilvægt vegna þess að það eru svo gríðarlega mikilvæg mál undir. Við þurfum að styrkja raforkukerfið á næstu árum,

það liggur fyrir, en við gerum það ekki nema um það náist sátt í samfélaginu hvernig við gerum það.

Landsnet kallar eftir leiðsögn frá lögjafanum, stefnumótun af hálfu stjórnvalda. Það er sá leiðangur sem við erum farin í hér. Það er algerlega ljóst að Landsnet þarf að taka mið af öðrum sjónarmiðum núna en bara þeim fjárhagslegu þegar ákvarðanir um stórar raflínur eru teknar.“



Ragnheiður E. Árnadóttir

## Nauðsynlegt að skoða öll sjónarmið



Steingrímur J. Sigfússon

jarðstrengja í samanburði við loftlínur þegar kostir og gallar væru metnir. Þá sagði hann m.a.:

„Ég held að þó að okkur hafi miðað áfram í málefnalegri undirbyggingu undir skynsamlegt fyrirkomulag og skynsamlega ákvarðanatöku að þessu leyti séum við ekki komin þangað sem við þurfum að komast áður en stórar afgerandi og jafnvel óafturkræfar ákvarðanir verða teknar. Ég nefni þar sérstaklega hugmyndir um háspennulínur eða raflínur yfir miðhálandið. Mér finnst það algerlega ótækt að menn skuli vera á fullri ferð við að undirbúa loftlínur á því svæði meðan umbúnaðurinn um þessi mál er ekki kominn í betra horf. Ég spyr mig þeirrar spurningar, hvar og hvenær mundum við Íslendingar hafa efni á því að leiða önnur sjónarmið fram og leyfa þeim að hafa vægi við ákvarðanatökuna, ef þau kæmst ekki að, ef menn á annað borð ætla með raflínur yfir miðhálandið.“ /HKr.

Prettán ára breskur skólastrákur skákaði hámenntuðum vísindamönnum:

## Tókst að framkalla kjarnasamruna á einfaldan hátt


Hátæknimenntaðir vísindamenn um allan heim hafa í áratugi glímt við það verkefni að líkja eftir orkuhruna sólar sem felst í kjarnasamruna en ekki kjarnaklofningi. Hafa menn gengið með þann draum í maganum að ef það tækist að beisla kjarnasamrunaorku verði hægt að leysa öll orkuvandamál heimsins án þess að notast við bruna jarðefnaeldsneytis. Er oft talað um þetta sem heilagan kaleik orkubúskapar í þessu tilliti. Það vakti því verulega athygli er 13 ára breskur skóladreng, Jamie Edwards, tókst fyrir skömmu að smíða einfaldan kjarnasamrunaofn og framkalla kjarnasamruna og skáka þannig aragrúa vísindamanna.

Greint var frá málinu í breska fréttamiðlinum The Telegraph. Stjórnueðlisfræðingurinn dr. Simon Forset lýsir aðferðafræði



Jamie Edwards

skólapiłtsins Jamie Edwards á myndbandi á vefsíðu blaðsins (<http://www.telegraph.co.uk/science/science-video/10680762/Schoolboys-nuclear-fusion-test-how-he-did-it.html>), en pilturinn er



Lýsing á tilraun Jamie Edwards

yingstur allra til að leysa þessa þraut.

Sagði dr. Forset það algjöra snilld hvernig pilturinn hefði farið að þessu í rannsóknarstofunni í skólanum sínum. Einnig má sjá frétt BBC frá 6. mars um sama mál á vefsíðunni <http://www.youtube.com/watch?v=GfneJCCmpWk>

„Þetta gerði hann fyrir aðeins

3.000 pund, sem er mjög, mjög glæsilegt.“

Forset segir að Edwards hafi tekið málmkassa sem hann hafi síðan lofttæmt. Inn í kassann hafi hann síðan dælt þungri útgáfu af vetni. Utan við kassann hafi þannig verið jákvæð rafhleðsla en í miðju hans hafi rafhleðslan verið jákvæð. Við spennunuminn sveimuðu jákvæðu eindirnar í miðju kassans og ekki var hjá því komist að einhverjar þeirra rækjust á og framkölluðu kjarnasamruna. Þó að aðferð píłtsins þyki snilld er aðeins hálfur sigur unninn. Þróa þarf hana mun lengra svo hægt sé að framkalla meiri orku með kjarnasamrunanum en leggja þarf til með þessari aðferð til að framkalla hann. Á síðasta ári var greint frá því að vísindamönnum hefði tekist slíkt í fyrsta sinn og er nú unnið víða um heima að því að þróa málið áfram, ekki síst í Bandaríkjunum og Kína.



# Vöxtur í ferðapjónustu – er maturinn tilbúinn?

FIMMTUDAGINN  
20. MARS  
KL. 12.00-16.30



## Ráðuneyti, hagsmunasamtök, mennta- og rannsóknastofnanir og fyrirtæki halda sameiginlega ráðstefnu um mat og ferðapjónustu

Matvælandið Ísland býður til opinnar ráðstefnu um mat og ferðapjónustu fimmtudaginn 20. mars á Hótel Sögu kl. 12.00–16.30.

Vaxandi fjöldi ferðamanna í heiminum velur áfangastað vegna matarmenningar og upplifunar sem tengist mat. Ferðamönnum á Íslandi fjölga ört og rannsóknir sýna að matur er eitt af því sem er mönnum hvað minnststæðast. Matartengd ferðapjónusta styður við og veitir tækifæri til uppbyggingar á staðbundinni matvælaframleiðslu og getur þar með orðið lyftistöng fyrir atvinnulíf jafnt í dreifbýli sem þéttbýli. Aukinn ferðamannastraumur leggur líka mikla ábyrgð á herðar íslenskra matvælaframleiðenda og allra annarra sem starfa við atvinnugreinina. Það þarf að framleiða nægan mat og veita margvíslega þjónustu til kröfuharðra kaupenda. Því er eðlilegt að spyrja hvort maturinn á Íslandi sé tilbúinn fyrir þær öru breytingar og mikla vöxt sem framundan er.

### Horft til reynslu Svía

Á ráðstefnunni verður fjallað um þróun matarferðamennsku hér heima og erlendis og tækifærin sem hún felur í sér. Ami Hovstadius frá VisitSweden



Húsfyllir var á ráðstefnu Matvælandsins Íslands í lok ársins 2012 þegar umræðuefnið var tækifæri í aukinni framleiðslu og sölu á íslenskum mat. Mynd / HKr.

er aðalfyrirlesarinn en hún mun meðal annars fjalla um reynslu Svía af markaðssetningu Svíþjóðar sem matvælands. Þeir telja að sú stefna hafi skilað ótvíræðum árangri, m.a. því að erlendir ferðamenn sýna sænskum mat meiri áhuga en áður og að útflutningur matvæla frá Svíþjóð hafi aukist marktækt. Laufey Haraldsdóttir, lektor í Háskólanum á Hólum, greinir frá þróun matarferðapjónustu á Íslandi og dregur fram helstu lykilstrauma og áhrifavalda. Þá mun

Mário Frade, vörumerkjastjóri, Nóa Síríusi, lýsa því hvernig fyrirtækið hefur þróað markaðsáætlanir með það að markmiði að höfða til ferðamanna. Í öðrum hluta ráðstefnunnar verður fjallað um viðbrögð Íslendinga við auknum fjölda ferðamanna, framboð og bolmagn við framleiðslu íslenskra hráefna og veitingapjónustu og hvernig menningar- og matartengd ferðapjónusta hefur þróað á síðustu árum. Að lokum verða pallborðsumræður þar sem

ráðherrar matvæla og ferðapjónustu og forsvarsmenn ferðapjónustunnar í landinu, matvælarannsóknna og -markaðssetningar leggja sitt til málanna.

### Markmiðið að þróa matartengda ferðapjónustu á Íslandi

Matvælandið Ísland er samstarf Bændasamtaka Íslands, Háskóla Íslands, Íslandsstofu, Klúbbs matreiðslumeistara, Mátis, Samtaka

ferðapjónustunnar, Samtaka fiskvinnslustöðva, Samtaka iðnaðarins og fyrirtækja innan viðkomandi samtaka. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið á einnig fulltrúa í undirbúningi ráðstefnunnar „Vöxtur í ferðapjónustu – er maturinn tilbúinn?“. Allir þessir aðilar hafa áratuga reynslu í að starfa að málefnum matvæla og ferðapjónustu. Hér sameina þeir kraftana til að leggja traustan grunn að þróun matartengdrar ferðapjónustu í landinu.

# Ferðamenn vilja eitthvað upprunalegt og ekta íslenskt

– segir Mário Frade, vörumerkjastjóri hjá Nóa Síríusi

Sælgætisframleiðandinn Nói Síríusi ákvað á síðasta ára að kanna hvernig hægt væri að nýta sívaxandi straum ferðamanna til Íslands til að markaðssetja og selja þeim framleiðsluvörur fyrirtækisins. Nói Síríusi er leiðandi fyrirtæki á sviði sælgætisgerðar og flestir Íslendingar þekkja vörumerkið og vörur þess. Hins vegar töldu forsvarsmenn Nóa Síríusi að hægt væri að sækja inn á ferðamannamarkaðinn með meira afgerandi hætti en áður hafði verið gert.

Mário Frade, vörumerkjastjóri hjá Nóa Síríusi, segir að vinnan hafi hafist í byrjun síðasta árs. „Það sem við gerðum var að velta fyrir okkur hvaða vörur gætu hentað til markaðssetningar sem beindist að ferðamönnum. Við gerðum því könnun, við ræddum við ferðamenn og verslunareigendur til að komast að því eftir hverju ferðamenn sem koma til Íslands eru að sækjast þegar kemur að sælgæti. Með þær upplýsingar sem við höfðum aflað í höndunum þróuðum við vörumerki fyrir hefðbundið, íslenskt súkkulaði. Þetta vörumerki prófuðum við á ferðamönnum, ásamt öðrum, og það kom best út. Þetta súkkulaði settum við svo í sölu í verslunum sem að einbeita sér að þjónustu við ferðamenn. Þegar fram líða stundir



Mário Frade

hyggjumst við nota vörumerkið og auka við þær vörutegundir sem við verðum með í boði. Á þessu ári ætlum við okkur að bjóða upp á lakkris með sama vörumerki, Opal og Nóa Konfekt. Með þessu nýja vörumerki er verið að horfa til þess að ferðamenn borði íslenskt sælgæti hér á landi en taki það einnig með sér aftur til heimalandsins, til gjafa.“

### Beina verður vörinni að ferðamanninum

Mário segir að ferðamenn sem koma til Íslands vilja prófa eitthvað sem á uppruna sinn hér á landi, eitthvað sem er ekta, eitthvað sem Íslendingar borða. „Þeir verða hins vegar að átta

sig á því hvað er í boði, það verður að beina vörunum að þeim. Ég get nefnt sem dæmi að Nóa Konfekt selst afar takmarkað í Friðhöfninni og þegar maður horfir á umbúðirnar er augljóst hvers vegna. Útlendingar átta sig hreinlega ekki á það hvað er í kössunum. Erlendir ferðamenn sem hingað koma og vilja kaupa sér sætindi munu kaupa sér Mars eða Twix eða eitthvert annað vörumerki sem þeir þekkja. Við getum ekki keppt við það. Ef þeir hins vegar vilja eitthvað upprunalegt og ekta íslenskt getum við vel keppt á þeim grundvelli.“

### Ekki dugar að þýða vörumerki

Það sem Nói Síríusi gerir er að taka þekkt vörumerki sem Íslendingar neyta sjálfir, hanna umbúðir sem eru merktar á erlendum tungumálum og höfða til ferðamanna. Það dugar ekki að sögn Mários að taka vörumerki sem Íslendingar þekkja og þýða þau beint yfir á ensku. Fyrirtæki verða að átta sig á hvað það er sem örvar ferðamenn, átta sig á hvað þeir vilja. „Það er það sem við gerðum með góðum árangri.“

Að mestu leyti hefur markaðssetning fyrirtækisins farið fram með því að bjóða upp á súkkulaðið á þeim stöðum þar sem ferðamenn eru tíðir gestir. Ekki hefur verið farið í auglýsingaherferðir



heldur hefur varan séð um markaðssetninguna sjálf.

### Ekki endilega „íslenskasta“ varan

Mário segir þó að það sé ekki svo einfalt að fyrirtæki eigi að taka þá vöru sem þau framleiða og er „íslenskust“, hanna umbúðir á ensku á hana og koma henni í sölu. „Sem dæmi get ég nefnt Nóa Kropp. Það er gríðarlega vinsælt sælgæti og selst mjög vel á Íslandi. Hins vegar passar það ekki inn í það sem ferðamenn eru að sækjast eftir. Það er því ekki sjálfgefið að vara sem önnur fyrirtæki selja í bílförum til Íslendinga muni passa fyrir ferðamenn. Það er ekki víst að það sem er íslenskast eða það sem Íslendingum líkar best verði vinsælt hjá ferðamönnum.“

### Gera þyrfti markaðsrannsóknir á hákarli

–Þú myndir þá ekki leggja til að hákarli yrði stillt upp fremst í kælunum í Friðhöfninni með enskum merkingum og hann markaðssettur með þessum hætti?

„Ég get ekki fullyrt um það án þess að gera á því markaðsrannsóknir. Það er ekki svo flókið í raun. Það má gera með póst spurningalistum og með því að ræða við ferðamenn á götum úti. Hákarl væri hugsanlega hægt að selja með þessum hætti en þá verða menn að setjast niður og hugsa: Hvar myndu ferðamenn vera nógu víðsýnir til að kaupa hann? Þetta snýst um staðsetningar og hvar ferðamenn eru líklegir til að vilja kaupa hluti.“

### Gætum gert betur

-Telurðu að stór matvælafyrirtæki á Íslandi hafi dregið fæturna í markaðssetningu á vörum sínum gagnvart ferðamönnum sérstaklega? „Ég held að við gætum selt ferðamönnum meira en nú er gert af okkar framleiðslu. Við hjá Nóa Síríusi vorum að reyna að selja ferðamönnum okkar vörur eins og þær voru til, eins og Íslendingar kaupa þær. Opal til dæmis, ferðamenn líta á Opal og spyrja sig hvað þetta eiginlega sé á meðan allir Íslendingar þekkja vörumerkið. Fyrirtæki þurfa að nálgast markaðssetningu gagnvart ferðamönnum með öðrum hætti.“/fr



Svíar ætla sér að skapa 20 þúsund ný störf í matarferðamennsku á næstu árum:

# Svíþjóð er komin á kortið sem matvælaland

Enn eru fjölmörg tækifæri vannýtt í matarferðamennsku, sérstaklega með tilliti til upplifunar og aukinna tengsla við bændur. Þetta segir Ami Hovstadius sem starfar hjá Ferðamálaskrifstofu Svíþjóðar, VisitSweden, við markaðssetningu á „Matvælalandinu Svíþjóð“. Hún er aðalfyrirlesari á ráðstefnu um mat og ferðaþjónustu og mun meðal annars fjalla um reynslu Svía af stefnumörkun stjórnvalda sem lýtur að matarferðamennsku. Ami og hennar samstarfsfólk fékk það verkefni að markaðsfæra Svíþjóð sem matvælaland og koma landinu á kortið sem eftirsóknarverðum áfangastað fyrir ferðamenn sem sækjast eftir að kynnst mat og matarmenningu.

## Markvisst starf

Árið 2008 kynnti sænska ríkisstjórnin framtíðarsýnina um „Svíþjóð – nýja matvælalandið“. Þetta var metnaðarfull áætlun sem tók til allrar fæðukeðjunnar, frá haga til maga. Stefnumótunin fólst meðal annars í því að draga fram hreinleika og heilnæmi sænskra búvara og áherslu á dýravelferð, fjölbreytileika í mat, veitingamenn á heimsvísu og heilbrigðan lífsstíl Svía. VisitSweden, Ferðamálaskrifstofa Svíþjóðar, tók að sér árið 2010 að koma Svíþjóð á kortið sem alþjóðlegu matvælalandi. Ami segir að fyrsta verk hafi verið að kortleggja viðfangsefnið. „Við höfum starfið á greiningarvinnu og þjuggum til vettvang fyrir þá sem störfuðu í matvælaíðnaði, drykkjarvöruframleiðslu og í ferðaþjónustu. Árið 2011 fór alþjóðleg markaðsherferð af stað þar sem við byggðum upp samskipti við fjölmiðla víða um heim. Erlendir fjölmiðlamenn komu í heimsókn til Svíþjóðar og kynntu sér hvað ákveðin svæði höfðu upp á að bjóða sem og veitingastaðir. Við beindum kröftum okkar sérstaklega að Bretlandi og settum upp ýmsa matartengda viðburði þar í landi.“



Anne-Marie (Ami) Hovstadius hefur yfir 20 ára reynslu af markaðsstarfi, vörumerkjastjórnun og almannatengslum. Hún hefur í samvinnu við samstarfsfólk sitt hjá VisitSweden unnið að því að byggja upp ímynd Svíþjóðar sem matvælalands.

Mynd / David Back

## Stefnumótun til langs tíma

Stefnumótun Svía í matarferðamennskunni nær fram til ársins 2020. Á þeim tíma ætla þeir sér

að búa til 20 þúsund ný störf. „Skýrslur frá hinu opinbera sýna að okkur miðar vel áfram, bæði hefur frumframleiðslan styrkst en einnig veitingageirinn og

matvælaíðnaðurinn. Við sjáum líka fleiri nýja og betri veitingastaði spretta upp og þjónusta tengd „matarupplifun“ er orðin fjölbreyttari,“ segir Ami.

Fyrir markaðsskrifstofu ferðamála í Svíþjóð, sem hefur haldið utan um boðskiptin og unnið við að koma sýn stjórnvalda á framfæri, er árangurinn góður. „Þegar við byrjuðum voru þeir ekki margir sem settu Svíþjóð í samhengi við mat. Núna sjáum við þúsundir greina og frásagna í fjölmiðlum um allan heim þar sem Svíþjóð er kynnt sem áfangastaður mataráhugafólks. Við sjáum líka aukinn áhuga hjá ferðamönnum á mat, þeir leita uppi sænskar matvörur og veitingahús sem bjóða upp á sænskt hráefni og sama á við um kaffihúsin. Næsta skref fyrir okkur verður að þróa fleiri vörur og þjónustu fyrir þá fjölmörgu gesti sem koma til Svíþjóðar meðal annars út af matnum,“ segir Ami.

## Búvörurnar gera Svíþjóð að áhugaverðum áfangastað

„Sænskir bændur eru í raun og veru lykillinn að því sem stefna stjórnvalda gengur út á. Okkur hefði aldrei tekist að gera Svíþjóð að áhugaverðum mataráfangastað ef ekki væri fyrir þeirra einstöku búvörur. Bændurnir hafa í yfir 30 ár unnið unnið markvisst að því að byggja upp sína framtíð með ákveðnum hætti. Þeir hafa lagt áherslu á sjálfbærni og að framleiða góðan og öruggan mat fyrir neytendur auk þess að huga vel að dýravelferð og umhverfismálum. Sænskir bændur berjast, eins og aðrir evrópskir stéttarbræður þeirra, fyrir því að ná hagnaði úr sínum rekstri. En við getum hjálpað þeim með því að segja frá því sem vel er gert og neytendur eru líka tilbúnir að greiða herra verð fyrir góðan og heilnæman mat. Ríkisvaldið getur líka hjálpað með því að draga úr íþyngjandi regluverki og ónaðsýnlegri skrifinnsku,“ segir Ami.

## Ferðamenn vilja vita meira um uppruna matarins

Sænsku bændasamtökin hafa verið mjög virk í að framfylgja stefnunni um matvælalandið Svíþjóð en það eru næg verkefni fram undan að sögn Ami. „Að mínu mati eru fjölmörg tækifæri ennþá vannýtt í matarferðamennsku, sérstaklega með tilliti til upplifunar og aukinna tengsla við bændur. Ferðamenn vilja komast nær uppruna matarins og upplifa eitthvað sérstakt. Ég hvet bændur til þess að bjóða þeim á bæina og sýna út á hvað starf bóndans gengur. Leyfið fólki jafnvel að taka til hendinni og borða með bændunum að loknu dagsverki, máltíð sem byggir á framleiðslu býlisins. Annað mikilvægt atriði svo hægt sé að byggja upp matarferðamennsku er samvinna. Fyrir fjórum árum, þegar ég ferðaðist um alla Svíþjóð, hitti ég fjölda aðila í matvælaframleiðslu, veitingageiranum, markaðsfólk og starfsfólk á ferðaskrifstofum. Þetta fólk talaði ekki saman og því þurfti að breyta. Matarferðamennska sækir hratt í sig veðrið og ef við vinnum saman með því að deila þekkingu og hugmyndum farnast okkur öllum betur.“

## Segir frá reynslu Svía

Á fyrirlestri Ami í Reykjavík mun hún deila af reynslu sinni af matarferðamennsku og markaðssetningu á mat. „Ég mun segja söguna af því hvernig Svíþjóð setti sér markmið um að verða matvælaland, hvernig allt byrjaði, hvernig við vinnum saman og hvernig við nálgumst neytendurna með skilaboðin. Ég ætla að segja frá því hvar við stöndum í dag og hvað er fram undan. Þá mun ég deila með ráðstefnugestum nýjustu upplýsingum úr okkar mælingum og hvað við höfum lært af þeim. Vonanandi tekst mér að koma þessu til skila og líka að skiptast á skoðunum við Íslendinga um málefnið.“

/TB



## Ávinnsluherfi

Ávinnsluherfin okkar eru sérsníðnir fyrir okkur til þess að falla sem best að íslenskum aðstæðum. Herfin eru mottur sem fléttaðar eru saman úr ferningslaga hlekkjum (10 cm x 10 cm). Engir gaddar eru á herfinu þar sem íslenskur svörður er yfirleitt of mjúkur fyrir slíkt. Ávinnsluherfin okkar gera einmitt það sem ætlast er til af þeim, dreifa úr taði og jafna smávægilegar ójöfnur. Vinnslubreiddir 3,6 - 4,8 m.

### Lyftutengd herfi

Ávinnsluherfin okkar eru nú einnig fánleg lyftutengd (samanbrjótanleg). Auðveldara er að færa herfin á milli túna eða stykkja og mjó hlið eru ekki vandmál lengur.

### Dragtengd herfi fyrir fjórhjól

Fyrir minni tún eða bletti bjóðum við nú dragtengd herfi sem henta fjórhjólum og minni vélum. Vinnslubreiddin er 1,80 m.



## Matvælalandið Ísland: Fjársjóður nútíðar

Þegar ráðstefnan Matvælalandið Ísland var haldin fyrir tveimur árum var yfirskrift fundarins Fjársjóður framtíðar. Ég held að það megi skrifa þetta upp á nýtt og segja að matvælalandið Ísland sé fjársjóður nútíðar. Fjársjóður í þeim skilningi að hægt er að gera út á mat sem eina af ástæðum þess að fólk vill koma til Íslands. Með þeim hætti verður matur eitt af vörumerkjum landsins ef svo má að orði komast. Og tækifæri okkar til þess eru góð. Byggist það ekki síst á þeirri staðreynd að íslenskur matur er tiltölulega hreinn. Fiskurinn syndir um í hreinum sjó, hér er gnægð af hreinu vatni, loftið er hreint og sýklalyfjanotkun með því minnsta sem þekkist á byggðu bóli. Þessu til viðbótar eru margir farnir að velta því alvarlega fyrir sér hvaðan maturinn kemur; kemur hann frá fjarlægum stað í mörg þúsund kílómetra fjarlægð, eða úr nálægu héraði. Til að matvæli þoli langa flutninga þarf að gera ýmsar ráðstafanir sem neytendur kæra sig ekki alltaf um, svo ekki sé talað um mengunina sem verður til við flutning á þeim. Þá vilja neytendur, ekki bara útlendingar sem hingað koma, vita hvaðan maturinn er upprunninn. Þessi viðhorf eru verðmæti, fjársjóður fyrir okkur hér á Íslandi. Við erum í nokkuð góðri stöðu þegar kemur að hreinleika



Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

matvæla og hana eigum við að nýta okkur út í ystu æsar.

Þessi staða er hins vegar ekki einkamál þeirra sem með matvæli fara. Það má segja að þetta sé sameiginleg auðlind. En hún leggur skyldur á herðar þeirra sem framleiða og framreiða matvæli. Hún felst í því að umgangast auðlindina með gát og gæta þess að henni verður að viðhalda. Fólk er mjög meðvitað um gæði matvæla og ef því finnst að verið sé að fara á bak við það, með einhverjum hætti, þá mun ímyndin laskast. Því er mikilvægt að allir vandi til verka.



# Íslenskur matur og matarmenning fellur í kramið

„Starfsfólk Íslandsstofu finnur fyrir miklum áhuga erlendis á Íslandi almennt, matarmenningu landsins og öllu því góða hráefni sem hér er notað til matargerðar,“ segir Guðný Káradóttir, forstöðumaður sjávarútvegs og matvæla hjá Íslandsstofu. Hjá stofunni er unnið að því að vekja áhuga erlendis á Íslandi og öllu því sem íslenskt er: Íslandi sem áfangastað ferðamanna, íslenskum vörum og þjónustu, þekkingu og menningu, sem og á Íslandi sem fjárfestingarkosti.



Guðný Káradóttir

*Víðtækt samstarf til að kynna íslenskan mat*

„Við leggjum áherslu á samlegðaráhrif í kynningarstarfinu, enda styður það hvað annað, matvælalandið Ísland, náttúran, menningin og jafnvel sú tækni sem hér hefur verið þróuð í matvælaframleiðslu. Íslandsstofa nýtir almannatengsl í vaxandi mæli í kynningarstarfinu á erlendum mörkuðum sem og vef- og samfélagsmiðla. Það hefur skilað góðum árangri að virkja Íslendinga til þátttöku í að miðla og segja frá því góða sem landið hefur upp á að bjóða. Framleiðendur, matreiðslumenn og veitingastaðir taka gjarnan þátt í að segja frá

og skapa áhuga. Blaðamönnum er boðið að heimsækja Ísland og kynna sér framleiðsluhætti og hráefni til matvælaframleiðslu og þá kemur sér vel að geta nýtt góð tengsl út um land allt. Samstarf við framleiðendur og matreiðslumenn skiptir því miklu máli, hvort sem um er að ræða heimsókn í gróðurhús, fiskvinnslu eða á veitingastaði,“ segir Guðný.

*Ferskleikinn og gæðin koma á óvart*

Fiskurinn er óneitanlega það hráefni sem Íslendingar flytja mest út á erlenda markaði. Guðný segir

að þar skipti gæðin, ferskleikinn, hreina náttúran og ábyrg nýting náttúruauðlinda kaupendur mestu máli. „Það er dýrmætt að geta kynnt erlendum ferðamönnum sem hingað koma fiskinn og annað úrvals hráefni. Ferskleikinn og gæðin koma þeim á óvart sem og matreiðslan á íslenskum veitingahúsum sem mörg hver eru í fremstu röð í heiminum. Íslenskt lambakjöt er annað hráefni sem alltaf fær mikla athygli sem og skýrið. En það má ekki gleyma ýmsum vaxtarsprotum sem við leggjum líka áherslu á að kynna, s.s. krydd, korn, drykkjarvöru af ýmsu tagi og alls kyns sérhæfða framleiðslu sem nýtur mikils áhuga.“

*Ferðamenn kjósa það sem er einstakt og ósvikið*

Guðný segir að ákveðinn hópur fólks sé vel meðvitaður um uppruna matvæla. „Það sama gildir um matarferðamanninn sem nýtur matar og menningar í ferðalögum sínum. Hann ferðast á nýjar slóðir og leitar eftir því sem er einstakt og ósvikið. Til að ná til þessa hóps er mikilvægt að kynna íslensk matvæli erlendis og koma á framfæri gæðum þeirra, framleiðsluaðferðum, matargerð, hefðum og nýsköpun.“

» Framleiðsluverðmæti matvæla og drykkjarvöru er um 365 milljarðar króna á ári. Þar af eru sjávarafurðir um 260 milljarðar en önnur matvæli og drykkjarvörur 105 milljarðar.

## Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís: Stefnumót bænda og hönnuða var snjóbolti sem byrjaði að rúlla

Í pallborðsumræðum á ráðstefnunni Vöxtur í ferðaþjónustu – er maturinn tilbúinn? verður Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís. Óhætt er að segja að hjá Matís hafi á undanförunum árum verið unnið mikið og gott starf á ýmsum sviðum í þróun matvöru og í tengslum við margs konar matvælarannsóknir. Margir kannast til að mynda við Matarsmiðjur Matís sem starfræktar eru í Reykjavík, á Höfn í Hornafirði og á Flúðum.

„Matarsmiðjur Matís veita aðstöðu fyrir frumkvöðla og smáframleiðendur sem vilja prófa sig áfram í vöruþróun eða framleiða vöru sína í samþykktu vinnsluhúsnæði,“ útskýrir Sveinn. „Af öðrum verkefnum í þessa veru sem við sinnum mætti nefna nýsköpunar- og vöruþróunarverkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, þar sem frumkvöðlum og smáframleiðendum verður boðin aðstoð við vöruþróun, mælingar, uppsetningu gæðakerfis, umbúða-hönnun og markaðssetningu.

*Þaraskyr, mysudrykkir og sæbjúgnasúpa*

Matís er öðrum þræði nýsköpunar-fyrirtæki og vinnur beinlínis að nýjungum í matvælaframleiðslu. Sveinn segir að af ýmsu sé að taka þegar hann er beðinn um að nefna dæmi um áhugaverða nýjungar. „Bara til að nefna nokkur dæmi, þá dettur mér í hug þaraskyr, sem brátt fer í framleiðslu fyrir íslenskan markað. Íslandur er fyrirtæki sem selur mysudrykki með íslenskum berjum og jurtum, en fyrirtækið sprettur upp úr EcoTrophelia-keppninni. Sú keppni, þar sem m.a. nemendur í matvælafræði við Háskóla Íslands unnu að vöruþróun með íslenskt hráefni, hefur skilað ýmsu fleiru, til dæmis sæbjúgnasúpu, sem er skemmtileg nýjung.



Sveinn Margeirsson

Það má segja að stefnumót bænda og hönnuða, sem var samstarfsverkefni bænda, Listaháskólans og Matís, hafi komið litlum snjóbolta af stað sem hefur undið upp á sig á síðastliðnum árum. Það var til dæmis gaman að sjá hve margar vörur á velheppnuðum matarmarkaði Búsins í Hörpunni nú nýverið, höfðu notið góðs af aðstöðu og þekkingu Matís síðastliðin ár. Góð dæmi eru vörur Ólafs á Þorvaldseyri og humarsoð kokksins frá Höfn í Hornafirði.“

*Fiskibók í þróun*

Á verksviði Matís eru líka leiðbeiningastörf af ýmsu tagi. Sveinn segir að matvælaframleiðsla sé í raun þekkingariðnaður og því margs konar upplýsingar og þekking sem Matís býr yfir sem nýtast til leiðbeiningar við vöruþróun og framleiðslu. Við höfum yfir að ráða mjög öflugu teymi varðandi gæðamál og þreytumst ekki á að ítreka mikilvægi þeirra. Varðandi vinnslutækni mætti t.d. benda á Kjötbókina, þar sem finna má upplýsingar um rétta meðferð og vinnslu á kjötafurðum. Sams konar Fiskibók er í þróun. Sjómenn hafa tekið nýju „ÍS-APPI“ opnum örmum, en það er snjallsímaforrit til leiðbeiningar um rétta meðferð og kælingu á fiski. Upplýsingar til neytenda verða sífellt mikilvægari,

/smh

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// [www.VBL.is](http://www.VBL.is)

# DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI

**GOTT ÚRVAL**

**DRIFSKAFTAHLÍFAR Á MJÖG HAGSTÆÐU VERÐI**

**B BENZI & DI TERLIZZI**

**VB LANDBÚNAÐUR** ehf.  
Agriculture Ltd.

[www.VBL.is](http://www.VBL.is)

REYKJAVÍK  
Krókháls 5F  
110 Reykjavík  
Sími: 414-0000

AKUREYRI  
Baldursnes 2  
603 Akureyri  
Sími: 464-8600

# VELKOMINÍ SVEITINA

Ferðaþjónusta bænda býður upp á fjölbreytta gistingu hjá **180 ferðaþjónustuaðilum** um allt land - sveitahótel, gistihús, sumarhús, heimagisting, svefnpokaþléss og tjaldsvæði. Mikið úrval afþreyingar og áhersla á mat heima úr héraði, með sjálfbærni og persónulega þjónustu að leiðarljósi.

Búðu til þína eigin ferðaáætlun á **sveit.is** og leitaðu eftir burstabæjarmerkinu á leið þinni um landið!

**Ferðaþjónusta bænda** · Síðumúla 2 · 108 Reykjavík  
Sími 570 2700 · [sveit@sveit.is](mailto:sveit@sveit.is) · [www.sveit.is](http://www.sveit.is)

**ferðaþjónusta bænda**

# ÞRÍR FRÁBÆRIR OFNAR FRÁ TURBOCHEF

Turbochef ofnarnir eru einfaldir í notkun, taka lítið pláss og rafmagnsnotkun er í lágmarki. Þeir elda 10-12 sinnum fljótar en hefðbundnir ofnar og ekki þarf sérstaka loftræstingu frá þeim.

**i3™ i5™**

*Hraðinn og þægindin koma ekki niður á gæðum matarins!*

Hámarka afköst og fjölhæfni með eldun í gastróílátum úr málm.

Þurfa ekki loftræstiháf, taka lítið pláss og ódýrir í rekstri.

*Meiri afköst, minna pláss, einfaldur í notkun og ódýr í rekstri.*

Einstök hitablasturs tækni hitar matinn hraðar en nokkur önnur eldunaraðferð og notar mikið minna rafmagn.

Þessi ofn kemur í fleiri stærðum: HhC 1618 og HhC 2620

Litli broðir: HhC 1618  
HhC 2020 bakar 60 stk. af 12-tönnu pizzum á klst.  
Stóri broðir: HhC 2620 bakar 90 stk. af 12-tönnu pizzum á klst.

*Ofninn, sem beðið var eftir fyrir kaffihús og minni veitingastaði.*

**i1™ Söta™**

Þú sérð meiri upplýsingar á [www.pmt.is](http://www.pmt.is).  
Hringdu í 567 8888 og við sendum þér bækling.

**PMT**  
PLAST, MIÐAR & TÆKI

Plast, miðar og tæki ehf. | Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | [www.pmt.is](http://www.pmt.is)



Laufey Haraldsdóttir, lektor við Háskólann á Hólum:

# Huga þarf vel að ímyndarsköpun fyrir Ísland

– geta matvælaframleiðendur fylgt eftir fjölgun ferðamanna?

„Ekki hafa farið fram skipulagðar rannsóknir á landsvísi þar sem spurt er markvisst um viðhorf og væntingar ferðamanna til matar og matarupplifunar á Íslandi,“ segir Laufey Haraldsdóttir, lektor við ferðamáladeild Háskólans á Hólum. „Nokkrar rannsóknir hafa þó verið gerðar á síðustu árum sem gefið hafa góðar vísbendingar um þessa þætti. Niðurstöður úr könnunum Ferðamálastofu sýna að ferðamenn eru yfirhöfuð ánægðir með framboð veitinga hérlandis. Virðast vetrarferðamenn vera heldur ánægðari en sumarferðamenn með veitingarnar sem þeir fá.“

Á ráðstefnunni flytur Laufey erindið Matarferðabjónusta á Íslandi – við hvaða uppskrift skal styðjast? Hún segir að meirihluti vetrarferðamanna dvelja enn sem komið er á höfuðborgarsvæðinu og segja megi að þarna liggi sóknarfæri fyrir önnur svæði landsins. „Þau sóknarfæri liggja ekki síst í auknum gæðum og fjölbreytni í vöru og þjónustu og það er þáttur sem snýr að ferðabjónustuaðilunum sjálfum. En nýting þess sóknarfæris er háð aukinni dreifingu ferðamanna um landið yfir vetrarmánuðina og þar þarf að koma til samstillt átak



Laufey Haraldsdóttir

yfirvalda og hagsmunasamtaka innan ferðabjónustunnar.“

## Mikill áhugi á staðbundnum matvælum

„Í þeim könnunum þar sem spurt er út í áhuga fólks á staðbundnum matvælum eru niðurstöðurnar afgerandi með þeim. Meirihluti fólks virðist hafa mikinn áhuga á að smakka matvæli sem framleidd eru á þeim stöðum sem þeir heimsækja á ferðalögum. Þetta eru niðurstöður sem endurspeгла reynslu víða erlendis þar sem staðbundin matvæli eru mikilvægt aðdráttarafi margra áfangastaða ferðamanna. Í könnunum frá 2004 sýndu erlendir ferðamenn þessu meiri áhuga en þeir íslensku, en í könnunum frá 2007 og 2012 virðast Íslendingar vera farnir að sýna staðbundnum matvælum aukinn áhuga. Athygli vakti að í þessum þremur könnunum virðast staðbundin matvæli ekki mjög sýnileg ferðamanninum og eru ýmis tækifæri fólgin í því að bæta úr því. Þá sýndu niðurstöður úr könnunum 2007 og 2012 að ferðamenn telja mat og matartengda viðburði vera afar mikilvægan hluta af upplifun á ferðalagi – og þar liggja óendanleg tækifæri fyrir ferðabjónustuaðila í nýsköpun og vöruþróun.“

## Geta matvælaframleiðendur fylgt fjölguninni eftir?

„Ekki er vítað hvernig tekst að mæta

þessari eftirspurn eftir staðbundnum matvælum þar sem engin rannsókn hefur farið fram, mér vitandi, þar sem það hefur verið skoðað. Ég tel þó að þeir ferðabjónustuaðilar sem á annað borð leggja áherslu á staðbundin matvæli í sínu vöruframboði og ímynd fyrirtækisins, geri það sem þarf til þess að geta boðið ferðamönnum þessa vöru. Spurningin er hins vegar: hvernig tekst að mæta eftirspurninni eftir því sem ferðamönnum fjölgar – hvort matvælaframleiðendur í landinu nái að fylgja þeirri þróun eftir.

Árið 2003 komu um 308 þúsund ferðamenn til landsins, en árið 2013 voru þeir orðnir rúmlega 780 þúsund. Spáð hefur verið að fjöldi ferðamanna verði kominn yfir milljón árið 2020. Samkvæmt Rannsóknarsetri verslunarinnar greiddu erlendir ferðamenn 1,6 milljarða króna á veitingastöðum í júlí og ágúst 2013, sem er um 20% aukning frá árinu 2012. Í desember var aukningin 47% milli ára 2012 og 2013, og í janúar var aukningin 40% á milli ára 2013 og 2014. Á þessu sést að eftirspurn eftir matvælum í ferðabjónustu eykst gríðarlega og miklir hagsmunir í húfi. Hér þarf því að horfa fram í tímann og skoða hvernig hægt er að mæta þeirri auknu eftirspurn eftir matvælum sem óhjákvæmilega verður.“

## Svæðisbundin samstarfsverkefni haft mikið að segja

„Á árunum 2004-2009 urðu til verkefni



víða á landinu þar sem áhersla var lögð á að kynna staðbundin matvæli og efla nýsköpun og vöruþróun tengda svæðisbundnu hráefni og hefðum. „Þessi verkefni endurspegluðu að nokkru leyti þróunina erlendis þar sem m.a. hin alþjóðlega hreyfing Slow Food-samtakanna hefur haft mikil áhrif, og seinna samnorræna verkefnið Ný norræn matargerðarlist. Þessi svæðisbundnu verkefni hérlandis eru ekki til í dag, í þeirri mynd sem þau voru á þessum árum, en ég tel að þau hafi haft mikil áhrif á þróunina í matarferðabjónustu hér og að árangur af starfi innan þeirra megi m.a. sjá í auknum áhuga ferðabjónustuaðila víða um land á því að nýta svæðisbundin matvæli í vöru sínar og þjónustu. Þau ýttu einnig undir samstarf milli ferðabjónustuaðila, sem var af hinu góða. Þá tel ég að verkefni hafi vakið almenning til vitundar um þau verðmæti sem felast í staðbundnum auðlindum eins og matvælaframleiðslu og matvælavinnslu – og hvernig hægt er að nýta það sem fyrir er á svæðinu eða staðnum til aukinnar verðmætasköpunar.“

Laufey segir að auðvitað hafi fleira haft áhrif á þessa jákvæðu þróun. „Tilkoma samtakanna Beint frá býli og aukinn áhugi íslenskra neytenda á smáframleiðslu matvæla, lífrænt ræktaðum matvælum og milliliðalausri verslun við matvælaframleiðendur – þróun sem

aftur má rekja til þróunar erlendis. Á markaðinn hafa líka komið vörur sem flokka má sem matarminjagripir og eru afrakstur samstarfs hönnuða og matvælaframleiðenda. Áhersla er á skemmtilegar umbúðir og nettar pakkningar sem þægilegt er að ferðast með. Þessa vörur sáust varla í verslunum hérlandis fyrir örfáum árum.

Það er afar mikilvægt í þessu sambandi að hvergi verði slakað á kröfunni um gæði vöru og þjónustu. Einn þáttur í gæðamálum fyrirtækja er heiðarleiki í viðskiptum með matvæli og að geta sýnt heiðarleika í viðskiptum við ferðamenn veltur á góðu samstarfi matvælafyrirtækja og ferðabjónustu.“

## Markviss ímyndarsköpun fyrir allt landið

„Ég tel mikið sóknarfæri falið í því að fram fari markviss ímyndarsköpun fyrir landið í heild þar sem matur, matarmenning og náttúra er í forgrunni,“ segir Laufey um framtíðarsýn sína á þessi mál. „Inni í þeirri ímynd þarf að vera áhersla á sjálfbærni með tilliti til umhverfis, samfélags og efnahags. Með þá ímynd er líklegt að Íslendingum takist að viðhalda áhuga ferðamanna á áfangastaðnum Íslandi og hafa, ásamt alþjóðlegum straumum og stefnum, mótandi áhrif á starfsemi einstakra ferðabjónustuaðila í landinu.“

/smh

Hafliði Halldórsson, forseti Klúbbs matreiðslumanna:

# Stoltir af íslenska hráefninu

– flytur erindi um framlag matreiðslumanna til uppbyggingar á matarlandinu Íslandi

Hafliði Halldórsson er forseti Klúbbs matreiðslumanna sem hefur verið starfandi í 42 ár. Hann er bóndasonur, ólst upp í Ögri í Ísafjarðardjúpi við hefðbundinn landbúnað, en hann verður í hópi fyrirlesara á ráðstefnunni með erindið Mikilvægt framlag matreiðslumanna til uppbyggingar á matarlandinu Íslandi. Þar fjallar hann um þátt Klúbbsins í þessu uppbyggingarstarfi og verkefni sem þar er unnið að.

Að sögn Hafliða er meginmarkmið Klúbbs matreiðslumanna, sem telur 130 félaga, að efla fagmennsku í

matreiðslu, auka umræðu um mat og matarmenningu innan félagsins sem utan.

En hvernig koma íslenskir matreiðslumenn að uppbyggingu á matarlandinu Íslandi að mati Hafliða? „Með því að þróa sífellt okkar nútíma íslenska eldhús, hvetja matreiðslumenn til aukinnar gæðavitundar og með keppnisstarfi. Kokkalandslíðið keppir á erlendum vettvangi, ber sig saman við þá bestu í heiminum hverju sinni. Við krýnum sigurvegara í keppninni um matreiðslumann ársins árlega. Þessi samkeppni og samanburður

við þá bestu eykur gæði, metnað og samkeppnishæfni Íslands sem ferðamannastaðar. Þá hvetjum við ungt fólk til náms í faginu og hömpum því með ungliðastarfi hér heima og á erlendum vettvangi. Matreiðslumenn hafa líka leitað uppi hráefni sem enginn nýtti áður og gert að hágæða mat og söluvöru, beðið grænmetisbændur um að rækta sérvöru, fengið sjómenn til að færa að landi meðafla til að prófa í eldhúsunum og svo framvegis. Forvitni og vilji til að leita uppi nýjungar og hugsa hlutina upp á nýtt er stór partur af starfi okkar, um leið og við byggjum á traustum faglegum grunni og góðri menntun í greininni.

## Þakklátir fyrir íslenska hráefnið en kröfuharðir líka

Hafliði segir tvímælalaust að hróður íslenskra matvæla og íslenskra matreiðslumann haldist í hendur. „Þetta vinnur í báðar áttir, við notum stoltir frábært íslenskt hráefni á veitingahúsunum og á erlendum vettvangi í keppnum Kokkalandslíðsins. Fiskinn, lambið, grænmetið og mjólkurvörurnar. Við erum að sama skapi kröfuharðir og látum í okkur heyra við íslenska framleiðendur ef við teljum að gæðin séu ekki í lagi. Ég held að framleiðendur kunni vel að meta þá gagnrýni og aðhald og þessi gagnrýni hjálpi okkur öllum til lengri tíma lítið.“

Hann segir að það hafi færst í vöxt á undanföllum árum að matreiðslumenn tilgreini stoltir séríslenskt hráefni á matseðlum. „Kröfuharðir ferðamenn leita sérstaklega uppi staði sem bjóða upprunamerkt gæðahráefni og matreiðslu sem hæfir því. Það er

mjög jákvætt en menn þurfa líka að gæta sín að segja alltaf sannleikann og fara ekki að lýsa erlendra vöru á matseðlum sem íslenskra. Það hefur gerst en er varasamt og getur grafið undan hróðri og heiðarleika íslenskrar matreiðslu — og gjaldfellt hráefnið.

Við gerum okkar besta til að halda í við þróunina varðandi hráefnisframboð, það er ekkert leyndarmál að sumt innlent hráefni er ekki til í nægu magni — til dæmis nautakjöt og sérstaklega lundimar. Þá er á stundum erfitt að fá allra besta fiskinn þar sem besta varan er oft á tíðum öll flutt út. Þar spila auðvitað inn viðskiptasjónarmið.“

## Árangursríkt menntakerfi

Íslenskir matreiðslumenn hafa á undanföllum árum og áratugum getið sér gott orð, enda hefur fagleg umgjörð verið sterk og er frekar að eflast að sögn Hafliða; bæði hvað varðar menntun en einnig á keppnisstigi. „Menntunin fer fram í þrautreyndu og mjög árangursríku kerfi sem ég hvet til að verði staðinn vörður um og eftir frekar en hitt. Kerfið er meistarakerfi þar sem nemar fara á samning á veitingastað eða hóteli undir handleiðslu matreiðslumeistara, neminn starfar í 36 mánuði á staðnum og sækir jafnframt bóklegt og verklegt nám í alls þrjár annir í Hótel og Matvælafræðingaskólunum í Kópavogi, þar sem frábærir fagmenn taka við nemunum. Verkmennaskólinn á Akureyri er einnig með grunndeild í matreiðslunámi en útskrifar ekki enn nemendur með sveinspróf. Nýliðun hefur verið góð aukning mikil



Hafliði Halldórsson.

undanfarin ár. Nýliðunin dugar þó ekki til með sama áframhaldi í auknum umsvifum í ferðabjónustu. Það er ærin ástæða fyrir menntamálayfirvöld

að huga að því fljótt og vel. Endurmenntun fer til dæmis fram í formi Meistaramenntunar í sama skóla, þar sækja matreiðslumenn sér aukin réttindi. Þá starfar margt fólk erlendis um tíma, sem eflir viðsýnina, en íslenskir matreiðslumenn eru gríðarlega eftirsóttir starfskraftar erlendis. Þá sækja menn fagsýningar og keppnir og ferðast jafnframt mikið til að borða á veitingahúsum og sækja sér þekkingu um stefnur og strauma.“

## Standa sig vel í alþjóðlegum keppnum

„Íslenskir matreiðslumenn eru virkilega góðir og standa sig vel í alþjóðlegum „keppnum“,“ segir Hafliði um stöðu íslenskra matreiðslumanna í alþjóðlegum samanburði. Við erum samt hinum Norðurlandabjórðunum alltaf á topp 10 í heiminum í öllum keppnum. Okkur hefur tekist vel upp og Íslendingar mega vera stoltir af sínu fólki í Kokkalandslíðinu og Bocuse d'Or keppendunum.

Varðandi aðstöðu keppir skórin verulega. Við keppum erlendis fyrir hönd Íslands með afar takmarkað fjármagn og stuðning á móti þjóðum, til dæmis Svíum og Norðmönnum, sem skilja mikilvægi þess fyrir land og þjóð og þar með talið efnahaginn að vel gangi og leggja mikið til keppnisliða sinna.“

/smh



Clear the Air felur ekki ólykt, heldur eyðir henni!

**Eyðir**

- reykjarlykt
- myglu- og fúkkalykt
- úrgangslykt
- rotnunarlykt
- lykt úr ruslatunnum
- saur- og þvaglykt



Inniheldur náttúruleg steinefni. Engin skaðleg efnasambönd eða ilmefni.



**Streymi heildverslun ehf.**  
Goðanesi 4 | Akureyri  
streymi.is | 588 2544



# Matur er líka ferðamannsins megin

Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað mikið hér á landi undanfarin ár og voru rúmlega 800.000 á síðasta ári fyrir utan farþega skemmtiferðaskípa. Flestir erlendir ferðamenn, eða um 80%, koma til landsins vegna náttúrunnar en vaxandi fjöldi gefur menningu upp sem ástæðu fyrir komu til landsins. Matarmenning er vafalítið einn af þeim þáttum menningar sem fá ferðamenn til að koma til Íslands enda hefur sérsniðunum ferðum sem tengjast matarupplifun fjölgað síðustu misseri.

Fjölgun ferðamanna kallar á sterkari innviði og er framboð matvæla einn af mikilvægustu þáttunum til þess að styrkja þá. Aukin fjölbreytni í matargerð og nýsköpun



Gunnar Valur Sveinsson, verkfnastjóri hjá SAF.

við vinnslu afurða er gríðarlega mikilvæg til þess að efla íslenska ferðaþjónustu. Ljóst er að þörf er á öflugri samstarfi framleiðenda og ferðaþjónustunnar til að ferðamenn og aðrir neytendur geti í framtíðinni haft gott aðgengi að hráefni og notið sömu gæða og bjóðast í dag.

Íslensk matvæli og matargerð standa mjög framarlega og hefur hróðurinn farið víða með verðlaunasætum í keppnum og öflugri kynningarstarfi. Ímynd íslensk matar hefur verið að batna en þó er enn of margir sem benda á súrmetið sem hefðbundinn íslenskan mat. Þessu þarf að breyta og augljós tækifæri til þess með öflugri samstarfi og samtali þeirra aðila sem standa að Matvælalandinu Íslandi.

- » Heildarverðmæti allrar framleiðsluvöru á Íslandi er um 750 milljarðar króna. Framleiðsluverðmæti matvæla er tæpur helmingur allrar framleiðsluvöru í landinu.
- » Af annarri matvælaframleiðslu en sjávarafurðum vega þyngst mjólkuriðnaður, drykkjarvöruíðnaður og kjötvinnsla og slátrun með fjórðung hver.
- » Um 11 þúsund störf tengjast landbúnaði með einum eða öðrum hætti, meðal annars á bújörðum, í kjötafurðastöðvum, mjólkurvinnslum, hjá þjónustufyrirtækjum og víðar.
- » Sjávarútvegurinn leggur til um 40% af heildargjaldeyriskjum þjóðarinnar.
- » Alls námu tekjur af erlendum ferðamönnum tæplega 275 milljörðum króna á árinu 2013
- » Meðal þess sem ferðamenn telja minnisstætt eftir Íslandsferð er náttúrufegurð, fólkið, gestrisni, matur og veitingahús.
- » Mannfjöldi ræður einna mestu um umsvif matvælaiðnaðarins á hverjum tíma. Viðbótarvöxtur greinarinnar á Íslandi er ekki síst vegna fjölgunar ferðamanna.

# Það er hægt að auka matvælaframleiðslu á Íslandi

– en það þarf að þróa landbúnaðinn í takt við breytingar í umhverfinu

**Dr. Torfi Jóhannesson, sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, segir Ísland vel í stakk búið til að auka matvælaframleiðslu og mæta aukinni eftirspurn ferðamanna, sem og neytenda hér á landi. Þó þurfi að huga að því að endurskoða landbúnaðarkerfið reglulega með tilliti til breytinga sem verða á neysluvenjum og samkeppnisumhverfi.**

„Við höfum úttekktir sem sýna að hér er til mikið af góðu landnáði, hér er mikil þekking, rannsóknarstofnanir og skólar með góðum mannauði sem skilar sér út í landbúnaðinn. Veðurfar er þó viss óvissuþáttur. Margumtalaðar loftslagsbreytingar virðast að jafnaði frekar jákvæðar fyrir Ísland en við erum reglulega minnt á að við búum nálægt heimskaupsbaug. Það eru þó mörg lönd önnur sem þurfa að takast á við öfgar í veðri, þurrka og flóð til að mynda. Við höfum og munum halda áfram að laga okkur að veðurfari og landgæðum hér,“ segir Torfi.

### Veikar og sterkar hliðar

„Ef við horfum á þær hættur eða þá veiku þætti sem við stöndum frammi fyrir þá erum við ekki nægjanlega vel sett varðandi nautakjötsframleiðsluna. Við höfum ekki verið nógu vel vakandi í þeim efnum þótt nú sé verið kanna möguleika á innflutningi á erfðaeefni. Við erum sömuleiðis talsvert upp á önnur lönd komin varðandi þróun á erfðaeefni í byggi og öðrum nytjajurtum. Það er afar mikilvægt að við pössum upp á þá þekkingu sem er til staðar hvað það varðar því það er staðreynd að við þurfum á öðrum og harðgerari yrkjum að halda.“ Torfi segist minni áhyggjur

hafa af mjólkurframleiðslunni þrátt fyrir nýlegar fregnir af vöntun á fituhluta mjólkur. „Við megum ekki gleyma því að þótt við höfum þurft að flytja inn smjör í fyrra vorum við með nettóútflutning þegar árið er tekið sem heild. Vissulega er rétt, og það hefur lengi verið vitað, að kuakynið íslenska væri hægt að bæta verulega með innblöndun á erfðaeefni. Við erum í samkeppni við mjólkurframleiðslu erlendis og ef við drögumst aftur úr þolum við það ekki til lengdar. Það sem er erfitt í þessu er að ekki hefur náðst sátt um með hvaða hætt þetta yrði gert. Ég held þó að einhver erfðablöndun sé óhjákvæmileg í framtíðinni, til að kuakyn okkar sé samkeppnishæft í mjólkurframleiðslu, sérstaklega hvað varðar þætti á við mótsstöðu gegn sjúkdómum og aðra endingartengda eiginleika. Við erum til að mynda á allt öðrum stað í sauðfjárræktinni, þar erum við með mjög öflugan stofn og getum frekar miðlað öðrum þjóðum af okkar reynslu. Ég tel að við munum geta leyst úr þeirri stöðu sem upp er komin í mjólkurframleiðslunni, þessu tímabundna skortsástandi sem skapaðist í fyrra. Við þurfum hins vegar að horfa til framtíðar í þessum efnum.“

-Einhver myndi spyrja hvort það sé þörf á því að við Íslendingar framleiðum sem mest af þeim mat sem hér er neytt. Er ástæða til þess að við leggjum áherslu á að framleiða margar tegundir matvæla í stað þess að flytja inn?

„Það væri hættulegt fyrir Ísland til framtíðar að treysta alfarið á innflutning matvæla og ég held að sú staða muni aldrei koma upp. Jafnvel þótt við myndum draga úr stuðningi við landbúnað yrði áfram matvælaframleiðsla í landinu. Það má hins vegar spyrja hvernig við nýtum okkar auðlindir sem best.



Torfi Jóhannesson

Það sem gæti verið áhugavert að velta fyrir sér í þessum efnum er hvort við eigum að framleiða allt eða einbeita okkur að færri hlutum sem við erum verulega góð í. Það er í sjálfu sér umræða sem er aðeins farin af stað. Við flytjum út lambakjöt en flytjum inn nautakjöt, þannig er bara staðan í dag. Við gætum hugsað okkur að landbúnaðurinn þróist áfram á þessum nótum. Við þurfum að velta fyrir okkur hvort við eigum að verja 300 þúsund manna markað eða hvort við viljum sækja inn á 500 milljóna manna markað – hvort sem sá markaður heitir Evrópa, Bandaríkin eða eitthvað allt annað. Í hvoru er meiri framtíð? Sókn er alltaf besta vörnin og ef við náum alþjóðlegri samkeppnishæfni verðum við líka samkeppnishæf á heimamarkaðnum.“

### Krafa um val

Torfi bendir á að Íslendingar framleiði mjög góðar og heilnæmar vörur en þær séu um leið frekar dýrar. „Það er hins vegar þannig, og það verðum við að horfast í augu við, að ekki allir neytendur hafa áhuga á að kaupa dýra gæðavöru. Neytendur gera kröfu um að hafa val. Ef við gerum ráð fyrir að það sé bara hluti neytenda sem hefur áhuga á að kaupa okkar dýru gæðavöru, getum við þá fundið það sem upp á vantar annars

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// [www.VBL.is](http://www.VBL.is)

## PLÓGAR FRÁ VOGEL & NOOT

### TIL AFGREIÐSLU STRAX

- **FARMER L 850 – 3 skeri**
- **FARMER M 850 – 4 skeri**
- **FARMER M 950 – 4 skeri**
- **FARMER MS 950 Vario – 4 skeri**
- **FARMER MS 950 Vario – 5 skeri**



**Vandaður 4 skera vendiplógur** (8 vikna afgreiðslufrestur)

- Vökvastíllanleg plógfarsbreidd 30-50 cm
- Með fjaðraútslætti, diskaskerum og ristlum við hvert moldverpi.
- Fyrsta plógfar vökvastíllanlegt
- Auðveldur í stillingum
- Lyftist vel frá jörðu og góður í snúningi

**TILBOÐSVERÐ kr. 2.990.000 +vsk.**  
**Aðeins tveir fyrstu eru á þessu tilboðsverði**

**VOGEL** **NOOT**  
SOIL SOLUTIONS



[www.VBL.is](http://www.VBL.is)  
**LANDBÚNAÐUR** ehf.  
VBL Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK  
Krókháls 5F  
110 Reykjavík  
Sími: 414-0000

AKUREYRI  
Baldursnes 2  
603 Akureyri  
Sími: 464-8600

Bændablaðið  
Smáauglýsingar 56-30-300

Kornþresking í Dalsmynni.

mynd / smh

staðar? Þannig að við framleiðum áfram dýrari gæðavöru en í stað þess að láta alla á Íslandi kaupa hana þá kaupa sumir á Íslandi hana og sumir í Þýskalandi, svo dæmi sé tekið. Það er viðskiptamódel sem maður hefði áhuga á að skoða. Við þurfum á sama tíma að passa upp á sveitirnar okkar og að þær þoli breytingar sem af þessu kunna að hljóta.

### Samkeppnishæfni á alþjóða-vettvangi grundvallaratriði

Íslensk landbúnaðarstefna þarf að markast af því að hún hvetji til samkeppnishæfni á alþjóðavettvangi að mati Torfa. „Það er ekki einfalt en það er leiðin sem ég tel að við verðum að fara. Við höfum hér ákveðna fjarlægðarvernd fyrir okkar markað, sem reyndar virkar í báðar áttir, og við höfum tollvernd. Það eru hins vegar takmörk fyrir því hversu mikil tollverndin getur verið. Neytendur er alveg örugglega tilbúnir að setta

sig við að einhver tollur sé lagður á en það eru líka takmörk. Tollverndin er dýrmæt en hún er jafnframt vandmeðfarin. Samkeppnishæfni er því grundvallaratriði í landbúnaðarframleiðslu.

Ég tek undir það sem formaður Bændasamtakanna og ráðherra hafa sagt. Við erum með landbúnaðarkerfi sem byggir á nokkrum grunnstöðum, fyrst og fremst beinum stuðningi og tollvernd. Spurningin er hins vegar hvort við höfum borið gæfu til að þróa kerfið í takt við breytingar í umhverfinu. Höfum við náð að fylgja kalli neytenda til að mynda? Það eru ýmis atriði sem er mikilvægt að taka upp og velta fyrir sér. Erum við að gera nógu mikið til að hvetja til endurnýjunar? Erum við að gera nóg til að styðja við unga bændur? Meginniðurstaðan er að við mætum vera duglegri í því að endurskoða landbúnaðarkerfið reglulega með hliðsjón af breytingum í umhverfinu.“

/fr



Framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda hefur gert úttektir á upprunamerkingum grænmetis í verslunum síðan 2011:

# Mikill misbrestur í merkingum og eftirliti

– ábyrgðin liggur hjá Heilbrigðiseftirlitinu, framleiðendum og smásölum

Frá árinu 2011 hefur Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda, gert sjálfstæðar úttektir á því hvort matvöruverslanir merki grænmeti í samræmi við reglugerð sem tók gildi 1. september 2009. Þar er kveðið á um að grænmeti og ávestir skuli vera merkt upprunalandi með afgerandi hætti. Úttektir Bjarna komu ekki til að góðu því eftirlitsaðilinn, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, virtist ekki sinna hlutverki sínu að hans mati og misbrestir voru á að verslanir fylgdu reglum.



Bjarni Jónsson

mætti fara en einnig að hrósa fyrir það sem vel er gert. Ég hef farið í búðir allt frá Borgarnesi og suður um í Reykjanesbæ og austur að Selfossi.

Fyrsta skýrslan var gerð í október 2011, rúmunum tveimur árum eftir að reglugerðin tók gildi, en sú fjórða leit dagsins ljós nú í byrjun marsmánaðar. Ég ákvað að ég yrði að taka stöðuna nú þegar Bændasamtök Íslands, Neytendasamtökin og Samtök atvinnulífsins undirrituðu viljayfirlýsingu um að gera átak í upprunamerkingu matvæla í heild sinni. Vel að merkja mun reglugerð um upprunamerkingu allra matvæla taka gildi 13. desember næstkomandi en hvatt er til að gera það strax. Við getum því tekið stöðuna að ári og vonandi gefið út þá yfirlýsingu að smásöluverslanir uppfylla reglugerð um upprunamerkingu grænmetis.

## Til lítils að setja reglur ef ekki er hægt að fylgja þeim eftir

Bjarni segir að almennt séð merki hann jákvæða breytingu og greinilegt að forráðamönnum smásölnunnar er annt um að gera rétt. Í nokkrum þeirra eru nánast engar athugasemdir gerðar nú í fjórðu skýrslunni. „Fyrir fimm árum var ekki sjálfgefið að upprunamerkingar á grænmeti væru fyrir hendi nema þá á íslensku grænmeti. Neytendur hafa í gegnum árin haft samband við mig og talið sig vera kaupa íslenskt grænmeti í góðri trú en síðan uppgötvað þegar heim var komið úr verslunarferð að svo er ekki, meðal annars vegna skorts á merkingum.

Mér finnst að forráðamenn smásölnunnar eigi hrós skilið fyrir að veita mér heimild til að gera þessar skoðanir mínar, en sérstaklega fyrir að taka tillit til þeirra og jafnt og þétt gera breytingar — þó sum staðar megi enn bæta úr. Ég hef þá skoðun að þessir aðilar horfi í sömu átt og til dæmis grænmetisframleiðendur og vilji gera rétt.

Það hefur hins vegar orðið alger misbrestur á eftirliti sem er á ábyrgð Matvælastofnunar, þó það séu heilbrigðiseftirlitin sem eigi að sinna því. Það eru liðin fjögur og hálft ár frá því að reglugerðin var sett en ég hef ekki séð neina úttekt eftirlitsaðila



Úr Bónusverslun í Reykjanesbæ þar sem mál eru í góðu lagi. Grænmeti úr Sölufélaginu er í kössum SFG, grænmeti frá Lambhaga er í réttum kössum (bláum) og innflutt grænmeti er í þeim kössum sem það var að líkindum flutt í.

## Fánaröndin

Framleiðendur í Sambandi garðyrkjubænda nota svokallaða fánarönd á umbúðum sínum.

Fánaröndin er vörumerki íslenskrar garðyrkju og er varin með einkaleyfi í tiltekinni útfærslu merkisins. Þeir sem notast við fánaröndina undirrita sérstakan samning en í honum eru notkunarreglur. Að auki hefur verið markvisst unnið að því að merkja vöruna framleiðanda svo neytandinn sé vel upplýstur og getur jafnvel fengið nánari lýsingu á honum á netinu.

Grænmetisframleiðendur hafa á undanförunum áratug markaðssett fánaröndina og er í daga sterkt vörumerki sem neytendur treysta. Í 3. grein notkunarregla segir: Fánaröndin er ætluð til auðkenningar á vörum sem framleiddar eru af aðilum að SG, hagsmunafélagi framleiðenda garðyrkjuafurða í landinu. Tilgangur merkisins er að tryggja gagnvart neytendum að um íslenskt ræktaða vöru sé að ræða samkvæmt skilgreiningu SG á íslenskum garðyrkjuafurðum.

Í 9. grein segir: Umbúðir þær sem fánaröndin er notuð á mega ekki innihalda aðrar merkingar sem geta gefið misvísandi upplýsingar um uppruna vörunnar, til dæmis upplýsingar sem gefa til kynna að varan sé ekki frá Íslandi. Misvísandi upplýsingar um uppruna vöru geta m.a. verið umbúðir sem eru með texta á erlendu tungumáli eða einkenni á þeim sem notuð eru bæði með íslenskri framleiðslu og innfluttri.

Á stöðunni og mér vitandi hefur ekki farið fram úttekt á upprunamerkingu grænmetis. Mér finnst eftirlitsaðilar hafa brugðist skyldum sínum. Það er ekki til neins að setja lög eða reglugerðir ef ekki er hægt að fylgja þeim eftir með skoðun. En auðvitað er það fyrst og síðast á ábyrgð forráðamanna smásöluverslana að unnið sé eftir lögum og reglum.“



## Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur: Fjölmargar athugasemdir verið gerðar

Hjá Jóni Ragnari Gunnarssyni, hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, fengust þær upplýsingar að í reglubundnu matvælaeftirliti í matvöruverslunum í Reykjavík séu upprunamerkingar matjurta skoðaðar eins og aðrar merkingar matvæla. Ef tilefni eru til eru athugasemdir gerðar. Jón Ragnar segir að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafi gert fjölmargar athugasemdir við framsetningu upprunamerkinga matjurta í verslunum í Reykjavík. Hann bendir einnig á að nú sé í gangi eftirlitsverkefni á vegum Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar um upprunamerkingar innpakkaðra og óinnpakkaðra matjurta og verkefninu ljúki í maí næstkomandi.

Jón Ragnar segir að ítrekuð brot á matvælaöggjöfnni geti leitt til áminningar og sviptingu starfsleyfis. Hann segir að í Reykjavík hafi ekki verið gripið til slíkra úrræða. Málin hafi lagast en því miður hafi þau oft farið í sama farið aftur. Samkvæmt stjórnýslulögum beri Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur að gæta meðalhófs í sínum aðgerðum.

## Misnotkun á kössum Sölufélags garðyrkjubænda

Í úttektum Bjarna kemur fram að ekki er bara misbrestur á að vörur séu merktar yfir höfuð, heldur eru kassar Sölufélags garðyrkjubænda (SFG) notaðir til þess að stilla fram erlendri vöru. „Það hefur alltaf slegið mig að sjá þennan gríðarlega fjölda af SFG-kössum úti um allt. Að mínu viti er þar um skýrt brot að ræða um upprunamerkingar en að auki fylgir slíki notkun ákveðin hættu á krosssmíti. Það er raunveruleg hættu á að smit berist frá einni vöru til annarrar. Ég veit að SFG þvær sína kassa og gerir það einnig fyrir Lambhaga en við vitum ekkert um hvernig meðhöndlun er háttað á öðrum kössum sem eru á sveimi í kerfinu og fara aldrei í kassabvottavél. Hugsanlega finnst einhverjum ég mála skráttann á vegginn en hættan er fyrir hendi að krosssmít geti komið upp þegar skörun verður á afurðum í búðarhillum, en enn og aftur þá er þarna um neytendamál að ræða. Hver ætlar að bera ábyrgð á því ef slíkt gerist? Er það SFG, smásöluaðilinn eða hvað? /smh

## Íslenskt grænmeti verið sérmerkt frá 2002

„Ég ákvað strax að fylgja þessu eftir þar sem íslenskir framleiðendur hafa merkt vöru sína skilmerkilega frá árinu 2002 með vörumerki garðyrkjunnar – fánaröndinni. Neytendur eiga þá kröfu að geta tekið upplýsta ákvörðun um val á vöru, meðal annars eftir uppruna hennar þannig að um er að ræða neytendamál,“ segir Bjarni. „Ég ákvað því að heimsækja verslanir til þess að taka út hvernig staðið væri að þessum málum og hafði samband við forráðamenn allra smásöluverslana og óskaði eftir samstarfi við þá um að fá að gera úttekt, en síðan sendi ég hverjum þeirra sína skýrslu. Þannig fá til dæmis forráðamenn Krónunnar skýrslu sem einungis sýnir stöðuna í verslunum þeirra og Bónusmenn aðra, aðeins um sínar verslanir. Mér var tekið afar vel og hef getað gert mínar skoðanir í góðri sátt.

Ég fer í búðirnar og byrja á að hafa samband við verslunarstjórana og bið leyfis að mynda grænmetisdeildina en síðan sest ég niður og set saman texta við myndir. Markmið mitt var í upphafi að benda á það sem betur

## Matvælastofnun hefur samræmingarhlutverk

Að sögn Jóns Gíslasonar, forstjóra Matvælastofnunar, er hlutverk stofnunarinnar ekki að stjórna eftirlitinu né beri hún á nokkurn hátt ábyrgð á því. Hennar hlutverk sé að fylgja því eftir að staðið sé að eftirliti með sambærilegum hætti um allt land – en heilbrigðiseftirlitssvæðin eru tíu og er hvert þeirra sjálfstætt eftirlitsstjórnvald undir stjórn heilbrigðisnefndar.

Stofnunin stuðli að þessu með því að funda með eftirlitsaðilum, veita þeim ráðgjöf, vinna að samræmi í skoðunum og þar með notkun samræmdrar skoðunarhandbókar, samræmdri áhættuflokkun fyrirtækja og frammistöðuflokkun, með sama hætti og gildir um fyrirtæki sem Matvælastofnun hefur eftirlit með.

Skipulagning samræmdra eftirlitsverkefna með heilbrigðiseftirlitinu er, að sögn Jóns, liður í að stuðla að meira samræmi og betri eftirlitsframkvæmd. „Meginlinur í verkaskiptingu milli aðila í almennu matvælaeftirliti eru að Matvælastofnun fer með eftirlit í frumframleiðslu og með framleiðslu dýraafurða og einnig innflutningi þeirra afurða, en annað eftirlit er hjá

heilbrigðiseftirlitssvæðunum og þar með allt markaðseftirlit. Hvað varðar matjurtir tekur heilbrigðiseftirlitið við eftirliti þegar kemur að þökkun og dreifingu og þar með merkingu afurða til smásölu eða annarrar dreifingu og þar með framsetningu og merkingu gagnvart neytendum í verslunum.“

Jón segir að í gangi sé sameiginlegt eftirlitsverkefni sem hófst um miðjan september 2013 og lýkur í maí 2014. „Að venju þegar eftirlitsverkefni fara af stað með þátttöku heilbrigðiseftirlitsins og Matvælastofnunar þá er það stofnunin sem útbýr leiðbeiningar og eyðublöð eða gátlista til notkunar við eftirlit,“ útskýrir Jón. „Þetta er gert í samvinnu við heilbrigðiseftirlitssvæðin, sem er síðan ábyrgt fyrir framkvæmd verkefnanna í samræmi við gildandi lög. Þegar verkefninu lýkur safnar Matvælastofnun gögnum hjá eftirlitssvæðunum og vinnur síðan að úrvinnslu og birtingu niðurstaðna. Verkefnið sem hér á við snýst um að skoða upprunamerkingar þeirra fersku matjurta sem taldar eru upp í 7. viðauka reglugerðar nr. 503/2005 um merkingu matvæla og það krefst umfangsmikilla skoðana um allt land, sem nú eiga að vera í gangi.“



## Vélavagnar 2,6-3.5 tonna



## Sturtukerrur 2-3.5 tonna



### Topplausnir - [www.topplausnir.is](http://www.topplausnir.is)

Smiðjuvegi 40 - Kópavogi - Sími 517-7718



Sæti og varahlutir í

- Vinnuvélar  
- Lyftara  
- Vörubíla



S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - [www.eyjalind.is](http://www.eyjalind.is)

## Nýkomin felliborð



Fáanleg í mörgum stærðum og viðartegundum

**NÝFORM**

HÚSGAGNAVERSLUN

Reykjavíkurvegi 66 - 220 Hafnarfjörður  
Sími: 565 4100 - [www.nyform.is](http://www.nyform.is)

## Þróunarverkefni í sauðfjárrækt

Umsóknarfrestur til 1. apríl

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki til þróunarverkefna í sauðfjárrækt.

Styrkir eru veittir til að „styðja kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í greininni“.

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á [bondi.is](http://bondi.is).

Aðeins er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna

Umsóknarfrestur er til 1. apríl næstkomandi.



Bændasamtök Íslands,  
Bændahöllinni við Hagatorg,  
107 Reykjavík

REYKJAVÍK S: 414-0000 / AKUREYRI S: 464-8600 / [www.VBL.is](http://www.VBL.is)

**Zetor**



### TIL SÖLU Zetor Proxima 100

96 hestöfl. ALÖ ámoksturstæki með þriðja sviði og „softdrive“

Verð án skóflu kr. 6.990.000 án vsk.

Verð með skóflu kr. 7.150.000 án vsk.

Skráning kr. 20.000

Verð miðast við gengi DKK 20,8



#### Helsti búnaður Proxima 100

- 4 cl mótur í umhverfisflokki Tier III með ERG turbinu og intercooler
- Án Ad blue eldsneytisblöndunar og flókins rafeindabúnaðar
- Móturhitari
- Girkassi mekanískur 12x12 með vengir í mælaborði
- Tvöföld þurrkúpling
- Ökuhraði 40 km/klst
- Öflugt framdrif með miðlægu læstu drifi og nafnbremsum
- Afútak 540 og 540e sn/min.
- Vökvadæla 50 lítra 200 bar
- Vökvastýri með sjálfstæðri vökvadælu
- Opnir beislisendar Cat II
- Dráttarkrókur og dráttarbeisli
- Lyftigeta beislis er 4150 kg
- 3 x 2 vökváurtök að aftan
- Vagnbremsuventill (Zetor 90 og 100)
- Vandað ökumannshús með þægilegu vinnuumhverfi
- Þústurör á húshorni
- Stíllanlegt ökumannssæti
- Rúðupurrkur að framan og aftan með hreinsivökva
- Vinnuljós á þaki húss að framan og aftan, aukaljós í grill auk ökuljósá
- Dekk 380/70R 24 og 480/70R 34. Breiðustu sem völ er á
- Útvarp með geislaspilara
- Farþegasæti
- Þyngd vélar án ámoksturstækja, 3630 kg
- 4 ára verksmiðjuábyrgð



[www.VBL.is](http://www.VBL.is)

NB Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK  
Krókháls 5F  
110 Reykjavík  
Sími: 414-0000

AKUREYRI  
Baldursnes 2  
603 Akureyri  
Sími: 464-8600

## Sauðamjólk!

Landssamtök sauðfjárbænda hafa sett af stað verkefnið „Sauðamjólk!“ í samvinnu við RML og Matis.

Tilgangur þess er að hvetja til aukinnar sauðamjólkurframleiðslu og stuðla að auknu framboði afurða úr henni..

Með þessari auglýsingu er leitað eftir áhugasömum bændum til samstarfs. Gert er ráð fyrir að þeir sem valdir verða til þátttöku fái aðgang að ráðgjöf frá samstarfsaðilum LS um framleiðsluhætti og/eða vöruþróun.

Ef þú ert sauðfjárbóndi sem hefur áhuga á að taka þátt í þessu þá ertu beðinn að senda umsókn þess efnis til Landssamtaka sauðfjárbænda, Bændahöllinni við Hagatorg, 107 Reykjavík, ekki síðar en 17. apríl næstkomandi. Í umsókn þarf að koma fram hvað þú áætlast að geta mjólkað margar ær, hvenær þú áætlast að mjaltir geti hafist og hvort þú hefur áhuga á að leggja mjólkina inn eða vinna úr henni sjálf/ur. Einnig þarf að koma fram hvort að þú hefur nú þegar aðstöðu til mjalta eða hvort að fjárfestinga er þörf til að koma henni upp.



Landssamtök  
sauðfjárbænda



## Utan úr heimi

Alvarleg staða atvinnuleysis innan ESB sem jókst milli ára í janúar samkvæmt tölum Eurostat:

# Yfir 26 milljónir atvinnulausar í ESB, fleiri en allir íbúar Norðurlandanna

– Þar af um 5,5 milljónir undir 25 ára aldri og ásókn í neyðaraðstoð hefur aukist um 75% á þrem árum samkvæmt frétt Bloomberg

Samkvæmt tölum Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins, voru meira en 26 milljónir manna atvinnulausir í ríkjum ESB í janúar (26.231.000). Það eru mun fleiri en allur íbúafjöldi Norðurlandanna til samans. Yfir 19 milljónir af þessum fjölda eru íbúar í 18 evruríkjum. Hafði staðan þá heldur versnað milli ára auk þess sem 0,2% samdráttur varð í iðnaðarframleiðslu. Þykir þetta ekki góðs viti, þar sem atvinnuleysi í 27 ESB ríkjum jókst um 0,8% frá 2011 til 2012 og var orðið að meðaltali 10,7% í árslok 2012 sem var met. Þá var það 11,8% í evrulöndunum sem var það mesta síðan 1995.


Á fjórða ársfjórðungi 2013 var atvinnuleysið nær óbreytt milli ára. Atvinnutækifærum hafði þó fjölgað um 0,1% frá fjórða ársfjórðungi 2012, samkvæmt tölum um þá sem hafa atvinnu og birtar voru 14. mars. Þá á eftir að taka tillit til fólksfjölgunar.

### Atvinnuleysið er mest í Grikklandi og á Spáni

Atvinnuleysið í 13 ESB ríkjum á tólf mánaða tímabili og er langmest 28% í Grikklandi og 25,8% á Spáni. Tölur Eurostat sýna jafnframt að 5,5 milljónir fullorðinna undir 25 ára aldri ganga nú um atvinnulausir í ESB löndunum eða hátt í jafn margir og allir íbúar í Noregi. Flest atvinnulausu ungmennin eru í Grikklandi, en staðan næst verst á Spáni og síðan í Króatíu.

### Vaxandi fjöldi sækir í neyðaraðstoð Rauða krossins

Nadja Lundholm Olsen, sérfræðingur í félags- og vinnumarkaðsmálum Evrópu, segir verulega hættu á að æ fleiri Evrópubúar lendi í langtímaatvinnuleysi og muni þurfa á neyðarhjálpi að halda. Á vefsíðu Evrópuskrifstofu Rauða krossins er töluverð umfjöllun um neyðaraðstoð í Evrópulöndum. Þar er m.a. greint frá því að milljónir geti ekki lengur brauðfætt sig og sækir í vaxandi mæli eftir neyðaraðstoð



Atvinnuleysi í prósentum eftir löndum samkvæmt tölum Eurostat. Að meðaltali í 28 ríkjum ESB er atvinnuleysið 10,8% og 12% í 18 evruríkjum.



Biðraðir eru algengar við atvinnuleysissskrifstofur, en ástandið er verst í Grikklandi, á Spáni og í Króatíu.

Rauða krossins. Fréttastofa Bloomberg greindi einnig frá því að í 22 Evrópulöndum hafi ásókn fólks í mataraðstoð aukist um 75% á þrem árum. Um 3,5 milljónir manna búi þar við mikla neyð.


### Staðan í Króatíu lagaðist ekki við inngöngu í ESB

Athyglisvert er að þrátt fyrir að Króatía hafi orðið eitt af aðildarríkjum ESB á árinu 2013, þá hefur staðan allt annað en batnað þar

í landi. Þannig hefur atvinnuleysi ungmenna frá 15 til 24 ára í Króatíu aukist úr 25,1% í 49,2% eins og staðan er nú. Hefur þessi staða m.a. leitt til upphöta í landinu. Var Króatíu veitar 128 milljónir evra úr sjóðum ESB í síðasta mánuði til að setja upp áætlun til að vinna á þessu mikla atvinnuleysi ungmenna.

### Tilraun yfirstéttar Evrópu til að lægja öldurnar

Domagoj Mihaljevic, sem er



stúdent við Háskólann í Zagreb, sagði í samtali við fréttastofuna Al Jazeera að evrópska yfirstéttin væri með þessu að reyna að koma á fót félagslegri aðstoð við ungmenni til að lægja öldur mótmæla gegn pólitíkum sem ætti sér stað út um alla Evrópu. Sagði hann að meiri peningar lægðu vissulega öldurnar í augnablikinu, „...en þegar sjóðirnir tæmast mun þolinmæði unga fólksins líka taka enda.“

### Ástandið best í Austurríki og Þýskalandi

Innan ESB ríkjanna er atvinnustaðan best í Austurríki, þar sem atvinnuleysið mælist „aðeins“ 4,9% í janúar. Þýskaland fylgir þar fast á eftir með 5% atvinnuleysi og Lúxemborg með 6,1%. Á sama tíma mældist meðaltalsatvinnuleysið í evrulöndunum 12%.

### Áhyggjur af lítilli verslun

Evrópusambandið hefur einnig áhyggjur af litlum vexti í smásölu í ESB ríkjunum í kjölfar fréttu af samdrætti í tveim ESB ríkjum í janúar, þrátt fyrir 1,6% aukna veltu að meðaltali í öðrum ríkjum sambandsins.

Samkvæmt tölum Eurostat hefur

orðið samdráttur í smásöluverslun í fimm mánuði í röð á Möltu. Er þetta staðreynd þrátt fyrir fullyrðingar yfirvalda um að staðan væri að batna.

Mario de Marco, þingmaður á Möltu, segir að eðlilegt væri að menn hefðu áhyggjur af málinu þó samdrátturinn á Möltu væri ekki mjög mikill. Malta væri jú partur af ESB heildinni og staðan í smásöluversluninni þar í landi dálítið á skjön við flest ríki sambandsins. Þá væri þetta ekki gott þegar þessar vísbendingar væru skoðaðar í samhengi við vaxandi atvinnuleysis og samdrátt í útflutningi og innflutningi á Möltu.

### Aðeins 0,3% hagvöxtur á fjórða ársfjórðungi 2013

Leiðtogar Evrópusambandsins hafa reynt að tala kjark í íbúana á liðnum misserum með væntingartali um batnandi hag. Eigi að síður hefur efnahagsbatinn verið mjög hægur. Samkvæmt nýjustu tölum Eurostat nú í mars var staðfestur hagvöxtur á evrusvæðinu á fjórða ársfjórðungi 2013 aðeins 0,3%. Þó að hagvöxturinn sé lítill gera menn sér þó vonir um að efnahagskerfi ESB-landanna kunni að vera að byrja að taka við sér. /HKR.

## Unnt er að draga úr losun koltvísýrings í búfjárrækt um þriðjung

Unnt er að draga úr losun koltvísýrings í búfjárrækt um þriðjung, að sögn FAO, Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Sérfræðingar FAO hafa búið til reiknilíkön, sem byggjast á nákvæmum mælingum á losun koltvísýrings í fjölda framleiðsluferla í búfjárrækt, eða m.ö.o. við flutning, kælingu og pökkun afurðanna.

Samkvæmt skýrslu FAO er tiltölulega auðvelt að mæla helstu losunarþættina. Um 45% verða við framleiðslu og meðferð fódursins. Metangas, sem kýrnar skila frá sér, nemur 39% af niðurbroti búfjárábúrðarins. Aðra losun má rekja til úrvinnslu og flutnings afurðanna. Sérfræðingar FAO telja að meðferð fódursins og heilbrigði gripanna geti dregið verulega úr þessari losun. .

Í búfjárrækt er sterk tenging milli milli notkunar á fódri og öðrum rekstrarvörum, framleiðni

búsins og magni úrgangs frá rekstrinum. Tryggasta leiðin til að draga úr losuninni er að kynna sér vinnubrögðin hjá bændum, sem náð hafa bestum árangri í greininni, segir FAO.

Skynsamlegast er að gera nauðsynlegar breytingar á vinnuferlinum sem fyrst þar sem eftirspurn eftir kjóti heldur áfram að aukast, einkum í fátækum löndum. Á Vesturlöndum er hagnaðarprósenta lág en rekstrarafköstin mikil. Þar geta tiltölulega litlar breytingar á rekstrinum dregið verulega úr losun koltvísýringsins. Þetta á t.d. við um mjólkurframleiðslu í Evrópu og Norður-Ameríku og svínarækt í Asíu.

Um 65% af losun gróðurhúsalofttegunda í búfjárrækt koma frá nautgriparækt. Jafnframt er þar mests árangurs að vænta í baráttunni gegn þessari losun, að sögn FAO.

Þýtt og endursagt /ME

## Interpol gerði upptæk 1.200 tonn af sviknum matvælum

Meira en 1.200 tonn af rangmerktum eða gölluðum matvælum og hátt í 430 þúsund lítrar af rangmerktum drykkjarvörum voru nýlega gerð upptæk í samræmdum aðgerðum Interpol og Europol í 33 löndum í Ameríku, Asíu og Evrópu. Aðgerðin fór fram desember og janúar sl. undir heitinu: „Aðgerð III gegn skipulögðum glæpum í matvæla- og drykkjaríðnaði.“

Alls voru 96 manns handteknir í þessum aðgerðum en að þeim stóðu lögreglan, tollaeftirlitið, opinberar matvælastofnanir og og samtök og aðilar innan einkageirans í viðkomandi löndum. Samkvæmt frétt í finnska bændablaðinu Landsbygdens Folk, er þetta í fyrsta skipti sem yfirstjórn ESB og deild þess, sem fjallar um heilsu-



og neytendavernd, hefur tekið þátt í aðgerðum af þessu tagi.

Lögreglan og tollaeftirlitið lögðu m.a. hald á 131 þúsund lítra af matarolíu og vínediki, sem og kex og kökur í stórum stíl og 20 tonn af kryddi og bragðefnum. Á Ítalíu komst upp um samstarfsverkefni

um framleiðslu og dreifingu á 60 þúsund flöskum af sviknu kampavíni. Er þá margt óupptalið.

Að sögn Interpol eru þessi ólöglegu viðskipti með matvæli afar ábatasöm. Hagnaðinum er m.a. varið til annarra ólöglegra viðskipta, svo sem til að fjármagna viðskipti með lyf og fíkniefni og í þrælasölu. Að áliti opinberra aðila á Vesturlöndum er það forgangsverkefni að stöðva þessi viðskipti þar sem þau ógna lífi, heilsu og öryggi mikils fjölda fólks. Lögbrot, sem fara fram í sambandi við matvæla viðskipti, eru að verða alvarlegt alþjóðlegt vandamál.

Í því átaki, sem hér er fjallað um, koma 33 lönd að málum, þar á meðal Finnland, Svíþjóð og Danmörk.

Þýtt og endursagt ME



# Sáðvörur 2014

| Grasfræ                | Yrki             | kg/ha   | kg/sekk | Verð pr/kg án vsk. |
|------------------------|------------------|---------|---------|--------------------|
| Vallarfoxgras          | Vega             | 25-30   | 25      | 790                |
| Vallarfoxgras          | Grindstad        | 25-30   | 25      | 989                |
| Vallarfoxgras          | Tuukka           | 25-30   | 25      | 757                |
| Vallarsveifgras        | Sobra            | 18-20   | 25      | 703                |
| Túnvingull             | Gondolin         | 20-25   | 18      | 580                |
| Stólpablanda I         | Fyrir kyr        | 25-30   | 25      | 803                |
| Stólpablanda II        | Fyrir fé og beit | 25-30   | 25      | 808                |
| Stólpablanda III       | Hávingulsblanda  | 25-30   | 25      | 886                |
| <b>Grænfóðurfræ</b>    |                  |         |         |                    |
| Fjölært rýgresi        | Calibra          | 35      | 25      | 680                |
| Sumarrýgresi           | Barspectra       | 35      | 25      | 408                |
| Sumarrýgresi           | Jivet            | 35      | 25      | 440                |
| Vetrarrýgresi          | Barmultra        | 35      | 25      | 465                |
| Vetrarrýgresi          | Jeanne           | 35      | 25      | 450                |
| Sumarrepja             | Pluto            | 15      | 25      | 880                |
| Vetrarrepja            | Barcoli          | 10-12   | 25      | 490                |
| <b>Belgjurtir</b>      |                  |         |         |                    |
| Ertur                  | Ingrid           | 200-225 | 50      | 195                |
| Hvítmári               | Rivandel         | 5 - 6   | 10      | 1.302              |
| Rauðsmári              | Suez             | 5 - 6   | 10      | 1.756              |
| <b>Hafrar</b>          |                  |         |         |                    |
| Grænfóðurhafrar        | Domenic          | 180-200 | 40      | 149                |
| Hafrar til þroska      | Cilla            | 180-200 | 30      | 165                |
| <b>Bygg til þroska</b> |                  |         |         |                    |
| Bygg 6 raða            | Voitto           | 180-200 | 30/700  | 138                |
| Bygg 6 raða            | Aukusti          | 180-200 | 30/700  | 138                |
| Bygg 2 raða            | Filippa          | 180-200 | 700     | 135                |

## Innihald í blöndum

### Stólpablanda I

60% Vallarfoxgras Tuukka  
25% Vallarfoxgras Tenho  
10% Vallarsveifgras Baron  
5% Fjölært rýgresi Barpasto

### Stólpablanda II

50% Vallarfoxgras Tuukka  
20% Vallarfoxgras Tenho  
30% Vallarsveifgras Baron

### Stólpablanda III

45% Vallarfoxgras Vega  
10% Vallarfoxgras Winnetou  
35% Hávingull Senu  
10% Vallarsveifgras Sobra

## Ertandi fróðleikur



Landstólpi hefur í nokkur ár flutt inn ertufræ og það hefur gefið góða raun að sá hálfu sáðmagni af ertum (80 - 100 kg) með fullum skammti af grasfræi. Með því fæst gríðarmikil uppskera og sérlega steinefnaríkt fóður.

**Frí heimkeyrsla ef pantað er fyrir 15. apríl n.k. 500 kg. eða meira**

## Útsölustaðir:

**Landstólpi - Egilsstöðum**  
Sími: 471 1901

**Vélaval - Varmahlíð**  
Sími: 453 8888



Gunnbjarnarholti  
801 Selfoss  
480 5600  
landstolpi.is



## Ársfundur 2014

Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda 2014 verður haldinn föstudaginn 21. mars 2014 í Kötlu, á 2. hæð í Bændahöllinni við Hagatorg í Reykjavík, og hefst kl. 16.00.

Dagskrá ársfundarins verður eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings 2013.
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt.
4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.
5. Breytingar samþykka sjóðsins.
6. Önnur mál.

Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðendur sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu.

Sjóðfélagar eru hvattir til að nýta sér rétt sinn.

### Lífeyrissjóður bænda

Bændahöllinni við Hagatorg - 107 Reykjavík  
Sími 563 0300 - lsb@lsb.is - www.lsb.is



# McHale

## Lauskjarna rúlluvélar



Verð frá  
**4.979.000,-**  
án vsk

## Pökkunarvélar



Verð frá  
**2.297.000,-**  
án vsk

## Rúllugreipar



Verð frá  
**219.000,-**  
án vsk

McHale bíður uppá **fastkjarna** rúlluvélar með einstökum afköstum



Verð kr  
**6.970.000,-**  
án vsk

## Rúlluhrúfur sem fjarlægir plastið



Verð frá  
**590.000,-**  
án vsk



Austurvegur 69 - 800 Selfoss   Lónsbakki - 601 Akureyri   [www.jotunn.is](http://www.jotunn.is)  
Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610   Sími 480 0400   [jotunn@jotunn.is](mailto:jotunn@jotunn.is)

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// [www.VBL.is](http://www.VBL.is)

## HAUGSUGUDÆLUR Jurop

Eigum til afgreiðslu Jurop haugsugudælu

### Er hausugudælan í lagi?

Eigum til og getum útvegað varahluti í flestar gerðir haugsugudæla



[www.VBL.is](http://www.VBL.is)

**LANDBÚNAÐUR** ehf.  
VBL Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK  
Krókháls 5F  
110 Reykjavík  
Sími: 414-0000

AKUREYRI  
Baldursnes 2  
603 Akureyri  
Sími: 464-8600

## Fjárhúsmottur Tilboð

**Verð kr. 9.900 stk.**

með virðisaukaskatti



**H. Hauksson ehf**

Víkurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130  
[hhaukssonehf@simnet.is](mailto:hhaukssonehf@simnet.is)





# Matjurtagarðurinn og 7 matlaukar

Heppilegasta svæðið fyrir matjurtagarð er í góðu skjóli og órlitlum halla til suðvesturs. Þessar aðstæður eru sjaldnast til staðar í venjulegum heimilisgarði og því best að velja matjurtareitnum stað í góðu skjóli þar sem hann nýtur sólar.

Fyrsta verkið þegar búa á til matjurtagarð er að stinga upp garðstæðið og hreinsa burt allt grjót og annað sem gæti heft vöxt plantnanna sem þar eiga að vaxa. Hægt er að stinga garðinn upp með gaffli eða nota jarðtæta í verkið, sem er mun auðveldara, sérstaklega ef verið er að brjóta nýtt land. Ef notaður er jarðtætari verður að gæta þess að ofvinna jarðveginn ekki því þá getur hann orðið of þéttur og loftlaus.

*Hæfileg blanda af mold, sandi og skít*

Jarðvegur í matjurtareitnum þarf að vera hæfilega blanda af mold og sandi og yfirleitt þarf að blanda hann með lífrænum áburði og kalki til að bæta hann. Ekki skal þó setja kalk í kartöflugarða því það eykur hættuna á kartöflukláða.

Hæfilegt magn af lífrænum áburði á tíu fermetra eru tvær til þrjár hjólbörur af hrossaskít eða tveir lítrar af þurruðum hæsnaskít sem vinna þarf vel ofan í gróðurmoldina. Ef notaður er tilbúinn áburður er hæfilegt magn tvær matskeiðar af Blákorni á fermetra.



Guðdómleg gulrófa.

*Forræktun og útplöntun*

Nauðsynlegt er að forrækta flestar matjurtir inni í 6 til 8 vikur áður en þeim er plantað út í garð. Kjörhiti við spírun er 18 til 20 °C en 10 til 17 °C við áframræktun. Plöntum er síðan dreifplantað þegar komnir eru á þær tveir blaðkransar auk kímbláða. Þeir sem ekki hafa áhuga eða aðstöðu til að forrækta sínar plöntur sjálfir geta keypt þær tilbúnar til gróðursetningar í gróðrarstöðvum.

Áður en plantað er í garðinn er gott að stinga fyrir beðum sem eru höfð 20 til 30 sentimetrar há, vegna þess að þá hitna þau fyrr, og um metri á breidd. Til að auðvelda vinnu í garðinum er hæfilegt bil á milli beða tvö fet eða 60 sentimetrar. Þeir sem vilja vanda enn meira til verksins og vera snyrtilegir geta smíðað ramma utan um beðið til að halda jarðveginum á sínum stað. Þar sem rými er takmarkað mælir ekkert með því að rækta matjurtir í kerri og innan um sumarblóm.

Algengt er að planta matjurtum út um mánaðamótin maí og júní.



Matlaukur er gömul ræktunartur með óvissan uppruna.

Útplöntunartími er háður því að jarðvegurinn sé orðinn samleiga hlýr, að minnsta kosti kominn yfir 6 °C, og hætta á næturfrostri liðin hjá. Heppilegast er að gróðursetja í skjúðu veðri og jafnvel svolitilli rigningu. Gott er að breiða akrýldúk yfir plönturnar fyrstu vikurnar til að hjálpa þeim af stað. Dúkurinn heldur hita á plöntunum og hann er líka ágæt vörn gegn kálflugu.

*Áburður og næring*

Ef borinn er tilbúinn áburður á matjurtagarðinn er æskilegt að skipta áburðargjöfinni í tvennt með um það bil mánaðar millibili. Sé miðað við 10 fermetra garð skal gefa um 1 kíló af alhliða áburði um 15. maí og 0,5 kíló um það bil mánuði síðar. Best er að bera á tilbúinn áburð í þurru og ekki er ráðlagt að gefa of mikið af honum því hann getur brennt plönturnar og þannig gert meira ógagn en gagn.

Við blómkálsrækt getur reynst þörf á að bera á hálf til tvö grömm af natríum-mólybdati á hverja 10 fermetra og 10 til 15 grömm af bór. Bór í sama magni er einnig æskilegur þar sem rækta á gulrófur, hreðkur og gulrætur. Yfirleitt er nóg af þessum efnum í húsdýraáburði þannig að ekki þarf að gefa þau aukalega sé hann notaður reglulega.

*Umhirða*

Allt illgresi sem læðir sér inn í matjurtagarðinn ætti að fjarlægja jafnóðum. Með því móti er komið í veg fyrir að það nái að skjóta rótum. Illgresið keppir við matjurtirnar um næringu og birtu í garðinum, auk þess sem sniglar þrífast vel í skugganum af því. Sé þurrt í veðri verður að vökva matjurtirnar reglulega, sérstaklega hraðvaxta og stórbláða jurtir.

*Skiptiræktun*

Ólíkar tegundir matjurtar nýta næringarefnin í jarðveginum misvel og þess vegna er gott að breyta um ræktunartegundir á hverju ári. Með því að skipta reglulega um tegundir dregur úr líkum á jarðvegsþreytu og að sjúkdómar nái að festa sig í sessi. Einföld skiptiræktun felst í að rækta rótarávesti eitt árið en plöntur þar sem ofanjarðarhlutinn er nýttur það næsta og svo koll af kolli.



Velhirtur heimilisgarður.

## Matlaukar

Til laukættkvíslarinnar (*Allium*) teljast um 500 tegundir og nokkrar þeirra eru meðal mikilvægustu matjurtar sem ræktaðar eru. Fornleifarannsóknir sýna að Egyptar og Kínverjar ræktuðu lauk mörg þúsund árum fyrir upphaf kristins tímats.

Laukar þykja ómissandi við matargerð enn þann dag í dag, auk þess sem þeir tengjast þjóðtrú á margvíslegan hátt. Samkvæmt þjóðtrúnni fæli hvítlaukur burt vampírur og laukur í fódri hænsna eykur varp þeirra.

### Blaðlaukur/púrrulaukur (*Allium ampeloprasum* var. *porrum*)

Á uppruna sinn að rekja til landanna við Miðjarðarhaf. Gömul matjurt sem er í miklum metum hjá sælkerum. Er lengi að vaxa en þrífst best á sólríkum stað í vel framræstum, lífrænum og lausum jarðvegi. Hægt að forrækta inni eða sá beint í beð. Æskilegt bil á milli plantna er 10 sentimetrar og 30 til 40 sentimetrar á milli raða. Einnig er gott að gróðursetja plönturnar um 10 sentímetra niður í jarðveginn til að bleikja leggina.

Neró keisari hafði miklar mætur á blaðlauk, taldi að hann hefði góð áhrif á söngróddina og borðaði mikið af honum þess vegna. Á 6. öld eftir Krist gerðu íbúar Wales blaðlauk að tákni sínu. Þeir báru blaðlauk á hjálmum sínum til að aðgreina og trúðu því að hann styrkti þá og yki líkur á sigri í stríði.

### Graslaukur (*Allium schoenoprasum*)

Fjölær og algengur í görðum. Myndar litlar fallegar þúfur með safaríkum blöðum. Fjölgað með sáningu eða skiptingu og er auðveldur í ræktun.

Venjulega eru margar plöntur hafðar saman í nokkuð þéttum brúskum eða hnausum í garðinum og bili á milli hnausa haft um 30 til 40 sentimetrar. Vex í margs konar jarðvegi en gott að vökva hann með áburðarvatni annað slagið yfir vaxtartímann. Ræktaður vegna blaðanna en blómin eru líka æt og með laukbragði. Vex í Evrópu, Asíu og Norður-Ameríku og eina lauktegundin sem finnst villt í gamla og nýja heiminum.

### Hjálmlaukur (*Allium cepa* var. *viviparum*)

Fjölær og fjölgar sér með smálaukum sem myndast í toppi blómstilkanna í staðinn fyrir blóm og fræ. Smálaukarnir eru settir niður með um 10 til 15 sentímetra millibili og 30 sentímetra bil haft á milli raða. Þarf að grisja og umplanta á nokkurra ára fresti. Góður þæklaður.

Danir kalla hjálmlauk pensionista-lauk vegna þess að gamla fólkið þarf ekki að beygja sig til að ná í hann. Hjálmlaukur er mildur á bragðið og gild, sívöl en hol blöðin eru hressandi saman við grænmetissalöt.

### Hvítlaukur (*Allium sativum*)

Uppruni frá Mið-Asíu, Kasakstan, Kirgistan og þar í kring. Hvítlaukur er ræktaður með því að skipta lauknum í geira og setja þá niður að hausti þannig að mjói endinn vísi upp, á 5 til 8 sentímetrar dýpi með um 18 sentímetra millibili. Dafnar best á sólríkum og vel framræstum stað en er um leið þurftaþrekur á vatni.

Mörg og margvísleg yrki af hvítlauk eru til, bæði hvít eða rauðleit. Hvítlaukur þarf kuldatíma til að ná að skipta sér. Ef hann er settur niður á vorin vex geirinn en nær ekki að skipta sér. Helstu skaðvaldar við ræktun á hvítlauk eru mygla og rotnun.

Heimildir eru um notkun hvítlauks í Kína 5.000 árum fyrir Krist og hann hefur fundist í gröfum egypskra faraóa. Geirlaukur er gamla norræna nafnið á hvítlauk. Hann var eina lauktegundin sem Norðurlandabúar þekktu áður en aðrar lauktegundir fóru að berast að eftir að bannfæring vofði yfir þeim vegna lyktarinnar. Geirlaukurinn var tengdur Freysdýrkun og um leið frjósemisdýrkun og illa séður af kirkjufirrvöldum á Norðurlöndum eftir að kristinn siður komst á. Hvítlauksát og hrossakjötsneysla, sem einnig var heiðinn háttur, var því með öllu siðlaust og bannað. Grasakanur og galdrahyski hélt þó hvítlauknum við svo að enn mun vera hægt að fá víkingahvítlauk sem lifði af í nokkrum héruðum í Svíþjóð.

### Matlaukur (*Allium cepa*)

Gömul ræktunartur með óvissan uppruna. Til hvítur, gulur og rauður. Sáð um miðjan mars og forræktaður inni eða litlir útsæðislaukur settir beint í beð með 10 til 15 sentímetra millibili um miðjan maí. Dafnar best á sólríkum stað í moldarríkum jarðvegi og þarf reglulega vökvun.

Sniglar eru sólgirnir í laukana og geta valdið skaða við ræktun þeirra. 25 sentímetrar er hæfilegt bil milli raða. Laukur í draumi stendur fyrir öfund og afbrýðisemi yfir velgengni þess sem laukinn dreymir.

### Skalotlaukur (*Allium cepa* var. *aggregatum*)

Afbrigði af matlauk en laukarnir skipta sér þannig að margir hliðarlaukar vaxa út frá útsæðislauknum. Skalotlaukur þykir hafa fyllra bragð en venjulegur matlaukur og er þess vegna vinsæll í pottréttuþpskriftum og í franskri matarhefð. Ræktaður á alveg sama hátt og matlaukur.

### Vorlaukur/pípulaukur (*Allium fistulosum*)

Er upprunalega kominn frá Mið- eða Austur-Asíu og hefur verið ræktaður frá upphafi ræktunarsögunnar á þeim slóðum. Afar hraðvaxta og auðveld tegund í ræktun. Sáð inni í mars eða apríl, nokkrum fræjum í hvern pott síðan er knippinu í pottinum plantað út þegar veður leyfir. Sá má í beð utanhúss á svipaðan hátt í lok júní, það gefur uppskeru í september. Æskilegt bil á milli hnausa 20 til 25 sentímetrar. Dafnar best á sólríkum stað í kalkríkum jarðvegi.

Kínverjar segja vorlauk mjög hollan, sóthreinsandi og magahreinsandi, styrkjandi fyrir augun, koma í veg fyrir ígerð og lækna kvef.





Hópurinn fyrir utan SAH Afurðir á Blönduósi.

## Búfjárræktarferð Hvanneyringa 2014

Helgina 21.–23. febrúar lögðu nemendur Landbúnaðarháskóla Íslands land undir fót og fóru í sína árlegu búfjárræktarferð. Að þessu sinni var ferðinni haldið norður í land og ýmis fyrirtæki og nokkur býli heimsótt.

Fyrirtæki sem heimsótt í ferðinni voru; SAH Afurðir á Blönduósi, Bruggverksmiðja Kalda í Eyjafirði, Bústólpi á Akureyri, Jötunn Vélar á Akureyri, Mjólkursamlag KS á Sauðárkróki og útibú KS í Varmahlíð. Komið var við á mörgum bændabýlum víðs vegar um Norðurland; Stóru-Ásgeirsá í V-Hún., Stóradal og Sölvabakka í A-Hún., Syðra-Skórðugili í Skagafirði og Stærri Árskógi, Garði, Hríshóli, Torfum og Holtsemi í Eyjafirði.

Þrátt fyrir að veðurguðirnir hafi aðeins strítt okkur á för okkar fór allt vel að lokum og allir komu sáttir og sælir heim á sunnudeginum. Verðandi búfræðingar vilja þakka gestgjöfum sínum kærlega fyrir skemmtilegar og höfðinglegar móttökur. Að lokum viljum við svo þakka eftirtöldum aðilum kærlega fyrir veittan stuðning og að gera þessa skemmtilegu ferð okkar að veruleika.



ÍSLENSKUR TEXTÍLÍÐNAÐUR H.F.



## Tími til kominn ! Fljúgið á Nordiskt Forum með Icelandair !

**Stærsta jafnréttisráðstefna Norðurlanda í 20 ár**

Frá 12. til 15. júní 2014 verður kvenna- og jafnréttisráðstefnan Nordiskt Forum haldin í Malmö. Gestir ráðstefnunnar ræða stöðu jafnréttismála á Norðurlöndum og í heiminum. Ekki missa af þessum spennandi og merkilega viðburði.

Bókið miða á [www.nf2014.org](http://www.nf2014.org)  
Icelandair hefur tekið frá sæti fyrir þátttakendur, tryggið ykkur miða á [www.icelandair.is/serferdir](http://www.icelandair.is/serferdir)



## Lesendabás

## Fræðastörf prófessors

– Sneiðir að trúverðugleika og getu Hagstofunnar?

Í 8. Tölublaði Vísindisráðs Íslands 27. febrúar sl. birtist á forsiðu grein eftir Þórólf Matthíasson um arðsemi landbúnaðar. Hann byrjar á að fara mikinn um hagtölusöfnun um afkomu í landbúnaði. Rekur þar fyrst störf Búnaðarfélags Íslands sem voru stórmerkileg þegar staðið var fyrir því að halda bókhald fyrir bændur víða um land sem um leið var notað til að rýna í afkomu bænda. Síðan segir prófessorinn orðrétt:

„Nú hefur vinnsla landbúnaðartölfræðinnar flust til Hagstofu Íslands. Hagstofan fékk myndarlegan styrk til frá Evrópusambandinu til þess að efla þennan þátt starfsemi sinnar. Fyrstu niðurstöður hafa verið að tínast inn. Greina má að starfsmenn Hagstofunnar hafa átt fullt í fangi með að afla talna og vinna úr þeim.“

Nú í vor ber svo við að 25 ár eru liðin frá stofnun Hagþjónustu

landbúnaðarins, sem frá og með árinu 1990 sá um öflun og úrvinnslu búreikninga hvaðanæva að af landinu. Stofnunin var sjálfstæð ríkisstofnun með sérlæg. Stjórnarformaður hennar frá upphafi til 31. mars 2002 var Þórður Friðjónsson, fyrrverandi forstjóri Þjóðhagsstofnunar. Þá tók við Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri og gegndi formennsku til 14. apríl 2008. Síðasti stjórnarformaðurinn var Ólafur Hjálmarsson, núverandi Hagstofustjóri.

Rétt er einnig að geta þess að starfsmaður Hagþjónustunnar sem vann að þessum verkefnum þar starfar nú að þeim hjá Hagstofunni. Að hverju er prófessorinn að ýja þegar hann segir að „greina hafi mátt að starfsmenn Hagstofunnar hafa átt fullt í fangi með að afla talna og vinna úr þeim“? Verkefnið er búið að vera undir yfirsýn Hagstofunnar í mörg ár.

/EB

## Lög um Hagþjónustu landbúnaðarins

– til fróðleiks fyrir fræðimenn og leikmenn

Samkvæmt 2 gr. laga nr. 63, frá 29. maí frá 1989 um Hagþjónustu landbúnaðarins skyldi stofnunin hafa eftirtalin verkefni með höndum:

1. Að stuðla að því að bændur færi bókhald fyrir bú sín, m.a. með skipulegu fræðslu og leiðbeiningastarfi um skattskil, bókhald og notkun þess til hagræðingar í búrekstri.
2. Að hafa umsjón með gerð og þróun bókhaldsforrita fyrir bókhaldsstofur bænda, svo og forrita fyrir áætlanagerð í búrekstri í samvinnu við bændasamtökin.
3. Að hafa frumkvæði að áætlanagerð við búrekstur, útgáfustarfsemi og hagrænum leiðbeiningum til bænda í samvinnu við leiðbeiningaþjónustu landbúnaðarins og aðra þá sem sinna fræðslu um landbúnað.
4. Að safna og vinna úr búreikningum frá bókhaldsstofum bænda, svo og öðrum upplýsingum og gögnum sem nauðsynleg þykja og tiltæk eru. Gagnasöfnun

og úrvinnslan skulu miðast við að nýtast sem best til opinberrar hagskýrslugerðar um framleiðslu, rekstur og efnahag einstakra búgreina.

5. Að annast hagrannsóknir í landbúnaði í samvinnu og samstarfi við stofnanir sem sinna sambærilegri starfsemi.
6. Að hafa samstarf við stjórn búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri um kennslu í landbúnaðarhagfræði.
7. Að vinna að öðrum skyldum verkefnum eftir því sem um semst og við verður komið.

Til þess að sinna ofangreindum verkefnum sýnist eðlilegt að skipa starfsemi stofnunarinnar í eftirtalin þrjú verksvið:

1. Söfnun og úrvinnsla búreikninga frá bókhaldsstofum
2. Gagnasöfnun og hagskýrslugerð um landbúnaðinn og einstakar greinar hans.
3. Hagranssóknir í landbúnaði og kennsla í búnaðarhagfræði.

Hagþjónustun fékk aldrei styrki frá ESB til þessara verkefna.

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// [www.VBL.is](http://www.VBL.is)



**Til afgreiðslu Pichon haugsuga**

Verð kr. 3.400.000 án vsk.

- 10,400 lítra.
- 9,000 lítra dæla.
- Dekk: Michelin 600/55 R26,5
- Fjaðrandi beisli.

- Drífskraft með tvöföldum hjörulíð.
- 6 metra 6" barki fylgir með.
- Smíðuð til að endast.
- Smíðuð úr þykku gæðastáli.
- Galvaniseruð að utan og innan.



REYKJAVÍK  
Krókháls 5F  
110 Reykjavík  
Sími: 414-0000

AKUREYRI  
Baldursnes 2  
603 Akureyri  
Sími: 464-8600



Póroddur Sveinsson, Landbúnaðarháskóla Íslands:

# Hver er vaxtargeta íslenskra nauta í kjötframleiðslu? — verkefnakynning

Á Íslandi er eldistími ungnauta til kjötframleiðslu með afbrigðum langur eða að jafnaði um 25 mánuðir borið saman við 16-17 mánuði í eins kerfum í Norður-Evrópu. Þetta langa eldi takmarkar mjög það framleiðslumagn (kg) sem fæst árlega úr stíum miðað við styttri eldistíma með sterkari fódur. Afleiðingarnar af löngum eldistíma eru þær að framlegð margra bænda er ófullnægjandi, þeir anna ekki eftirspurn og innflutningur nautakjöts eykst.

Það liggur fyrir að vaxtargeta nautanna er ekki fullnýtt og það er hægt að stytta eldistímann umtalsvert og þannig auka framleiðslugetuna um tugi prósent. Það þýðir hins vegar meiri kornfóðrun sem kostar meira pr. kg fódurs en heyfóðrun eingöngu en á móti fæst meiri kjötvelta (vaxtarhraði), minni viðhaldskostnaður á kg kjöts og minni vinna á grip.

## Hvað vitum við?

Á 10. áratug síðustu aldar voru gerðar tvær viðamiklar nautatilraunir þar sem megin tilgangurinn var að bera saman nautakjötsframleiðslu með alíslenskum ógeltum nautum við íslenska hálfblendinga á móti Galloway, Angus eða Limósín kyni. Í báðum tilraunum voru nautin einstaklingsfóðruð.

Í fyrri tilrauninni voru nautin fóðruð á missterku fódri (0, 15 eða 30% kjarnfóður) og var slátrað við fyrir fram ákveðinn líffunga (350, 400 eða 450 kg). Meðalaldur alíslensku nautanna við slátrun var 13-18 mánuðir, meðal fallþungi var á bilinu 173-220 kg og meðal vaxtarhraðinn var 733-867 g á dag. Meðalþurrfnisát á kg fall var 12-15 kg. Áhrif fódurstyrks og aldurs á slátur- og kjötgæði voru metin og reyndist aukinn fódurstyrkur hafa jákvæð áhrif á safa, meyrni, bragð og fallhlutfall.

Í seinni tilrauninni var nautunum slátrað þegar þau höfðu náð ákveðnum aldri 16, 20 eða 24 mánaða en fódurinn var eins (nánast eingöngu þurrhey í slöku meðallagi).

Meðal fallþungi alíslensku nautanna var 164-231 kg og meðal vaxtarhraðinn 613-631 g á dag. Meðalþurrfnisát á kg fall var 14-18 kg.

Til samanburðar má benda á að í Norður-Evrópu er nautkálful af mjólkurkúakynjum sem aldir eru í stíum slátrað 16-17 mánaða og hafa þeir þá náð um 280 kg fallþunga. Meðalþurrfnisát á kg fall er tæplega 11 kg. Þessi naut eru fóðruð á 2/3 gröffóðri og 1/3 kornfóðri.

Frá því að þessar tilraunir voru gerðar hafa orðið ýmsar breytingar á eldi nautgripa hér landi. Aðbúnaður hefur batnað og meðalfallþunginn hækkað en hins vegar hefur sláturaldur ekki lækkað. Engu að síður er ljóst að stór hluti framleiðenda er enn ekki að fullnýta vaxtargetu íslensku nautanna.

Samkvæmt síðustu athugunum er meðalsláturaldur ungnauta um 25 mánuðir og fallþunginn er að meðaltali um 242 kg. Bæði meðalaldur og meðalfallþungi nauta er meiri hjá bændum núna en var í þeim tilraunum sem gerðar hafa verið hér á landi. Þá voru nautin alin á básum í þessum tilraunum en ekki í stíum eins og tíðkast hjá bændum. Allir þessir



Á Íslandi er eldistími ungnauta til kjötframleiðslu með afbrigðum langur, að jafnaði um 25 mánuðir borið saman við 16-17 mánuði í eins kerfum í Norður-Evrópu.

## Meginmarkmið

Meginmarkmiðið er að ákvarða hámarks vaxtargetu íslenskra nauta í stíueldi.

### Markmið 1

Að bera saman hámarks fódur og hefðbundna fódur með tilliti til fódurmagns, fódurnýtingar, eldistíma, sláturgæða og kjötgæða.

### Markmið 2

Að bera saman hámarks fódur og hefðbundna fódur með tilliti til framlegðar og kostnaðar við nautaeldi og kjötvinnslu.

## Stutt verkefnalýsing

Keyptir verða um 30 nánast jafngamlir nýfæddir nautkálfar fyrir þetta verkefni og verða þeir aldir saman á mjólkur- og undirbúningskeiði í um 4 mánuði. Úr þessum hópi verða valdir 24 kálfar í tilraunina fyrir eldiskeiðið þar sem þeim er deilt á 8 stíur:



Helmingur kálfanna verður á sterku eldi [A] en hinn helmingurinn á hefðbundnu eldi til samanburðar [B]. Náð verður fylgst með áti og vaxtarhraða nautanna. Helmingnum er síðan slátrað við 500 kg líffunga [1] (um 250 kg fall) og hinum helmingnum við 600 kg líffunga [2] (um 300 kg fall). Kálfunum verður slátrað í fjórum hollum í sláturhúsi Norðlenska á Akureyri og samkvæmt meðfylgjandi tímaplani;

| Mjólkur- og undirbúningskeið |    |    |    |    |    |    |    | 0-4 mánuðir | Hóp deilt á eldistíur |
|------------------------------|----|----|----|----|----|----|----|-------------|-----------------------|
| Eldiskeið                    | A1 | A1 | A2 | A2 | B1 | B1 | B2 | B2          | 4-16 mánuðir          |
|                              |    |    | A2 | A2 | B1 | B1 | B2 | B2          | A1 slátrað            |
|                              |    |    |    |    | B1 | B1 | B2 | B2          | 16-20 mánuðir         |
|                              |    |    |    |    |    |    | B2 | B2          | A2 slátrað            |
|                              |    |    |    |    |    |    |    |             | 20-25 mánuðir         |
|                              |    |    |    |    |    |    |    |             | B1 slátrað            |
|                              |    |    |    |    |    |    |    |             | 25-30 mánuðir         |
|                              |    |    |    |    |    |    |    |             | B2 slátrað            |



Kálfar í stíu.



Kjötrannsókn.



Meðalfallþungi alíslensku nautanna var 164-231 kg og meðalvaxtarhraðinn 613-631 g á dag.



Úr sláturhúsi.

þættir hafa mismunandi áhrif á át, fódurnýtingu, vaxtarhraða og kjötgæði.

Þess vegna hefur verið ákveðið að gera nýja tilraun til að afla grundvallarupplýsinga um fódurþarfir og fódurnýtingu íslenskra ungnauta í sterku eldi. Tilraunin er gerð á starfstöð Lbhí á Möðruvöllum í Hörgárdal og er aðalstyrktaraðili verkefnisins Þróunarsjóður nautgripaæktarinnar. Verkefninu er stjórnað af Lbhí en samstarfs- og stuðningsaðilar eru Mátis, Stóri Dunhagi ehf., Norðlenska og Bústólpi.

Nú er verið að ljúka við uppsetningu á tilraunaaðstöðunni á Möðruvöllum og búið er að auglýsa eftir nýfæddum nautkálful í verkefnið.

Hægt verður að fylgjast með framvindu á Facebook síðunni; „Vaxtarhraði íslenskra nauta – Möðruvallatilraunin 2014-2017“.

## Heimildir

Anna Lóa Sveinsdóttir, Póroddur Sveinsson og Snorri Sigurðsson. 2010. Úttekt á aðbúnaði og vexti nautgripa í kjötframleiðslu fyrr og nú. Rit Fræðaging landbúnaðarins 2010, s 401-406.

Guðmundur Steindórsson, 1996. Mat á slátrunarhæfni ungneyta. Ritgerð. Bændaskólinn á Hvanneyri, 37 s.

Gunnar Ríkhartsson, Guðjón Þorkelsson, Póroddur Sveinsson og Ólafur Guðmundsson, 1996. Samanburður á íslenskum nautum og Galloway blendingum. Fjölrit RALA 186, 45 bls.

Póroddur Sveinsson og Laufey Bjarnadóttir. 2000. Samanburður á alíslenskum, Angus x íslenskum og Limósín x íslenskum nautgripum I - Át, vöxtur og fódurnýting. Ráðunautafundur, 2000, 179-195.

Póroddur Sveinsson. 2012. Aukum nautakjötsframleiðsluna – með sterkara eldi má ná fram meiri framlegð. Bændablaðið, 23. tölublað, 18. árg. (2012), s 28.

Póroddur Sveinsson. 2013. Íslensk nautakjötsframleiðsla. Fyrirlestur. Veffræðsla LK á; <http://www.naut.is/veffraedsla-lk/>

**Bændablaðið**  
Kemur næst út  
**3. apríl**



**CLAAS Arion 400 • 100-130 hestöfl**

- ✓ Vökvaskiptur 16/16 girar
- ✓ 98 lítra vökvadæla
- ✓ Hægt að sameina vökvafloði fram í moksstærki
- ✓ 10 hestafla aflaukning í CIS útfærslu



- ✓ Útskjótanlegur vökvalyftukrúkur
- ✓ 6.500 kg. lyftigeta á beisli
- ✓ Fjögurra hraða aflúttak



- ✓ Rúmgott ökumannshús með frábæru útsýni
- ✓ Fjölstillanlegt sæti með loft-fjórðun
- ✓ Farþegasæti með öryggisbelti
- ✓ Topplúga úr gleri
- ✓ Öll stjórnstæki innan seilingar ökumanns



- ✓ CLAAS Arion 400 CIS-EHV
- ✓ Stjórnstöng í sætisarmi fyrir ámoksturstæki og vökvasneiðar
- ✓ Rauður takki á mynd stýrir girskiptingu +/-
- ✓ 4 vökvasneiðar, 2 rafstýrðar
- ✓ 2 handvirkar
- ✓ Auðvelt og þægilegt í notkun



# VÉLFANG

VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • [www.velfang.is](http://www.velfang.is) • Óseyri 2 • 600 Akureyri

**Bændablaðið kemur næst út 3. apríl**

Smáauglýsingar **56-30-300**

Dreift í 31 þúsund eintökum á 388 dreifingarstaði


## Hitaveitu & gasskápar

fyrir sumarbústaði og heimili

Gæði • Þjónusta • Öryggi

### Hitaveituskápar


Við sérsníðum og eigum líka hitaveitukassa á lager. Einnig smíðum við mikið af kössum á kerrur, bíla ofl. Fáanlegir í mörgum litum.



### Gasskápar

Eigum gasskápa á lager. Læsanlegir og smíðaðir úr áli.

Láttu ekki stela af þér kútnum!



**VTK**  
BLIKKSMÍÐJA

Blikksmiðjan Vík ehf / Skemmuvegur 42, 200 Kópavogi / kt. 4309850279 / Sími: 557-1555 / [blikkvik@blikkvik.is](mailto:blikkvik@blikkvik.is)

# Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

**Hafa áhrif um land allt!**


ÁTT ÞÚ ÞÉR DRAUM ?



Á ÍSLANDI SÍÐAN 2001  
Á MARKADI SÍÐAN 1932



Einstaklega vönduð sænsk íbúðar- og frístundahús



Timburhús í hæsta mögulega gæðaflokki



Nánari upplýsingar í síma 863 3259  
[www.vastkuststugan.se](http://www.vastkuststugan.se) - [www.borohus.se](http://www.borohus.se)

## VÖXTUR Í FERÐAÞJÓNUSTU ER MATURINN TILBÚINN?

### DAGSKRÁ:

Kl. 12.00 Skráning og hádegishressing

**Þróun matarferðamennsku í heiminum og reynsla Svía**

- Ami Hovstadius frá VisitSweden

**Matarferðaþjónusta á Íslandi**

- við hvaða uppskrift á að styðjast?

- Laufey Haraldsdóttir, lektor, Háskólanum á Hólum

**Markaðssetning matvæla til ferðamanna**

- Mário Frade, vörumerkjastjóri, Nóa Síriusi

**Ísland sem matvælaframleiðandi**

- samkeppnishæfni og framleiðslugeta

- Dr. Torfi Jóhannesson, sérfræðingur

í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu

**Framlag matreiðslumanna til uppbyggingar á matarlandinu Íslandi**

- Hafliði Halldórsson, forseti Klúbbs matreiðslumeistara

**Matarupplifun í gróðurhúsinu í Friðheimum**

- Helena Hermundardóttir, garðyrkjubóndi, Friðheimum

Eftir erindin verða pallborðsumræður þar sem m.a. Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra, og Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, taka þátt.



## RÁÐSTEFNA UM MAT OG FERÐA-ÞJÓNUSTU

HÓTEL SÖGU  
FIMMTUDAGINN 20. MARS  
KL. 12.00-16.30

Aðgangur er ókeypis  
Skráning á vefnum si.is.  
Staðsetning: Hótel Saga, 2. hæð



## Kraftvélar á Akureyri

Kraftvélar hafa opnað útibú að Draupnigötu 6 á Akureyri þar sem við útvegum m.a. varahluti í allar tegundir vinnuvéla, lyftara og landbúnaðartækja.



**KOMATSU**

TOYOTA

LYFTARAR

B+


**IVECO**

**FELLA**

NEW HOLLAND

AGRICULTURE

**CASE IH**



**KRAFTVÉLAR**

Dalvegur 6-8  
201 Kópavogur  
Sími 535 3500  
[www.kraftvelar.is](http://www.kraftvelar.is)  
[kraftvelar@kraftvelar.is](mailto:kraftvelar@kraftvelar.is)

Draupnigata 6  
603 Akureyri  
Sími 535 3526  
[www.kraftvelar.is](http://www.kraftvelar.is)  
[kraftvelar@kraftvelar.is](mailto:kraftvelar@kraftvelar.is)



## Utan úr heimi

Finnskir hreindýraeigendur:

# Úða hreindýr með sjálflýsandi efni

– til að koma í veg fyrir að ekið sé á þau

Finnskir hreindýraeigendur úða hreindýr sín, einkum horn þeirra, með sjálflýsandi efni til að koma í veg fyrir að ekið sé á þau. Í gangi er tilraunaverkefni þar sem bæði horn dýranna og hluti af feldinum eru lituð. Árangursríkast er að lita hornin en nokkuð er um að hluti af feldinum sé einnig lituður.

Vitað er að um 4.000 hreindýr farast árlega í Norður-Noregi þegar bílar aka á þau. Flestir árekstrar af þessu tagi verða í nóvember og desember þegar dimmt er og hálka á vegum.

Norðmenn hafa kynnt sér málið en ekki fylgt enn í fótspor Finna. Norskir fjárbændur óttast að ullin á fénu klístrist við litunina og að hitavörnin sem ullin gefur minnki.



Vegagerðin í Noregi hefur lýst sig reiðubúna til að leggja málinu lið. Þýtt og endursagt /ME

## ESB vill draga úr brennslu á gasi, olíu og kolum

Á síðastliðnu ári fluttu aðildarlönd ESB inn olíu, kol og gas að verðmæti 550 milljarða evra. Auk þess sem hér er um mikil útgjöld að ræða þá veldur brennsla olíu og annarra orkugjafa úr jörðu, þ.e. kola og jarðgass, hlýnun á loftþjúpi jarðar, sem aftur eykur álagið á vistkerfið. Aðgerðir í umhverfismálum eru lykillinn að bættri samkeppnisstöðu þessa heimshluta að því er segir í blaðinu *Internationella Perspektiv* nú í febrúar, en það er fréttabréf Lantbrukarnas Riksförbund, LRF í Svíþjóð.

Það er hagsmunamál ESB eð efla ný atvinnutækifæri, sem eru ekki eins háð innfluttum orkugjöfum og þau sem fyrir eru. Til þess þarf að efla eigin framleiðslu landanna á orku sem mengar ekki umhverfið. Með þeim orðum kynnti forseti þings Evrópuráðsins hinn svonefnda „2030-ramma“ í orkumálum en hann byggist á nýrri orkustefnu sem hrinda á í framkvæmd fyrir árið 2020.

Markmiðið, sem á að ná fyrir árið 2050, er að draga úr losum gróðurhúsalofttegunda um 80–90% miðað við losunina árið 1990. Það skal gert með aðgerðum hvers lands heima fyrir. Niðurstaðan verður

svo lögð til grundvallar að nýjum veðurfarssáttmála sem væntanlega verður undirritaður á fundi aðildarlandanna árið 2015. Árlegur samdráttur gróðurhúsalofttegunda í loftþjúpnun á að fara úr 1,74% á ári í 2,20% á ári eftir árið 2020. Þá á losun annarrar starfsemi á koltvísýringi að dragast saman um 30% og jafnast út á milli landa „að bestu manna yfirsýn“.

Embættismannaráð ESB leggur til að birtar verði „vísitölur“ sem mæla framfarir í einstökum þáttum og upplýsa stjórnendur um þróun í efnahagsmálum á hverjum tíma.

### Nýtt eftirlitskerfi

Lagt er til að komið verði á fót virku eftirlitskerfi með framkvæmd verkefnisins þar sem fulltrúar allra þjóða ESB eiga aðild og starfar eftir vinnureglum embættismannakerfisins.

Ráðið og einstök aðildarlönd skulu tryggja svo sem unnt er að vinnureglur allra aðildarlandanna séu í samræmi innbyrðis, segir í *Internationella Perspektiv*.

Þýtt og endursagt /ME



## Metfjöldi gjaldþrota á Spáni á árinu 2013

Gjaldþrotum hefur fjölgað mjög á Spáni og alls urðu 9.660 fyrirtæki og heimili gjaldþrota þar á síðasta ári. Er það aukning um 6,5% frá árinu 2012.

Samkvæmt upplýsingum frá hagstofu Spánar eru gjaldþrotin flest í byggingariðnaði. Spánn hefur glímt við kreppu í mörg ár og mælist atvinnuleysið þar um 26%.

En þrátt fyrir að gjaldþrotin hafi aldrei verið jafn mörg dregur úr hlutfallslegri aukningu þeirra á

milli ára. Aukningin nam 15,1% árið 2011 og 32,2% árið 2012.

Árið 2007 voru gjaldþrotin alls 1.147 talsins.

Í fyrra voru 26,6% allra gjaldþrota í byggingariðnaði. En í fyrra fóru stór fyrirtæki í þrot, eins og Pescanova sem framleiddi frosinn fisk. Um tíu þúsund manns misstu vinnuna þar. Heimilistækjaframleiðandinn Fagor fór einnig í þrot í fyrra og misstu tvö þúsund manns þar vinnuna.



Peter Philipp, stjórnarformaður Dansk kvæg, og Gitte Grønbaek framkvæmdastýra voru hæstánægð með aðsóknina að Kvægkongres 2014. Mynd / Merete Martin Jensen, mcr@vfl.dk

## Fagping nautgriparæktarinnar í Danmörku 2014 – seinni hluti

Nýverið var haldið hið árlega fagping nautgriparæktarinnar í Danmörku en þingið, sem kallast Kvægkongres, var að vanda haldið í bænum Herning á Jótlandi. Hér á eftir fer síðari hluti umfjöllunar um fagþingið en fyrri hlutinn birtist í 5. töl. Bændablaðsins 6. mars sl.

### Bjart fram undan í mjólkurframleiðslu

Gitte Grønbaek, framkvæmdastýra Nautgriparæktardeildar Þekkingarseturs landbúnaðarins, og Peder Philipp, kúabóndi og stjórnarformaður deildarinnar, fluttu skýrslu um stöðu nautgripa-æktarinnar í Danmörku við upphaf fagþingsins. Þar kom m.a. fram að aldrei áður í sögu þarlendrar mjólkurframleiðslu hefur afurðaverðið verið jafn hátt og telja dönsku markaðssérfræðingarnir að svo muni verða áfram á næstu árum. Það sama er ekki hægt að segja um nautakjötið en eftir nokkuð góðar hækkunar frá 2010 til ársloka 2012 hefur verið staðið í stað og raunar heldur gefið eftir síðustu mánuði.

### Spá auknum hagnaði 2014

Þau settu fram áætlun um rekstrarafkomu kúabænda í mjólkurframleiðslu árið 2014 þar sem gert er ráð fyrir að tekjuafgangur búanna muni hækka umtalsvert frá árinu 2013 og sér í lagi hjá hefðbundnum kúabúum sem eru með á bilinu 240-320 árskýr. Þess má geta að meðalbústærðin er í kringum 160 árskýr svo hér er um



50-100% stærri bú en meðalbúið í Danmörku.

### Erfið staða alikálfabænda

Þeir bændur sem kaupa nautkálfa af Holstein mjólkurkúakyni og ala í 8-10 mánuði og framleiða alikálfa undir vörumerkinu „Dansk kalv“ áttu afar magurt ár árið 2012 þegar einungis fjórða hvert bú skilaði hagnaði.

Svo virðist sem árið 2013 komi heldur betur út enda orðið ákveðin vakning meðal neytenda um að kaupa þetta kjöt, en svo hægt sé að selja kjötið með þessum formerkjum mega kálfarnir ekki verða eldri en 10 mánaða við slátrun en hafi þó náð 160-200 kg fallþunga.

### 6 milljarðar lítrar

Nautgriparæktardeildin hefur lagt fram áætlun til næstu sex ára þar sem sett eru skrifleg markmið um það sem stefnt skuli að. Þar eru lagðar línurnar fyrir aðbúnað

gripa, afkomu, umhverfismál og margt fleira. Þar er lýst heildar markmiðunum sem eru að bágrennin á að búa við gott launaumhverfi, vera í jafnvægi við náttúruna, nýta hráefnin sem best og um leið að vera samkeppnishæf á alþjóðlegum mælikvarða. Svo þetta eigi að standast árið 2020 telja forsvarsmenn greinarinnar að auka þurfi mjólkurframleiðslu landsins um 1,5 milljarða lítra á næstu 6 árum eða um nærri tvöfalda íslensku framleiðsluna á ári hverju!

### 11 þúsund lítra meðalnyt

Töluverða athygli vekur einnig hið háleita markmið að ná meðalafurðum danskra kúa upp í 11 þúsund lítra árið 2018 en árið 2013 voru meðalafurðirnar um 9.500 lítrar. Svo hægt sé að hækka framleiðslu alls landsins á ekki lengri tíma verður farið í mikið átak og leitað til bæði vísindamanna, ráðunauta og dýralækna en einnig í smíðju kúabænda í Ísrael, en þar hefur náðst hreint ótrúlegur árangur með afurðir kúa. Þá hefur stefnan verið sett á að bæta fóðurnýtingu kúnnu um 2% á tímabilinu sem og að auka vöxt holdanautastofnanna um 10%. Það verður nóg að gera fyrir ráðgjafa landsins á næstu árum, svo mikið er víst!

### 1. Mjólkurgæði og -framleiðsla

Eftir flutning skýrslu framkvæmdastýrunnar og stjórnarformanns hófust svo málstofurnar en eins og áður segir hefur þegar verið greint frá fjórum þeirra í síðasta Bændablaði. Í málstofunni um mjólkurgæði og mjólkurframleiðslu var margt afar fróðlegra erinda m.a. um sértækar þarfir iðnaðarins fyrir mjólk í framtíðinni, hvernig mætti lækka frumutölu í mjaltapjónafjösum og með hvaða hætti danskir kúabændur geta mætt komandi tímum og mögulegu plássleysi í mjólkurtönkum sínum samhliða aukinni framleiðslu.

### Erindi Ruth Zadoks

Upp úr stóð þó erindi dr. Ruth Zadoks, en hún fjallaði um jógurheilbrigði og hinar ólíku kröfur sem gerðar eru til mjólkurgæða í heiminum. Þar skipar Ísland sér á



Um þrjú þúsund gestir mættu á ráðstefnuna.



bekk meðal kröfuhörðustu þjóða, líkt og hin Norðurlandarákin, en mörg lönd eru með afar litlar kröfur til mjólkurgæða og má þar t.d. nefna sjálf Bandaríkin, en þar í landi eru hinar almennu kröfur til frumutölu í tankmjólk ekki nema 750 þúsund frumur/ml.

Þá beindi hún sérstaklega sjónum sínum að mismunandi stofnum baktería og tók Uberis sem dæmi, en með sérstakri erfðagreiningu (ekki PCR) er hægt að greina Uberis bakteríuna í marga ólíka stofna sem eru mis skaðlegir. Sams konar dæmi var nefnt um E. coli og Staf. aureus en með DNA-greiningum ólíkra bakteríustofna er hægt að átta sig mun betur á því hvaða aðferðir duga best hverju sinni. Enn sem komið er, er þó handleggur að greina þetta og því er ráðlegt að notast við PCR-greiningar þar til þessi næsta kynslóð greiningartækni verður bæði ódýr og fljótvirk.

2. Fjósbyggingar

Málstofan um fjósbyggingar var að þessu sinni minni en oft áður, en lítið er um nýbyggingar í Danmörku þessi árin. Hins vegar voru nokkur áhugaverð erindi m.a. byggingarráðunautarins Rasmus K. Nielsen um ódýrar fjósbyggingar sem og Anne M. Holm um nútíma hönnun innréttinga í fjósum og sér í lagi hönnun legubása og milligerða. Erindið byggði hún á námsferð danskra fjósa hönnuða til Bandaríkjanna sl. haust en tilgangur ferðarinnar var að kynna hönnun fjósa með sandlegubás. Fullyrða má að Bandaríkjamenn og Kanadabúar standi þar öðrum framar og kom Anne inn á ýmis áhugaverð atriði varðandi hönnun slíkra bása. Margt af því sem fram kom má einnig heimfæra á hefðbundna bása s.s. hæð á innréttingum, staðsetningu bringurörs og lengd milligerða svo dæmi sé tekið. Erindið var með ótal myndum sem eru aðgengilegar á netinu, sjá nánar neðst í þessari grein.

2014 KvægKongres

3. Framleiðslustjórn

Virk stýring mjólkurframleiðslu er vissulega alltaf mikilvæg en eftir því sem búið stækkar eykst þörfin fyrir öfluga stjórn framleiðslunnar. Það er alls ekki sjálfgefið að bændur ráði vel við verkefnið því þótt viðkomandi sé góður bóndi er ekki þar með sagt að það falli honum eða henni vel að stjórna mikilli framleiðslu. Í þessari málstofu var komið inn á mörg af þeim atriðum sem lúta að þessum þætti búskapar og sérstök áhersla m.a. lögð á

sjálfsmat, þ.e. að fá bændur til þess að greina sjálfa sig með það að leiðarljósi að komast að því hvort bæta megi þetta atriði í búskapnum. Þá eru í dag ótal tæknilegar lausnir sem hjálpa til við framleiðslustjórn s.s. tölvutækni, sjálfvirkir mælur ofl. sem létta bændum lífið og auðvelda málin.

4. Kjötframleiðsla

Vegna breytinga á stuðningskerfi Evrópusambandsins til nautakjötsbænda þá var töluverðum

tíma og erindum varið í að útskýra breytingarnar, í hverju þær felast og hvernig nýta megi breyttar forsendur til þess að efla tekjugrunn þeirra kúabúa sem eru í kjötframleiðslu. Þetta á sér í lagi við um kúabú með holdakýr en þær eru mikið notaðar til þess að halda niðri gróðri á grænum svæðum í og við þéttbýli. Af öðrum góðum erindum má nefna afar fróðlegt erindi ráðunautarins Steen Hansen um kornpökkun (ribbehøstning) sem er frábrugðin þreskingu að í stað hefðbundins skurðar kornsins þá er það nánast reitt með sérstöku þreskiborði vélarinnar og því kemur töluvert magn blaða með korninu. Þykir þetta heppilegt fóður fyrir nautgripi og er í raun mitt á milli þess að kallast gróffóður og korn en í raun nær korni

að efnainnihaldi og því frábrugðið sk. heilskornu korni þegar hálmurinn er sleginn með korninu og það votverkað. Virkar áhugavert og gæti verið fróðlegt að prófa við íslenskar aðstæður.

Hafi lestur greinarinnar, eða þeirrar fyrri í síðasta Bændablaði, vakið áhuga má fræðast enn frekar um hin fluttu erindi, lesa úrdrætti þeirra og skoða glærur fyrirlestranna á heimasíðu fagþingsins, www.kvaegkongres.dk, en rétt er að geta þess að mest allt efni er á dönsku en þó er hluti þess á ensku.

**Snorri Sigurðsson,**  
sns@vfl.dk,  
Nautgriparæktardeild  
Þekkingarseturs  
landbúnaðarins í Danmörku.

limtrevirnet.is



Landbúnaður og hestasport

hesthús, reiðhallir, fjárhús, fjós og fleiri gerðir landbúnaðarbygginga  
vönduð hús - stuttur afgreiðslufrestur



LímtréVirnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluðeild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes  
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur  
Netfang - sala@limtrevirnet.is



Nám um meðferð varnarefna í landbúnaði, garðyrkju og við meindýraeyðingu

Haldið í samstarfi við Umhverfisstofnun, Vinnueftirlitið, Landlæknisembættið, Landssamtök meindýraeyða og Starfsgreinaráð

Hefst 7. apríl hjá Lbhi á Keldnaholti í Reykjavík

Endurmenntun Lbhi

www.lbhi.is/namskeid - síma 433 5000  
endurmenntun@lbhi.is

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

REKSTRARVÖRUR – GOTT ÚRVAL

af augaboltum, beislisbitum, pinnum, beislisboltum, beisliskúlum, festihlekkjum, hraðtengihlekkjum, hringsplittum, keðjuhlekkjum, klofplittum, krókum, R-plittum, smellukrókum, smellusplittum, strekkjurum, vírlásam, yfirtengjum, yfirtengiskúla, og margt fleira



HAGSTÆTT VERÐ

Sjá nánar í vefverslun okkar á VBL.is undir beislislutir



www.VBL.is

**REYKJAVÍK**  
Krókháls 5F  
110 Reykjavík  
Sími: 414-0000


**AKUREYRI**  
Baldursnes 2  
603 Akureyri  
Sími: 464-8600



... á leiðinni til þín

Véla-, vöru- og þjónustukynning í boði:





Blönduós föstudaginn 4. apríl  
Sauðárkrúkur fimmtudaginn 3. apríl  
Akureyri fimmtudaginn 3. apríl  
Ydalir/Aðaldal miðvikudaginn 2. apríl  
Egilsstaðir miðvikudaginn 2. apríl  
Breiðdalsvík þriðjudaginn 1. apríl  
Höfn þriðjudaginn 1. apríl  
Freyrnes þriðjudaginn 1. apríl  
Kirkjubæjarklaustur mánudaginn 31. mars  
Vík mánudaginn 31. mars  
Hvolsvöllur mánudaginn 31. mars  
Selfoss mánudagurinn 7. apríl  
Mýrareldar/Borgarfjörður laugardaginn 5. apríl  
Búðardalur föstudaginn 4. apríl  
Hvammstangi föstudaginn 4. apríl

Við byrjum hér →



# Breytingar á vali nautsmæðra og kúaskoðun

Fagráð í nautgriparækt ákvað á fundi sínum í lok janúar sl. að gera nokkrar breytingar sem eru til þessa fallnar að gera vinnu við kynbótastarfið hagkvæmari og skilvirkari. Þar ber fyrst að nefna val á nautsmæðrum en við skilgreiningu á þeim verður nú notast við heildareinkunn í stað afurðaeinkunnar. Í öðru lagi er um að ræða breytingar á framkvæmd kúaskoðunar þar sem notkun hins svokallaða „gamla“ skala verður lögð af og eingöngu notast við línulegt mat.

Við skulum víkja fyrst að vali nautsmæðranna en nú verður lágmark í heildareinkunn nautsmæðra miðað við 107 jafnframt því sem gerð verður sú krafa á nautsmæður að þær hafi að lágmarki 100 í kynbótæinkunn fyrir mjaltir og að lágmarki 90 í kynbótæinkunn fyrir fitu. Grundvöllur þessara breytinga er að athaganir hafa sýnt að með þessu móti fæst sterkari hópur nautsmæðra ef horft er á alla eiginleika sem eru inni í ræktunarmarkmiðum fyrir íslensku mjólkurkúna. Eina undantekningin snertir eiginleikann mjaltir og því hefur verið ákveðið að allavega fyrst um sinn séu gerðar lágmarkskröfur um kynbótamat fyrir þann eiginleika. Þar sem afurðamat gripa byggir eingöngu á próteinafurðum, og próteinafurðir því mjög áhrifamikill eiginleiki í heildareinkunn grips, hefur einnig

verið ákveðið að hætta að hafa sérstakt lágmark á próteinhlutfalli hjá nautsmæðrum en setja þess í stað lágmark á kynbótæinkunn nautsmæðra fyrir fitu. Í töflu sem hér fylgir má sjá samanburð á meðalkynbótæinkunn nautsmæðra varðandi nokkra eiginleika fyrir og eftir þessa breytingu.

Eins og sjá má verður nautsmæðrahópurinn í heild sinni öflugri og fellur betur að því ræktunarmarkmiði sem unnið er eftir og skilgreint er með heildareinkunninni. Einnig má segja að þessi breyting minnki áherslu á afurðir í nautsmæðravalinu og færi valið meira í samræmi við þau ræktunarmarkmið sem gildandi fyrir íslenska kúakynið þ.e. að rækta endingargóðar og vel gerðar kýr með góðar mjaltir.

Eftir sem áður verða síðan gerðar lágmarkskröfur um einkunn fyrir jógur, spena, mjaltir og skap úr kúaskoðun. Sama breyting mun taka gildi fyrir efnilegar kvígur, þar verður nú notast við heildareinkunn til skilgreiningar í stað afurðaeinkunnar áður. Þetta mun þýða einhverjar

tílfærslur á nautsmæðraflöggum í gripalistum inni í HUPPU og biðjum við bændur að veita því athygli. Eitthvað af kúm, sem nú eru merktar sem nautsmæður, munu falla út af þeim lista en hafi þær nú þegar verið sæddar með nautsfeðrum viljum við að sjálfsögðu fá að vita af kálfum undan þeim þegar þeir fæðast þó svo að flaggið sé hugsanlega farið af móðurinni vegna þessara breytinga.

## Breytingar á kúaskoðun

Töluverðar breytingar verða einnig gerðar á framkvæmd kúaskoðunar. Í fyrsta lagi hefur fagráð í nautgriparækt ákveðið að kvígur undan heimanautum verði ekki skoðaðar sem hluti af gagnasöfnun fyrir hið sameiginlega ræktunarstarf enda sé sú gagnasöfnun fyrst og fremst hugsuð til að safna upplýsingum til afkvæmaprófana á sameiginlegum kynbótagripum. Bændum stendur að sjálfsögðu til boða að láta skoða þær kvígur, sem ekki eru undan sæðinganautum, gegn greiðslu. Sterkustu rökinn fyrir þessu eru m.a. þau að það

## Meðalkynbótæinkunn nautsmæðra fyrir og eftir breytingu

|          | Mjólk | Prótein% | Afurðir | Frumut. | Jógur | Spenar | Mjaltir | Heild |
|----------|-------|----------|---------|---------|-------|--------|---------|-------|
| Fyrir    | 112   | 104      | 112     | 102     | 111   | 111    | 109     | 108   |
| Eftir    | 111   | 105      | 111     | 104     | 113   | 111    | 110     | 109   |
| Breyting | -1    | 1        | -1      | 2       | 2     | 0      | 1       | 1     |

er ekki réttlátt að sameiginlegir fjármunir séu notaðir til þess að safna upplýsingum um byggingu dætra nauta sem ekki eru hluti af skipulögðum afkvæmaprófunum og fá því aldrei öryggi sem neinu nemur á sinn „afkvæmadóm“ jafnvel þó þau eigi dætur í framleiðslu á einhverjum búum. Þeirra framlag til erfðaframfara í kúastofninum getur því aldrei numið neinu sem orð er á gerandi. Ein megináherslan í íslenskri nautgriparækt er og verður að vera sú að stækka hinn virka erfðahóp sem mest og það verður ekki gert nema með aukinni notkun sæðinga. Það þýðir að notkun heimanauta verður að vera algjör undantekning enda mæla öll rök með því að nota sæðinga.

Jafnframt þessu verður nú hætt að dæma kvígur bæði eftir svokölluðum „gamla“ og „nýja“ skala, heldur verður eingöngu notast við línulegt mat. Þessi ákvörðun er byggð á niðurstöðum athugunar sem Ágúst Sigurðsson hefur gert á erfðafylgni eiginleika úr dómskölunum tveimur þar sem í ljós kemur að með notkun á báðum skölunum er verið að dæma sömu eiginleikana tvisvar. Þar sem línulega matið („nýi“ skalinn) er þess eðlis að það er nákvæmari lýsing á einstökum eiginleikum

hvers grips verður það notað og þróað áfram. Þessar breytingar er nú þegar komnar til framkvæmda.

Þetta þýðir að kýr sem eingöngu verða metnar með línulegu mati munu ekki fá hinar gamalkunnu einkunnir sem notaðar hafa verið áratugum saman. Þær fá því ekki einkunnir eins og 8 fyrir jógur og lögur, 9 fyrir staðsetningu spena og lengd o.s.frv. Þess í stað verður línulega matið reiknað í eina heildareinkunn og byggir sá útreikningur á frávikum í mati viðkomandi grips frá „besta“ mati í hverjum eiginleika. Eftir sem áður verður heildareinkunnin ekki svo ólík heildarstigum úr útlitsdómi samkvæmt „gamla“ skalanum. Glæsilegar kýr munu fá heildareinkunn 85-90 stig eða þar um bil en lakar gerðar kýr munu hins vegar fá mun lægri einkunn. Þá koma verulegir byggingargallar, eins og aukagöt á spenun, samvaxnir spenar o.fl., til frádráttar af meiri þunga en áður. Dreifing á útlitseinkunn verður því væntanlega meiri en áður.

Í fyllingu tímans, og raunar á komandi misserum, mun þetta einnig hafa áhrif á val nautsmæðra. Eftir því sem þeim kúm fjölgar sem ekki hafa dóm samkvæmt „gamla“ skalanum mun val nautsmæðra byggja æ meira á línulega matinu. Þar verður miðað við heildarútlitsmatið en einnig frávik frá bestu gildum línulega matsins. Þannig verður áfram sneitt hjá því að taka nautkálfa á stöð undan kúm sem eru gallaðar í byggingu, mjöltum og skapi.

# Ný leið í fjármögnun jarðakaupa

Á nýafstöðnu Búnaðarþingi kynnti Jóhann Nikulásson bóndi í Stóru-Hildisey II nýja leið til fjármögnunar í landbúnaði sem vert er að skoða og sérstaklega m.t.t. jarðakaupa. Um er að ræða fjárfestingarsjóð sem danskur lífeyrissjóður, AP Pension hefur verið að þróa og kynna síðustu mánuði meðal bændna í Danaveldi. Á ársfundi danskra kúabænda, Dansk Kvæg Kongres, kynnti fulltrúi sjóðsins, Torben Andersen, starfsemi hans við fjármögnun í dönskum landbúnaði.

Undanfarin ár hafa verið dönskum landbúnaði fremur erfið vegna mikillar skuldsetningar, t.d. meðal kúabænda, en á móti hefur vegið að sala erlendis hefur gengið vel. Á sama tíma hefur landverð farið mjög lækkanði frá því það var hæst árið 2008. Hins vegar er landverðið í Danmörku eigi að síður allt annað og herra en við þekkjum hér á landi eða frá um 1,6 milljónir íslenskra króna á hektara upp í tæpar 2,7 milljónir, án bygginga. Í kjölfar fjármálakreppunnar árið 2008 hafa danskir bankar verið tregir til frekari útlána til bænda og gert mun meiri kröfur um eigið fjárframlag en áður var. Í ljósi þessarar þróunar hafa einstaka lífeyrissjóðir eins og AP Pension farið af stað með nýja fjármögnunarleið fyrir starfandi bændur og vegna nýliðunar, í gegnum sjóð sem þeir hafa stofnað til að fjárfesta í dönsku búrekstrarlandi og landbúnaðarbyggingum.

Í greiningu sjóðsins á þessum möguleikum er m.a. horft til þess að einstaka búgreinar gera mismiklar kröfur til jarðnaðis og því er það mat sjóðsins að virði bygginga á jörðum sé mjög mikið háð því hvaða not eru fyrir þær og hver þörfin er fyrir land fyrir hverja búgrein. Í svínarækt og nautgriparækt er virði bygginga mjög háð því landi sem hvor búgrein



Runólfur Sigurðsson  
Fagstjóri rekstrar  
hjá RML

Jóhanna Lind Elíasdóttir  
Ábyrgðarmaður  
rekstrarráðgjafar  
hjá RML



Úr Þjórsárdal.

Mynd / HKR.

þarf til framleiðslunnar. Útfærsla lífeyrissjóðsins felst í þessum tveimur þáttum, annars vegar að aðstoða við „kaup/leigu“ á landi og hins vegar „kaup/leigu“ á byggingum. Í öðrum þáttum kemur lífeyrissjóðurinn ekki við sögu heldur er það viðkomandi bóndi og/eða viðskiptabanki hans sem fjármagnar t.d. bústofnskaup og tæki.

## Útfærsla sjóðsins er eftirfarandi í grófum dráttum:

Um er að ræða tvö mismunandi lán, annað vegna bygginga en hitt vegna lands. Yfirleitt er um langtímalán að ræða þar sem eingöngu eru greiddir vextir fyrstu 8 til 10 árin en eftir það hefjast afborganir af höfuðstól.

AP-lífeyrissjóðurinn er með fasta 6,5% vexti á lánum vegna bygginga.

Á lánstímanum er gert ráð fyrir virðisrýrnun bygginganna

og eftir 8–10 ár er samningurinn endurskoðaður í þá veru að afborganir hefjist eða að samningurinn er framlengdur og eingöngu greiddir vextir áfram í einhver ár.

Almennt er lánstími vegna jarðakaupa allt að 30 ár. Við fjármögnun á landi veitir sjóðurinn lán með 5,2% vöxtum með sama hætti, eingöngu eru greiddir vextir fyrstu 8–10 árin, eftir þann tíma er samningurinn endurskoðaður m.t.t. möguleika á afborgunum.

Meginhugsunin með þessu fyrirkomulagi er að auðvelda fjármögnun við ættliðaskipta og/eða sölu milli óskyldra aðila og á „leigutímanum“ er ætlast til reksturinn/bóndinn afli eiginfjár til að greiða af láninu eftir þessi 8 til 10 ár.

Rétt er að ítreka það að vextirnir sem nefndir eru í dæminu hér að framan eru þeir vextir sem lánþegi er í raun að greiða – engin verðtrygging

eða verðbætur bætast við lánið eða greiðslubyrðina. Hagsmunir sjóðsins felast því í að verðbólgu sé haldið niðri með öllum tiltækum ráðum og eins að skoða mjög vel grundvöll þess rekstrar sem lánað er út á.

Í samanburði við hefðbundna fjármögnun við jarðakaup í Danmörku eru vextir þeir sem lífeyrissjóðurinn innheimtir hærri en algengustu vextir hjá viðskiptabanka. Á móti kemur rýmri möguleiki til að láta reksturinn afla fjár til að takast á við afborgun höfuðstóls lánsins þegar liður á lánstímann.

Rétt er að geta þess að Samtök ungra bænda hér á landi kynntu í lok árs 2012 tillögur að lánamöguleikum vegna ættliðaskipta á bújörðum, sem að hluta eru í svipuðum anda, þ.e. miða að því að létta greiðsluþunga fyrstu árin eftir jarðakaup.

Hér á landi hefur fjármögnun jarðakaupa verið í höndum viðskiptabanka undanfarin ár, oft er hún sambland íbúðarláns og fjárfestingalána. Þá hefur Lífeyrissjóður bænda veitt lán til allt að 40 ára, verðtryggð með 4,2% föstum vöxtum eða með breytilegum vöxtum sem eru núna 3,75%, hámarkslán 30 milljónir. Vextir á óverðtryggðum lánum Lífeyrissjóðs bænda eru núna 9,75%! eða þremur prósentum yfir stýrivöxtum Seðlabanka Íslands – sem eru síðan að auki breytilegir. Þá er hámarks veðhlutfall lífeyrissjóðsins 60% af áætluðu söluverði fasteigna án bústofs, véla og greiðslumarks.

Nýlega hóf síðan Bygðastofnun að veita nýliðunarlán í landbúnaði til 25 ára með 5% vöxtum og eru þau jafngreiðslulán (annuitetslán) og möguleiki að greiða eingöngu vexti fyrstu þrjú árin. Þessu framtaki hefur verið fagnað sem nýjum valkosti fyrir ungt fólk sem er að hefja búskap, en ekki er allt sem sýnist. Taka má dæmi um 30 milljóna króna lán

þar sem við áætlum verðbólgu 3,5% á lánstímanum og skoða heildargreiðslur lánsins eftir því hvort um er að ræða jafnar afborganir eða jafngreiðslulán (annuitetslán). Ef um er að ræða jafngreiðslulán, þá er heildargreiðsla til lánveitanda tæplega 85 milljónir króna en ef um jafnar afborganir er að ræða væri heildarendurgreiðsla 30 milljóna króna láns um 75 milljónir króna. Mismunurinn er um 10 milljónir króna við þessar forsendur. Hins vegar er greiðsluþungi jafngreiðsluláns mun minni í byrjun lánstímans en þegar um er að ræða jafnar afborganir. Segja má að nýliðunarlán Bygðastofnunar séu skref í rétta átt þar sem í boði er 3 ára frestun á greiðslu afborgana af höfuðstól, þó vextirnir séu fremur háir ofan á verðtryggingu og eins væri nauðsynlegt að geta valið um lán með jöfnum afborgunum eða jafngreiðslulán.

Skoða þarf hvort leið danska lífeyrissjóðsins sé ekki einmitt mjög heppileg leið hér til að létta nýliðum róðurinn þannig að þeir þurfi ekki að takast á við bæði vexti og afborganir fyrstu árin eftir lántöku. Eins mætti velta upp þeim möguleika fyrir sjóði og fjármálastofnanir hvort þau séu ekki tilbúin til að ganga alla leið og bjóða óverðtryggð veðlán til fasteigna- og jarðakaupa til mjög langs tíma, afborgunarlaus með öllu, eingöngu séu greiddir vextir sem miðist við hæfilega ávöxtunarkröfu sjóðanna á eigin fé m.t.t. áhættu og veðsetningar þannig að til uppgjors komi við sölu eignanna, eða fyrr ef fjárhagar kaupanda vænkast. Eigið fé kaupenda gæti þá byggst upp smám saman og auðveldað kaupendum í þéttbýli að skipta um fasteignir eftir aðstæðum og kaupendum í rekstri að ná rekstrinum vel á skrið áður en hugað væri að því að auka eiginfjárluta sinn í undirliggjandi eignum.



# Er mögulegt að framleiða íslenska sauðaosta?

Mjólk sauðkindarinnar hefur haft nokkra þýðingu í fæðuöflun mannkyns í gegnum tíðina. Í seinni tíð hefur sauðamjólk horfið af matseðlum í sumum löndum þar sem hún var áður mikilvægur þáttur í fæði manna, oftast samfara miklum breytingum í landbúnaði. Í öðrum löndum hefur hefð fyrir nýtingu sauðamjólkur lifað góðu lífi þrátt fyrir að landbúnaður þeirra landa hafi einnig tekið miklum breytingum. Ísland er gott dæmi um land þar sem nýtingu sauðamjólkur til manneldis heyrir sögunni til vegna mikilla breytinga í landbúnaði og þjóðlífi öllu. Í mörgum löndum Evrópu og víðar er nokkuð um að ær séu mjólkaðar og algengast að nýta mjólkina til ostagerðar. Sauðaostar eru eftirsótt og verðmæt matvara víða um heim.

## Efnainnihald og eiginleikar sauðamjólkur

Sauðamjólk hentar vel til ostagerðar þar sem þurfnisinnihald hennar er hátt og hún steinefna- og vítamínrík. Próteinsamsetning sauðamjólkur er önnur en í kúamjólk og því gæti fólk sem hefur óþol gagnvart kúamjólk í einhverjum tilfellum notað vörur úr sauðamjólk án óþæginda.

## Nýting sauðamjólkur á Íslandi áður fyrr

Fram undir aldamótin 1900 voru flestar íslenskar ær mjólkaðar í níu til þrettán vikur, frá miðjum júní og fram á haust. Til að byrja með voru lömbin stíuð frá ánum yfir nóttina í svokölluðum stekk og ærnar mjólkaðar að morgni áður en þær fengu lömbin aftur. Var þetta tímabil kallað stekk tíð. Lömbin voru síðan vanin undan ánum fimm til átta vikna gömul og rekin til fjalla fljótlega eftir það. Ærnar voru upp frá því þessu mjólkaðar tvisvar á dag í kvíum fram á haust. Eins og vænta má komu fráferulömbin lítil og rýr af fjalli um haustið með þessu búskaparlagi. Var stór hluti þeirra settur á vetur ef hægt var og flestir hrútar gerðir að sauðum jafnvel strax að vori. Kindakjötsneysla fyrri alda byggðist fyrst og fremst á kjöti af veturgömlu eða eldra fé.

Sauðamjólkin var almennt notuð til smjörgerðar enda fiturík. Úr undanrennunni var gert skyr og talsvert féll þá til af mysu. Úr sauðamjólk voru einnig gerðir mysuostar og mjólkurostar. Miðað var við að úr 15 lítrum af mjólk mætti gera 1 kg af smjöri. Til eru upplýsingar um meðalnyt íslenskar áa frá upphafi 20. aldar og virðist hver ær hafa mjólkað 40–50 lítra yfir sumarið. Ef miðað er við að þær hafi verið mjólkaðar frá miðjum júní og



Sauðamjaltir í Akurnesi.

Mynd / BSSL

## Efnainnihald mismunandi mjólkur

|            | Fita% | Prótein % | Sykur % | Þurfnis % |
|------------|-------|-----------|---------|-----------|
| Sauðamjólk | 6,16  | 5,68      | 4,7     | 17,9      |
| Geitamjólk | 3,68  | 3,17      | 4,57    | 11,5      |
| Kaplamjólk | 1,5   | 1,8       | 6,2     | 10,1      |
| Kúamjólk   | 4     | 3,4       | 4,7     | 12,6      |

(Sauðfjárrækt á Íslandi 2013, bls 60)

Eins og sjá má á þessum samanburði er sauðamjólk með langhæsta þurfnisinnihald þessara mjólkurtegunda. Hún er auk þess bæði fitu- og próteinríkust þessara fjögurra mjólkurtegunda.

fram í miðjan september eða í um 90 daga gerir þetta um 0,45–0,55 lítra dagsnyt. Fráfærur lögðust af á ótrúlega skömmum tíma snemma á 20. öld hér á landi. Jafnframt má segja að áður almenn verkunnátta við sauðamjaltir og mjólkurvinnslu hafi glatast.

## Tilraunir með nýtingu á íslenskri sauðamjólk á seinni árum

Nokkur áhugi hefur vaknað hér á landi á því að nýta sauðamjólk á ný. Á árunum 1996–1997 stóð Sveinn Hallgrímsson á Hvanneyri fyrir tilraun þar sem fært var frá ám um miðjan júlí og þær mjólkaðar fram í ágústlok. Lömbum þessara áa var slátrað í sumarslátrun um miðjan júlí. Ærnar mjólkuðu að meðaltali um 0,5 lítra á dag á þessum tímabili en meðaldagsnyt fór upp í 0,7 lítra þegar mest var í ánum snemma á mjaltatímabilinu. Ærnar vöndust mjóltum fljótt en mjólkuðu misvel og talsverður breytileiki kom fram í skapgerð við mjaltir. Ostar voru gerðir úr mjólkinni og þóttu góðir.

Sérstakt átakswerkefni um nýtingu sauðamjólkur stóð yfir á árunum 2004–2010. Nokkrir bændur tóku

þátt í því og voru þeir aðallega að mjólka ærnar seinnipart sumarsins og út september, sumir mjólkuðu ekki nema í fáeinar vikur síðsumars eftir að lömbin voru tekin undan ánum. Mjólkin var fryst í fötum strax eftir mjaltir og send í afurðastöð síðar. Mjólkursamlag MS í Búðardal tók við mjólkinni og gerði úr henni osta sem fengu góðar viðtökur neytenda. Það kom fram í þessari vinnu að gæða mjólkurinnar til ostagerðar versnuðu þegar kom fram í haustið og minnkaði í ánum. Í þessu átakswerkefni fengu bændur talsverðan styrk á hvern framleiddan mjólkurlítra þar sem afurðastöðin treysti sér ekki til að borga ásættanlegt verð. Styrkur var því í raun forsenda þessarar framleiðslu og varð ekki framhaldi á samstarf bænda og MS þegar verkefninu lauk þó örfá dæmi séu um framleiðslu á sauðamjólk eftir þetta, á öðrum forsendum. Bændur í Akurnesi í A-Skaft. mjólkuðu um 50 tvílembur í tvö sumur. Þeir fengu tilskilin leyfi til að gera ost úr mjólkinni heima á búinu og sáu sjálfir um að söluna. Að sögn Sveins Rúnars Ragnarssonar í Akurnesi var framleiddur gráðosturinn Roquefort og þurfti

3–5 lítra af sauðamjólk í hvert kg af þessum osti. Fært var frá ánum í lok júní, lömbunum beitt á áborna há og síðar um sumarið einnig á fódurkál. Fallþungi fráfærulembanna var um 5–7% minni en lamba búsins sem gengu með mæðrum sínum í úthaga. Ærnar voru mjólkaðar fram á haust, þær sem best héldu nytinni langt fram í október en aðrar geldstu upp mun fyrr. Hlé hefur verið gert á sauðamjóltnum í Akurnesi vegna anna við önnur bústörf en áform um að taka upp þráðinn aftur þegar tími gefst.

## Samvinnuverkefni LS, RML og Matís um sauðamjólkurframleiðslu

Það hefur ekki tekist enn að festa sauðamjólkurframleiðslu í sessi á ný hér á landi. Þær tilraunir sem gerðar hafa verið á síðustu árum staðfesta þó að tæknilega er þetta framkvæmanlegt. Miða við áhuga á innfluttum ostum úr sauðamjólk og þær viðtökur sem innlend framleiðsla hefur fengið er næsta víst að talsverður markaður er fyrir þessa vöru hérlandis. Forsenda þess að sauðfjárbændur sýni sauðamjólkurframleiðslu áhuga er að hægt sé að tryggja að nýting á sauðamjólk skapi þeim einhvern tekjuávinning miða við hefðbundna dillakjötsframleiðslu. Þær tekjur ráðast ekki síst af því verði bændur fá fyrir mjólkina og í því samhengi á hvaða verði er hægt að markaðssetja mjólkurvörur úr sauðamjólk. Skoða þarf einnig hvort vænlegra sé að stefna að heimavinnslu afurðanna eins og gert var í Akurnesi eða að leggja mjólkina inn í afurðastöð sem tæki að sér vinnslu og jafnvel markaðssetningu. Það er nokkuð ljóst að hér verður að vera um „sælkeravöru“ að ræða á mikið hærri verði en mjólkurvörur úr kúamjólk en samt á samkeppnishæfu verði við innfluttar mjólkurvörur úr sauðamjólk. Annað atriði sem mikilvægt er að skoða í þessu samhengi er hvernig má fá sem mest fyrir lömbin þó að þau séu tekin undan mæðrum sínum 6–8 vikna gömul. Það á að vera hægt að koma lömbum á þessum aldri til nokkuð góðs þroska án mjólkur ef þeim er beitt á fjölbreytt og rúmt land með aðgengi að góðri beit á ábornu ræktuðu landi. Það kostar samt eitthvað meira en ef lömbin hefðu gengið undir mæðrum sínum og náð þroska í úthaga. Eins þurfa ærnar að hafa aðgang að beit á ábornu ræktuðu landi seinni part sumarsins til að halda nytinni sem lengst. Sauðamjólkurframleiðsla er talsverð í Suður-Evrópu og þar tíðkast víða að slátra lömbunum við fráfærur. Þar um slóðir eru slík smálömb eftirsóttur sælkeramatur. Hugsanlegt er að markaðssetja svona

unglömb hérlandis og þá ekki síst með ferðamenn frá Suður-Evrópu í huga og e.t.v. kæmust landsmenn á bragðið líka. Hér skiptir máli hvað bóndinn fær fyrir svona unglömb á móti þeim kostnaði og fyrirhöfn sem því fylgir að ala þessi fráfærulemb fram á haust.

Eins og sjá má af því sem hér er rakið er mörgum spurningum ósvarað hvað íslenska sauðamjólkurframleiðslu varðar. Er þetta tækifæri til nýsköpunar og framþróunar fyrir einhvern hóp sauðfjárbænda? Það væri a.m.k. örugglega jákvætt fyrir greinina út á við að geta aukið fjölbreytni þeirra afurða sem sauðkindin gefur af sér og næsta víst að einhver markaður er fyrir mjólkurvörur úr íslenskri sauðamjólk. Þessum spurningum verður ekki svarað nema einhverjir sauðfjárbændur vilji spreyta sig á þessar framleiðslu að alvöru. Einhver afurðastöð í mjólkurvinnslu þarf að vera tilbúin til að vinna og markaðssetja sauðamjólkurvörur og/ eða að heimavinnsla á sauðamjólk verði raunhæfur valkostur hér á Íslandi. Fyrsta spurning verður þó alltaf, eru einhverjir bændur tilbúnir að taka lömbin undan ánum og mjólka þær c.a. þrjá mánuði? Landssamtök sauðfjárbænda, Matís og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hafa stofnað til samstarfs um stuðning og ráðgjöf við sauðamjólkurframleiðslu ef áhugi er á hjá t.d. 5–10 sauðfjárbændum. Fyrsta skrefið í því er að auglýsa eftir áhugasömum bændum og skoða möguleikanna í framhaldi af áhuganum. Þessir bændur þurfa að vera tilbúnir í þá vinnu og bindingu sem þessu fylgir og einhverjar fjárfestingar. Sauðamjaltir eru ekki tækjafrekar en lágmarksbúnaður þarf að vera til staðar og viðurkennd mjaltaaðstaða. Þá kemur reyndar að því atriði, að innlendar reglur um kröfur til af fá viðurkennt leyfi til sauðamjólkurframleiðslu eru ekki fyrirbyggjandi. Þar ætti að vera hægt að horfa til reglna í nágrannalöndunum þar sem kröfur um aðstöðu til mjalta á sauðfé eru talsvert aðrar og einfaldari en í hefðbundinni kúamjólkurframleiðslu.

Þeir sauðfjárbændur sem hafa áhuga á sauðamjólkurframleiðslu hafi vinsamlega samband við einhvern eftirtalinna aðila fyrir 17. apríl nk. Frekari vinna við þetta verkefni ræðst algerlega af áhuga sauðfjárbænda.

Árni Brynjar Bragason  
RML, ab@rml.is  
Sigurður Eyþórsson  
LS, ls@bondi.is  
Oddný Steina Valsdóttir  
LS, oddny80@live.com  
Óli Þór Hilmarsson  
Matís, olithor@matís.is



## ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Blessuð sólin getur verið hættuleg

Í veðurblíðunni og sólinni við setningu Búnaðarþings hinn 28. febrúar síðastliðinn mátti sjá flott bónaðar dráttarvélar að ýmsum stærðum og gerðum. Einnig inni í Hörpu var 1959 árgerðin af Massey Ferguson-vél á beltum með heimasmiðuðu húsi. Þegar húsið á vélinni var skoðað mátti vel sjá hversu sótugar og skitugar rúðurnar á húsinu voru að innanverðu. Fyrstu þrjá mánuði hvers árs verða allt of mörg óhöpp á Íslandi vegna þess að öikumenn blindast af sólargeislum eða sjá

ekki út vegna lágrar stöðu sólar og óhreininda á rúðum ökutækja.

## Fljótlegt er að þrifa rúður að innan

Kunningi minn rekur gröfufyrirtæki í Reykjavík og starfsmaður hjá honum segist að lágmarki þrifa allar rúður í gröfunum einu sinni í viku. Þessi starfsmaður segir að það sé grundvallaratriði í vinnu á gröfum að sjá út og að hann hafi einsett sér það að þurfa aldrei að segja setningu á borð við: „Ég bara sá það ekki vegna þess að rúðurnar



voru svo skítugar.“ Hann sagði mér

að þegar hann byrjaði að vinna á gröfum hefði hann kallað rúðurnar eftir vikudögum og í kaffitímanum á mánudögum væri þríf dagur á hægri hliðarrúðu að innanverðu. Svona kláruðust rúðurnar að innan á fimmtudegi, en á föstudegi var þvottadagur að utan og bón ef þurfa þótti.

## Þegar sólin blindar mann

Ófá óhöppin, slys og jafnvel banaslys hafa orðið vegna þess að öikumenn hafa blindast af sólinni. Það er ekki bara sólin sem þar

á í hlut því að í allt of mörgum tilfellum er aðalorsökinn óhreinindi á rúðum bæði að utan og innan. Það eru til svo mörg undraefni til að létta manni þrif á rúðum bæði að innan og utan að það er engin afsökun að þrifa ekki rúður. Varanlegast er að bóna allar rúður að utan og hefur mér reynt besta bónið á rúður Ultra Glozz (sem fæst á flestum bensínstöðvum N1, BYKO og víðar). Við hreinsun og þvott á soti og fitu innan af rúðum ökutækja finnst mér best að nota vatn með smá upphvottalegi í og þurrka svo með dagblaðapappír.

Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is







Dacia Duster 2014:

# Nýr og betur útbúinn jepplingur

Haustið 2012 prófaði ég Dacia Duster og var mjög ánægður með bílinn, svo ánægður að ég hef um nokkurn tíma verið að hugsa um að kaupa einn slíkan fyrir sjálfan mig og mína fjölskyldu. Að mínu mati er fjórar milljónir fyrir nýjan jeppling það góð kaup að ýmislegt mætti vanta í bílinn af þægindum vegna verðsins. Það kom mér á óvart að Dacia Duster var ekki meðal efstu bíla í vali á bil ársins 2013 hjá starfsbræðrum mínum sem fjalla um bíla í öðrum blöðum. Án þess að hugsa mig um tel ég miðað við fyrri prófun mína á þessum bíl að hann ætti fullt erindi á meðal efstu bíla, og þá ekki bara vegna verðsins, heldur spilar margt annað inn í þetta álit mitt á Dacia.

## Nýr og betur útbúinn Dacia Duster

Útlitslega er breytingin frá 2013 grill, ljós og stærri og burðarmeiri toppgrindarbogar, en inni í bílnum er líka töluverð breyting. Það helsta sem er nýtt frá fyrri árgerðinni er að nú er komin aksturstölva í bílinn þar sem maður getur séð hve mikið eldsneyti er eftir í km, eyðslu á hundraðið, meðalhraða, útihita og fleira. Einnig er hraðastillir (e. cruise control) í bílnum og sjálfvirkar bremsur þannig að bíllinn rennur ekki afturábak fyrr en eftir 2-3 sekúndur þegar maður er stopp í brekku og er að taka af stað. Þá er „eco“-takki til að spara eldsneyti.

## Fjöðrun og veggrip gott

Ég fékk bílinn eina helgi til reynsluaksturs og ók rúma 200 km við mjög vondar veðuráðstæður í snjó, roki, slyddu bæði á malbiki og á holóttum malarvegi. Ekið var til Reykjavíkur og til baka og þar sem ég var einn í bílnum í fyrri prófuninni ákvað ég að bjóða konunni og tengdaforeldrunum með til að finna betur hvernig bíllinn væri í akstri hlaðinn.

Í fyrri prófuninni var ég einn í bílnum og fannst mér gírkassinn leiðinlegur (stutt á milli gíra) en núna þegar við vorum fjögur áttaði ég mig betur hvers vegna svona stutt er á milli gíra. Til að komast í jepplingaflokk þarf tog og dráttargetu og með því að hafa svona stutt á milli gíra má bíllinn draga á eftir sér vagn sem er allt að 1.500 kg. Á holóttum malarveginum að Reykjavíkur reyndi vel á fjöðrunina, sem mér fannst taka holurnar vel. Þrátt fyrir krapaslabb og mikla polla á malarveginum var bíllinn stöðugur og grip gott.

## Vélin frá Renault og drifbúnaður frá Nissan

Vélin er 110 hestafla dísilvél frá Renault ásamt sex gíra gírkassa og millikassi ásamt drifbúnaði er frá Nissan. Þetta er svipað drif og í Nissan X-Trail sem er sett í fjórhjóladrif



Dacia Duster árgerð 2014. Fjöðrunin virkaði vel á ósléttu hrauninu á Reykjanestá.

Myndir / HLJ



Mallandi áfram í fyrsta gír tókst mér ekki að festa mig þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

og læst með rafmagnstakka inni í bílnum. Bæði vél og drif hafa reynst vel hjá framleiðendum.

Fyrsti gír er það hægur að á jafnsléttu er bíllinn að fara um 5 km á klukkustund og kemur þetta sér mjög vel í torfærubrölti. Þegar laft er af stað úr kyrrstöðu á jafnsléttu hefur bíllinn bæði orku og tog til að

lagt sé af stað í öðrum gír. Prófaði ég þetta tvívegis þegar við vorum fjögur í bílnum og það var ekkert mál.


## Endurskoða þarf dagljósabúnað

Samt eru tveir ókostir sem ég tók eftir. Speglar á hliðum eru litlir og dagljósabúnaðurinn kveikir

bara lítil ljós framan á bílnum en engin afturljós. Að mínu mati getur það ekki gengið að svona ljósabúnaður sé leyfður vegna þess að við Íslendingar gleymum öllu sem kemur að bílum og umferð. Við gleymum gjarnan að gefa stefnuljós og mæla olíu og loft í dekkjum og þegar byrjar að rökkva

## DACIA DUSTER 2014

|          |           |
|----------|-----------|
| Lengd:   | 4.315 mm  |
| Hæð      | 1.695 mm  |
| Breidd:  | 1.822 mm  |
| Þyngd:   | 1.294 kg  |
| Verð frá | 3.990.000 |



Farangursrýmið er ekki mjög stórt en undir hleranum er varadekk í fullri stærð sem má fjarlægja ef mikið liggur við.

gleymist að kveikja ljósin. Bíll sem er ljóslaus að aftan er hættulegur öllum öðrum í umferðinni. Þetta á ekki bara við um þennan bíl því margir nýir bílar eru svona útbúnir, sem er að mínu mati mikil afturför í umferðaröryggi.

## Einn grænan, takk fyrir

Alls ók ég bílnum rétt tæpa 210 km og var meðalhraðinn 42,5 km á klukkustund. Samkvæmt aksturstölvunni var eyðslan hjá mér 6,1 lítri á hundraðið. Mestan tímann vorum við fjögur í bílnum og veðrið var mestan tímann rok og rigning. Ég var virkilega ánægður að nú er Dacia Duster kominn með hraðastilli og flautan er á sama stað og í flestum dráttarvélum (í ljósatakkkanum vinstra megin við stýrið).

Svo ánægður var ég með bílinn að ég vildi helst ekki skila honum, en konan vill græna litinn svo að hann var auðvitað pantaður hið snarasta, en boðið er upp á sjö liti á Dacia Duster.



Nýtt snoturt mælaborð með aksturstölvu sem gefur upplýsingar um sex aðskilda þætti.



Öviðunandi er að dagljósabúnaður í nýjum bílum kveiki ekki um leið afturljós til öryggis fyrir þá sem á eftir koma.



Lesendabás

# Erfðabreytt skepnufóður og matur – er það málið? – fyrsti hluti

Það eru u.þ.b. áratugur síðan erfðabreytt (GMO=genetically modified organism) matvæli fóru að koma á almennan matvörumarkað og sem fóður fyrir gæludýr og búfenað.

Undanfarið hefur verið tekist á um hvort merkja skuli þessar vörur sérstaklega – það hefur ekki verið gert hingað til – og hvort einhver ástæða sé til þess. Hvað er það við erfðabreyttar vörur sem fólk hræðist? Lítið hefur verið fjallað um þetta þrátt fyrir þá staðreynd að erfðabreytt matvæli séu á borðum flestra vestrænna heimila að staðaldrí, þó í fæstum tilfellum sé neytendunum kunnugt um að svo sé. Þannig hefur líka markaðssetningin farið fram.

### 90 daga löng fódurtílaun

Markaðssetning á erfðabreyttum matvælum byggir á einni 90 daga langri rannsókn á áhrifum slíks fóðurs á tílaunarottur. Hún var framkvæmd af eiturefna- og landbúnaðarlíftæknifyrirtækinu Monsanto, sem sjálft er stærsti framleiðandi erfðabreyttra lífvera í heiminum. Niðurstaða rannsóknarinnar var að sögn talsmanna fyrirtækisins, að engin hættu fylgdi neyslu slíkra matvæla og í framhaldinu setti það vörur sínar á markað.

Rannsóknir á afleiðingum erfðabreyttra matvæla eru mjög flæktar af þeirri staðreynd, að afar fáir sjálfstætt starfandi rannsakendur hafa yfirhöfuð haft tækifæri til að vinna þær, vegna strangrar einkaleyfisverndar eigenda erfðabreytta efnisins. Það gerir það að verkum að meirihluti þeirra rannsókna sem farið hafa fram hafa verið framkvæmdar af vísindamönnum ráðnum á vegum líftæknifyrirtækjanna sjálfra, þ.e. í vinnu hjá þeim.

Nú, rúnum áratug eftir að matvæli með erfðabreyttu efni komu á markað fyrir menn og skepnur, eru komnar fram niðurstöður rannsókna annarra aðila.

### Aðrar niðurstöður langtímarannsóknna

Hverri einastu rannsókn sem framkvæmd hefur verið af óháðum aðilum á áhrifum neyslu erfðabreyttrar fæðu ber saman í meginatriðum og stangast á við niðurstöður rannsókna Monsanto.

American Academy of Environmental Medicine hefur staðið að nokkrum dýratílaunum með fódurun á erfðabreyttu fóðri og telur sérstaklega upp ákveðna flokka sjúkdóma og heilsutengd vandamál sem fundist hafa:

- Ýmis vandamál tengd meltingarvegi
- Líffæraskemmdir
- Vandamál í ónæmiskerfi
- Frjósemisvandamál
- Blóðfitu(kólesteról)-vandamál
- Insúlínvandamál

Niðurstöður fleiri rannsókna óháðra aðila er hægt að skoða hér <http://media.mercola.com/assets/pdf/articles/Peer-reviewed-studies-on-GM-food-health-risks.pdf>

Árið 2012 birtust niðurstöður tveggja rannsókna. Önnur var úr 10 ára fódurtílaun á nokkrum mismunandi dýratílaunum, sem framkvæmd var í Noregi og birtist hjá [Forskning.no](http://Forskning.no) (vefmiðill sem fjallar um norskar og alþjóðlegar rannsóknir). Hún sýndi að



Séralini-rannsóknin sýndi m.a. gríðarmikinn æxlisvöxt, nýrna- og lífraskemmdir og ýmis önnur alvarleg heilsuvandamál hjá rottum fódruðum með erfðabreyttum maís og RoundUp.

erfðabreytt korn og afurðir úr því orsaka fitusöfnun og breyta virkni meltingarvegarins og aðallíffæra, s.s. lifrar, nýrna, briss og kynkirtla. Skepnur fódraðar á slíku korni átu meira, urðu feitari og áttu erfiðara með að melta eggjahvítu vegna breyttrar samsetningar örveruflóru í innflum þeirra. Þær þjáðust einnig af breytingum á ónæmiskerfi. Vangeta til að melta eggjahvítu er sérstakt áhyggjuefni – geti líkaminn ekki nýtt hana verður hann vanhæfur til að framleiða aminosýrur, sem eru nauðsynlegt uppbyggingarefni fyrir frumuvöxt og virkni.

### Rannsókn Séralinis

Hin rannsóknin var framkvæmd af Gilles-Eric Séralini, frönskum rannsóknarmanni og teymi hans. Hún er fyrsta rannsókn sem gerð hefur verið á afleiðingum fódrunar sem spannar allan líftíma ákv. dýrategundar (tílaunarotta). Rottur var fódraðar að hluta til með erfðabreyttu Roundup Ready maískorni (22% af fóðrinu var erfðabreytt NK603 maískorn sem er algengt í mat í Bandaríkjunum). Samkvæmt upplýsingum franska tímaritsins Le Nouvel Observateur var rannsóknin framkvæmd mjög leynilega til að koma í veg fyrir að hún yrði eyðilögð með skemmdarverkum!

Rannsóknin var sett upp alveg eins og 90 daga rannsóknin sem framkvæmd hafði verið 8 árum áður af fyrirtækinu Monsanto; sami fjöldi dýra var notaður, sama afbrigði af rottum, sama tegund fóðurs – það eina sem var öðruvísi var að tílaunin stóð allan líftíma dýranna í stað einungis 90 daga. Ritryndar niðurstöðurnar voru birtar í Elsevier's Food and Chemical Toxicology í september 20

Séralini-rannsóknin sýndi eitrun og ofnæmisvandamál, gríðarmikinn æxlisvöxt í mjólkurkirtlum (93% hjá kvendýrum), nýrna- og lífraskemmdir og ýmis önnur alvarleg heilsuvandamál. Rottur drápu fyrst og dánartíðni var hærri en í samanburðarhópnum. Niðurstöðurnar voru hormóna-tengdar og kynbundnar og heiladingullinn varð fyrir alvarlegum skaða. Jafnvægi hormónakerfisins umbreyttist við notkun erfðabreytts fóðurs og Roundup-illgresiseiturs sem notað er með erfðabreyttu fódurplöntunum. Nýrnabilun var afleiðingin. Skipti ekki máli hvort rottur voru fódraðar á erfðabreyttu fóðri með eða án illgresiseiturs.

Í tílauninni kom fram að sjúkleg einkenni fóru að birtast í kringum 13 mánaða aldur, þó að æxli og nýraskemmdir sæjust fyrr, allt niður í 4-7 mánaða dýr.

Rannsóknin sýndi líka að gen í erfðabreyttu fóðri geta ferðast gegnum vegg inni í blóðið (kom einnig fram í norsku rannsókninni). Slík gen hafa fundist í umtalsverðu magni í blóði fólks, vöðvavef og lifur. Óþekkt er hvaða líffræðilegu áhrif þessi genatílfærsla hefur, einnig á næstu kynslóðir manna. Sjá nánar í áhugaverðum heimildarmyndum: <http://farmwars.info/?p=12140> og <http://www.youtube.com/watch?v=eUD9rRSLY4A>

### Ófyrirséðar afleiðingar

Það er raunverulega ekki vítað hverjar afleiðingarnar verða á heilsu og líf fólks sem neytir slíkra matvæla, því við erum jú ekki rottur og því erfitt að yfirfæra niðurstöðurnar beint. Tílaunir á fólki eru í gangi um allan heim í dag, í því formi að erfðabreyttu hráefni er blandað í matvöru án þess að merkja hana og því veit fólk ekki að það er að neyta þess. Afleiðingarnar eru ófyrirséðar og geta enn tekið einhvern tíma að koma fram.

Það gæti þó gerst fyrr en okkur grunar og niðurstöður dýratílauna með fódurun á erfðabreyttu fóðri sýna nú þegar tengsl og ákveðna samsvörum við mynstur og þróun sjúkdóma hjá fólki.

Erfðabreytt Bt-korn inniheldur gen úr jarðvegsbakteríunni Bacillus thuringiensis sem framleiðir skordýraeitur sem ver plöntuna fyrir skordýrum. Í rannsókn sem framkvæmd var af læknum við Sherbrooke-háskólasjúkrahúsið í Quebec fannst Bt-eiturefni í blóði 93% ófrískra kvenna sem rannsakaðar voru, í 80% af naflastrengsblóði barna þeirra og hjá 67% kvenna sem ekki voru ófrískar. Fullyrðingar líftæknifyrirtækjanna um að þessi gen eyðileggist við meltingu standast ekki og genin virðast halda áfram að vinna við að stuðla að framleiðslu eiturefna, eftir að þau koma inn í líkama neytandans.

Niðurstöður þessara rannsókna er einhver sterkasta sönnun hingað til um að fara verður með fullri gát við neyslu erfðabreyttrar fæðu, þar sem ekki liggja fyrir óyggjandi sannanir um öryggi hennar. Neytendur eiga vissulega að njóta vafans en ekki fyrirtækin. Erfðatekni er vísindi á byrjunarstigi og þó vísindamenn viti eitthvað, þá vita þeir ekki allt! Ýmislegt virðist vera að koma í ljós með langtímanotkun sem ekki kom fram strax. Mikið lengri tíma þarf því að taka í að rannsaka afleiðingar fódrunar með erfðabreyttu fóðri á lifandi dýr, fleiri kynslóðir dýra og á umhverfið, en hingað til hafa verið framkvæmdar – það þarf áratuga rannsóknarvinnu óháðra aðila.

Sigríður Ævars

Slow Food-samtökin og Samtök lífrænna neytenda:

# Ákall til bænda!

Seint í haust 2012 hvarf lífræna mjólkinn úr hillum verslana. Skoðun leiddi í ljós að af fjórum bændum sem sendu á markað lífrænt vottaða mjólk, hafði einn misst vottunina. Þar af leiðandi var forgangsmál að afgreiða mjólkina til Bióbús sem hefur verið með framleiðslu á mjólkurvörum, þannig að rekstur fyrirtækisins væri tryggður. Sá bóndi sem missti vottunina ákvað svo af persónulegum ástæðum að hætta mjólkurframleiðslu. Nú er viðvarandi skortur á lífrænni mjólk og hún ófáanleg.

Eins og Ólafur Dýrmundsson, ráðunautur há Bænda-samtökunum, tók fram í grein sem birtist í Bændablaðinu 9. janúar sl. er stöðugur markaður fyrir þessa mjólk, líklega álíka stór og markaðurinn fyrir laktósafría mjólk og kaupendur eru fleiri en eingöngu neytendur sem kjósa lífrænt af hugsjón. Hvatt er til aukinnar mjólkurframleiðslu um þessar mundir til að geta aukið útflutning á skyri til Bandaríkjanna, framleitt sérmjólkurvörur (eins og laktósafría mjólk), og smjör fyrir neytendur sem hafa kosið lágkoltvetnamegrunarkúr. Ekki eitt orð heyrst frá mjólkurframleiðendum til að hvetja til framleiðslu á lífrænni mjólk.

Margir neytendur á Íslandi hafa kosið lífrænar afurðir í kjölfar hneyksla um framleiðslu matvæla, eða af hugsjón og virðingu fyrir umhverfinu, og heilsu og velferð dýra og manna. Þetta er langt frá því að vera fyrirbæri einangrað við Ísland og í löndum Evrópu sem og í Bandaríkjunum og Kanada, er neysla lífrænna afurða



Dominique Plédel Jónsson

að stórukaust. Hér heima gildir það sama en hingað til hafa einungis framleiðendur erlendis notið góðs af: framleiðslan á Íslandi, sem væri auðveldast

að breyta í lífræna framleiðslu, breytist ekkert. Einhverjir fáir kennarar í LBHÍ hafa verið með háværan áróður á móti lífrænni ræktun en eins og í mörgu hafa neytendur ekki fylgt þeim að máli – en afleiðingin er að ekki eru kenndar aðferðir um lífræna ræktun nema í ylrækt og aðlögunarsjóðurinn sem á að nota til að hvetja bændur í að taka þær aðferðir upp er tómur.

